FRÉTTABLAÐIÐ

188. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST 2020



Lítil von á götunni

Emilie Jacob og Alma Lind hafa búið á götunni í þrjú ár. Þær eru fíklar og segja niðurlægingu og fordóma fylgja slíku lífi. Þær eru líka mæður sem elska börn sín sem sett voru í fóstur og vita að þau eru betur sett þar. Tímabundið búsetuúrræði Reykjavíkurborgar hefur kveikt von í brjósti þeirra og annarra kvenna sem þar búa. →22

Það er enginn öskrandi og grátandi úti á götu vegna þess að ekkert gerðist. Hvorki heimilislausir né aðrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Manni var stýrt af skömm

Kristján Hrannar upplifði andlegt ofbeldi á skólaárum sínum í Landakotsskóla. → 24



Kaffi skaðlegt á meðgöngu

Niðurstöður dr. Jack James, prófessors við Háskólann í Reykjavík, vekja heimsathygli → 28




Eining en ekki sundrung

Pálína Jónsdóttir og Ewa Marcinek veita fjölþjóðlegum sviðslistamönnum tækifæri. → 18



Veður



Sunnan 3-8 síðdegis, skýjað að mestu og úrkomulítið, en dálítil rigning suðvestanlands í kvöld. Hiti 8 til 16 stig að deginum, hlýjast á SA-landi. SJÁ SÍÐU 38



Reimar Pétursson lögmaður.

Ráðstafanir brjóti gegn stjórnarskrá

SKOÐUN „Stjórnvöld hafa upp á síðkastið með nokkrum pennastrikum sett reglur sem gjörbreyta samfélagsgerðinni. Reglurnar benda til að vilji þeirra standi til þess að skapa lokað en veirulaust land með víðtækum hömlum á atvinnufrelsi þeirra fjölmörgu sem stunda ferðaþjónustu sem og annarra.“ Svo hefst grein Reimars Péturssonar lögmanns sem birtist á vef Fréttablaðsins í morgun.

Í greininni segir Reimar landið hafa verið rekið án tillits til stjórnarskrár og laga um margra mánaða skeið og að þær ráðstafanir sem gripið hafi verið til hafi staðið yfir of lengi.

Grein Reimars má lesa í heild á frettabladid.is/skodun. – atv

Fleirum sagt upp hjá ISAVIA

ATVINNUMÁL Í gær var 133 starfsmönnum sagt upp störfum hjá móðurfélagi Isavia sem hluti af hagræðingaraðgerðum vegna áhrifa COVID-19. Var tólf til viðbótar boðið að lækka starfshlutfall sitt.

Áður hafði 101 starfsmanni verið sagt upp í mars síðastliðnum. Hefur stöðugildum hjá móðurfélagi Isavia nú fækkað um 40 prósent frá því að heimsfaraldurinn hófst. – ab

„En að lifa í friði langar jú alla til, ekki satt?“



Ekki er vafi á að margir bíða í ofvæni eftir sýningum Þjóðleikhússins á Kardemommubænum, en nýlegar tilslakanir sóttvarna gera mögulegt að hefja æfingar á þessu kunna verki Thorbjörns Egner. Verkið var fyrst sýnt í leikhúsinu árið 1960 og er þetta í sjötta sinn sem verkið er sett á fjalirnar þar. Yfirskrift myndarinnar hér að ofan er tilvitnun í fleyg orð úr Vísum Bastíans bæjarfógeta í Kardemommubæ. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Miðinn var keyptur á Ísafirði.

Vann tæpar 100 milljónir króna

SAMFÉLAG Íslendingur vann 95,6 milljónir króna í kvöld þegar hann hlaut annan vinning í Eurojackpot. Sjö miðahafar skiptu heildarvinningnum á milli sín og voru hinir miðarnir keyptir í Litháen, tveir í Finnlandi og þrír í Þýskalandi

Samkvæmt Íslenskri getspá var íslenski miðinn keyptur hjá N1 á Ísafirði. Er þetta í fjórða sinn á innan við tveimur árum sem annar vinningur í EuroJackpot kemur til Íslands. – ab



Ýmsir gripir leyndust í gömlum ruslahaug

Fornleifauppgröftur hefur staðið yfir á gömlum ruslahaug í Hljómskálagarðinum. Fundist hafa ýmsir fornir gripir, svo sem málmar og gler en einnig tindáti og kaffikanna. Verkefnið snýr að ruslavenjum og -menningu Íslendinga.

FORNLEIFAR „Þetta er hluti af rannsóknarverkefni sem ég stend fyrir og er unnið í Háskóla Íslands,“ segir Ágústa Edwald Maxwell fornleifafræðingur um fornleifauppgröft sem staðið hefur yfir í Hljómskálagarðinum í Reykjavík.

„Verkefnið snýst um að skoða ruslavenjur, ruslamenningu og endurvinnslu frá 19. öld fram á 20. öld,“ segir Ágústa, sem hefur ásamt nemendum við háskólann grafið upp elsta ruslahaug borgarinnar. Haugurinn var í notkun á árunum 1905–1930 og hefur uppgröfturinn, sem tók um tíu daga, farið fram syðst og vestast í Hljómskálagarðinum.

„Við höfum fundið mikið af járnbrotum, sem líklega eru úr niðursuðudósum og ílátum, og mjög mikið af gleri, sem er þá umbúðir og flöskur en líka glös og svoleiðis,“ segir Ágústa og bætir við að einnig hafi fundist talsvert af rafmagnstengdum hlutum. „Þetta eru hlutir frá svona 1920. Öryggi og perustæði, til dæmis.“

Þá segir hún greinilegt að hinum ýmsu hlutum hafi verið hent á þessum árum líkt og nú og nefnir dæmi um að fundist hafi tindáti, kaffikanna, bollar, diskar og búkur af lítilli dúkku. „Þó að hlutum sé hent þá hverfa þeir aldrei, þeir eru alltaf einhvers staðar,“ segir Ágústa.

Ruslið sem fundist hefur í haugnum í Hljómskálagarðinum verður borið saman við rusl sem fundist hefur í öðrum öskuhaugum, til að mynda í Kvosinni, miðbænum og víðs vegar í borginni. „Við skoðum hvernig samsetning ruslsins breytist frá 19. öld og fram á þá 20., sérstaklega þegar fólk fer að bera minni ábyrgð á ruslinu sínu sjálft þegar ábyrgðin flyst yfir til borgarinnar,“ segir Ágústa og vísar til þess að um árið 1905 hafi borgin farið að sjá um að safna rusli frá heimilum.

„Um þetta leyti var fólki bannað að henda rusli hvar sem er og átti að vera með það í ruslatunnum eins og við þekkjum í dag. Öskukarlar tóku ruslið og fóru með það á hauginn og þessi er einn sá elsti. Svo varð ruslið í rauninni uppfylling í mýrina hérna við Tjörnina,“ útskýrir Ágústa.

Aðspurð um framhaldið segir Ágústa að nú sé unnið að því að hreinsa þá gripi sem fundist hafa við uppgröftinn og bætir við að áhugavert gæti verið að lengja tímalínuna. „Það gæti verið gaman að fá jafnvel enn nýrra safn og teygja tímalínuna frá kannski 1930 til 1960 af því að maður veit að þegar plastið fer að koma þá breytist margt.“



Ágústa Edwald Maxwell og Katrín Georgsdóttir nemi hreinsa jarðveg af brotum sem komu í ljós við uppgröftinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þó að hlutum sé hent þá hverfa þeir aldrei, þeir eru alltaf einhvers staðar.
>
> Ágústa Edwald Maxwell, fornleifafræðingur

birnadrofn@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

íslenska

TOYOTA C-HR HYBRID

FER ÞÉR VEL



Verð frá: 5.490.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600


Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 23.08.2020 TIL 29.08.2020

10,7 milljarðar króna er umfang gjaldeyrissölu Seðlabankans í vikunni sem leið.




76 eru stöðugildin sem enn er óráðið í hjá leikskólum Reykjavíkurborgar.

655 krónur kostar hver skólamáltíð á Seltjarnarnesi.

26,6 prósenta aukning var í áfengissölu ÁTVR í júlí á milli ára.



11,9 prósentum færri hjartaþræðingar voru gerðar á Landspítalanum fyrstu sex mánuði ársins.



Þrjú í fréttum
Forstöðukona, forseti og bóksali

Hrefna Þórarinsdóttir,
forstöðukona Hinsegin félagsmiðstöðvar



opnaði félagsmiðstöðina á ný eftir sumarfrí á þriðjudag. „Á fyrstu opnun þessa skólaárs mættu 111 krakkar og mikil gleði, uppsöfnuð orka og væntumþykja sprakk hreinlega út. Þetta er því komið svolítið langa leið á þessum fjórum árum," segir Hrefna. Krakkar séu mun opnari með kynhneigð sína og komi þau út úr skápnum sé næsta spurning hvað sé í hádegismatinn eða hvort viðkomandi hafi séð nýjustu myndina á Netflix.

Alexander Lúkasjenkó,
forseti Hvíta-Rússlands



er farinn að láta sjá sig með vélbyssu á almannafæri. Lúkasjenkó sást stíga út úr þyrlu á mánudag með Kalishnikov-riffil. Væru þetta skilaboð frá forsetanum um að hann myndi ekki víla fyrir sér að beita hörðu ofbeldi gegn þeim sem kalla eftir afsögn hans.

Óttarr Proppé,
verslunarstjóri Bóksölu stúdenta



segir bóksölu fara nokkuð vel af stað nú í upphafi annar en nám í háskólum landsins er að hefjast um þessar mundir þrátt fyrir fjölda- og fjarlægðartakmarkanir vegna kórónaveirunnar. „Við finnum samt breytingu á því að nemendur eru minna í húsi en í venjulegu ári. Nemendur skila sér á öðrum tímum en venjulega og vefverslun á boksala.is er sennilega þreföld miðað við fyrri ár."

Vilja fylgja í spor Akureyrar

Sveitarfélögin Hornafjörður og Vestmannaeyjar vilja fara sömu leið og Akureyrarbær og skila rekstri hjúkrunarheimila til ríkisins. Sveitarfélögin hafa greitt háar fjárhæðir með rekstrinum á síðustu árum.


HEILBRIGÐISMÁL Eftir að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ákvað að ríkið myndi taka yfir rekstur hjúkrunarheimila á Akureyri, sjá önnur sveitarfélög fyrir sér að fara sömu leið. Bæjarstjórar Akureyrar, Hornafjarðar og Vestmannaeyja funduðu nýlega, en þessi sveitarfélög hafa nú þegar sagt upp þjónustusamningum.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar, segir borðleggjandi að ríkið taki yfir rekstur hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs í ljósi þess að ákveðið hafi verið að taka yfir rekstur hjúkrunarheimilanna á Akureyri um miðjan mánuðinn. „Þetta er fordæmisgefandi," segir hún, en Heilbrigðisstofnun Norðurlands mun taka yfir Hlíð og Lögmannshlíð um áramót.

Þjónustusamningi Hornafjarðar og Sjúkratrygginga Íslands um rekstur Skjólgarðs var sagt upp í júní og rennur hann út í byrjun febrúar. Matthildur segir að ráðuneytið muni ekki svara fyrr en tillögur starfshóps liggja fyrir í nóvember, en ekkert samtal um áframhaldandi rekstur sveitarfélagsins sé í gangi. En ákvörðunin í júní var tekin með trega því vilji var til að halda rekstrinum áfram. Líkt og hjá mörgum öðrum sveitarfélögum hafi reksturinn þó verið þungur og daggjöld ríkisins ekki staðið undir honum.

„Hallarekstur þessa árs er kominn í 55 milljónir króna," segir Matthildur. „Fyrir sveitarfélag í þessari stærð er ekki hægt að afsaka það. Sérstaklega vegna þess að þetta er verkefni ríkisins samkvæmt lögum."

Til stendur að byggja nýtt hjúkrunarheimili á Hornafirði til þess að uppfylla skilyrði um aðbúnað, á þeim stað sem Skjólgarður er núna. Matthildur segir uppbygginguna alveg óháða því hver mun á endanum sjá um reksturinn. „Í nýjum samningum hefur ríkið sett þær kröfur að sveitarfélögin reki ný hjúkrunarheimili sem byggð eru, en það var ekki þannig þegar við gerðum samning."



Ráðherra ákvað að ríkið tæki við rekstri hjúkrunarheimila á Akureyri frá og með áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við erum búin að vera að bíða eftir lausn í mörg ár og greitt mörg hundruð milljónir með rekstri Hraunbúða.**
>
> Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja, hefur óskað eftir fundi með Sjúkratryggingum en samningar fyrir rekstur hjúkrunarheimilisins Hraunbúða rennur út um áramót.

„Það vantar kostnaðargreiningu á kröfulýsingunni og þeirri þjónustu sem við erum að veita. Þess vegna er þessi munur á þeim greiðslum sem við fáum og því sem við þurfum til að geta staðið undir rekstrinum," segir Íris. „Faghópur sem ráðherra skipaði er að vinna greiningu á þessu núna og í framhaldinu mun ríkið væntanlega fara í stefnumótun í málaflokknum, sem hefur vantað."

Rétt eins og á Hornafirði hefur Vestmannaeyjabær greitt mikið með rekstrinum. „Við reiknum með að greiða á bilinu 105 til 110 milljónir með rekstrinum á þessu ári sem er algerlega óviðunandi. Við erum búin að vera að bíða eftir lausn í mörg ár og greitt mörg hundruð milljónir með rekstri Hraunbúða."

Fjarðabyggð er annað sveitarfélag í svipaðri stöðu en samningum þar hefur ekki verið sagt upp. Sveitarfélagið sendi nýlega reikning á ríkið vegna áfallins taprekstrar hjúkrunarheimilanna Uppsala og Hulduhlíðar.

„Við fólum bæjarstjóra að ganga frá bréfi vegna alvarlegs rekstrarvanda hjúkrunarheimilanna með kröfugerð frá sveitarfélaginu vegna rekstrarvanda. Þetta fól ekki í sér ákvörðun um að við myndum segja upp samningunum en sú umræða mun fara fram í september," segir Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs. „Við erum að greiða tugi milljóna með heimilunum á ári."

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI Jeep

RAM

FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



AUKIN LÍFSGÆÐI - lengra líf

Við þökkum öllum þeim sem sóttu um í styrktarsjóði Lyfju árið 2020.

Sýn Lyfju er að lengja líf og auka lífsgæði. Með það að leiðarljósi veitir fyrirtækið styrki til verkefna á vegum félagasamtaka sem teljast heilsueflandi og/eða hafa forvarnargildi.

EFTIRTALDIR FENGU STYRK ÁRIÐ 2020

Minningar- og styrktarsjóðurinn Örninn
Samhjálp
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
Ungar athafnakonur
Píeta samtökin
Hjartavernd
Hjartaheill og SÍBS
Rauði krossinn
Vímulaus æska
Íþróttamiðstöð fatlaðra
Hugarafl

Lyfja.is/styrkir

LYFJA

Æskulýðs-sjóður

Umsóknarfrestur er **15. október 2020**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Æskulýðssjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki tvisvar sinnum á ári, 15. október og 15. febrúar.

Að þessu sinni verður verður lögð áhersla á að styðja verkefni sem stuðla að nýsköpun í æskulýðsstarfi.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á:
www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 15. október.

Nánari upplýsingar veitir Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 699 2522.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Sumt er alveg óbolandi!

Eins og að farsímaáskrift sé ekki með í heimapakka

Vertu með AlltSaman hjá Nova!
Eitt verð fyrir ótakmarkað net heima, í farsímann, snjalltækin og úrið fyrir alla á heimilinu.

Prófaðu frítt í mánuð



nova.is/AlltSaman

NOVA

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Framfærslustyrkur til einstaklings er 55 þúsund krónum lægri í Reykjanesbæ en Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Prestar styrkja ekki lengur skólamáltíðir

Prestar á Suðurnesjum hvetja sveitarfélögin á svæðinu til að hækka framfærslustyrki sem eru mun lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Hætta þarf að styrkja skólamáltíðir en tómstundastarf verði enn styrkt fyrir þá verst settu.

SUÐURNES Prestar í þremur prestaköllum á Suðurnesjum hvetja sveitarfélög á svæðinu til þess að hækka framfærslustyrki. Fjölgað hafi í hópi þeirra sem sækja um aðstoð til kirkjunnar og búist við því að það aukist enn frekar í haust þegar uppsagnarfresti margra lýkur. Segja þeir það ekki hlutverk kirkjunnar að létta ábyrgð sveitarfélaga af framfærslu fólks.

Baldur Rafn Sigurðsson, sóknarprestur í Njarðvík, segir ásókn fólks í aðstoð kirkjunnar hafa aukist töluvert, sérstaklega innan Keflavíkur. Hafi því prestaköllin ákveðið að fara í nánara samstarf til að dreifa álaginu og fengið auka starfsmann einu sinni í mánuði frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Mestur stuðningurinn eru kort í Bónus eða debetkort sem Hjálparstarfið úthlutar. En kirkjurnar eru einnig í samstarfi við Rauða krossinn um fataúthlutanir.

Meðal þess sem kirkjan hefur hlaupið undir bagga með hjá fólki í neyð eru skólamáltíðir barna. En nú er svo komið að ekki verður unnt að halda því áfram. Hver skólamáltíð á Suðurnesjum kostar á bilinu 310 til 413 krónur sé fólk í áskrift. „Töluverðir peningar fóru í þetta og við lögðum til við sveitarfélögin að þau

> **Við höfum því reynt að halda okkur við grunnþarfirnar. En við tókum þá ákvörðun að halda áfram að styðja börn þeirra verst settu til íþrótta- eða tómstundastarfs.**



Baldur Rafn Sigurðsson, sóknarprestur í Njarðvík

tækju þetta yfir," segir Baldur.

Samkvæmt Baldri hefur innstreymið dregist saman í bæði Velferðarsjóði Suðurnesja í Keflavík og Líknar- og hjálparsjóði Njarðvíkurkirkna. „Við höfum því reynt að halda okkur við grunnþarfirnar. En við tókum þá ákvörðun að halda áfram að styðja börn þeirra verst settu til íþrótta- eða tómstundastarfs," segir hann. Ásamt aukinni ásókn í stuðning við matarkaup skortir marga einnig lyf.

Framfærslustyrkir eru mun lægri á Suðurnesjum en til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjanesbæ getur styrkur verið allt að 153 þúsund krónum á mánuði til einstaklinga og 244 þúsund til sambúðarfólks. Í Suðurnesjabæ eru upphæðirnar 167 og 273 þúsund. Til samanburðar geta einstaklingar fengið 208 þúsund krónur á mánuði í Reykjavík og sambúðarfólk 332 þúsund og í Kópavogi eru upphæðirnar 192 og 307 þúsund. Er því um að ræða tugþúsunda króna mun.

Baldur segist heyra það frá sveitarstjórnum að verið sé að reyna að vinna í þessum málum. En svæðið hefur vissulega sérstöðu. Bæði er atvinnuleysi þar langhæst, nálægt 20 prósentum í ágúst, en einnig er þar mikill fjöldi hælisleitenda. Reykjanesbær hafi samning við Útlendingastofnun en hælisleitendur séu í auknum mæli farnir að leita eftir aðstoð hjá kirkjunni. „Stór hluti af þeim sem koma til okkar eru hælisleitendur, til dæmis kom stór hópur frá Venesúela eftir áramótin, en sumir hafa búið hér í tvö eða þrjú ár," segir Baldur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Útivakt og foreldrarölt eflt í Kópavogi

KÓPAVOGUR Kópavogsbær hefur gripið til aðgerða vegna mikillar óæskilegrar hópamyndunar á grunnskólalóð. En eins og greint var frá í fréttum um miðjan ágúst voru hátt í 200 ungmenni saman komin á lóð Hörðuvallaskóla í Kórahverfi. Var bílum keyrt inn á lóðina, læti mikil og þurfti lögreglan að hafa afskipti af ungmennum, sem sum hver voru vopnuð kylfum.

Sigríður Björg Tómasdóttir, almannatengill Kópavogsbæjar, segir aðgerðirnar tilkomnar vegna atviksins í Hörðuvallaskóla, og það sé enn sem komið er bundið við hann þó að ungmennin séu ekki endilega öll nemendur þar.

„Bænum er umhugað um öryggi



Vespumenning og sprengingar hafa verið til umræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

barna og ungmenna og því var gripið til aðgerða í kjölfar hópamyndunar um miðjan ágúst. Þess má geta að við höldum úti reglulegum útivöktum félagsmiðstöðva til þess að fylgjast með og sporna við óæskilegri hópamyndun. Þetta er gert í góðu samstarfi við foreldraröltið og skólana," segir Sigríður.

Voru læti og fyrirgangur mikill og ljóst að þessi hópamyndun samrýmist ekki sóttvarnasjónarmiðum. „Enginn slasaðist en þarna var kominn saman allt of mikill fjöldi," segir hún.

Vespumenning unglinga hefur líka verið til umræðu í hverfinu, bæði á lóð Hörðuvallaskóla, leikskóla og annars staðar. Að unglingar keyri of hratt, hjálmlaus og óvarlega. Einnig að þeir valdi íbúum hverfisins ónæði með því að sprengja hvellhettur á öllum tímum. **– khg**

Njótum haustsins!

FERSK SENDING AF LITRÍKU HAUSTLYNGI

HAUSTPLÖNTUTILBOÐ

3STK ERICUR/CALLUNUR 1.280KR
RISA KRYSI 1.990KR
VÍRKAMBUR 580KR





OPIÐ 10-21
ALLA DAGA

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VINNUMÁLA STOFNUN

Samfélagsfræðsla
fyrir flóttamenn á vegum Vinnumálastofnunar

Vinnumálastofnun gengst fyrir verðkönnun í hönnun og gerð vefsíðu fyrir samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn.

Þeir aðilar sem áhuga hafa á gerð vefsíðunnar eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið flottamenn@vmst.is.

Fyrirspurnarfrestur er til kl.13.00 þann **11. september** næstkomandi.

Kynningar-fjarfundur um nýtt hverfisskipulag fyrir Breiðholt 31. ágúst nk. klukkan 19.30-21.00.

Gerð hverfisskipulags fyrir Breiðholt er á lokametrunum og af því tilefni bjóðum við til kynningar-fjarfundar. Þar mun starfsfólk borgarinnar og skipulagsráðgjafar segja frá hugmyndum um uppbyggingu í hverfunum og hvernig hverfisskipulagið mun geta haft áhrif á þróun þeirra til framtíðar.

Allar upplýsingar um streymið og hvernig hægt verður að koma spurningum á fundinn eru á hverfisskipulag.is.

Hverfisskipulag Reykjavík
Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið





Mótmælandi fyrir utan ráðhús Kenosha í Wisconsin. MYND/EPA

Svört líf áfram í brennidepli

Mótmæli hafa staðið yfir alla vikuna eftir að svartur maður var skotinn sjö sinnum af lögreglu. Hefur málið sett málefni svartra enn frekar á oddinn.

BANDARÍKIN „Af hverju skutu þeir mig svona oft?“ spurði Jacob Blake föður sinn þegar hann vaknaði á sjúkrahúsi í Wauwatosa í Wisconsin í gær eftir að hafa verið skotinn sjö sinnum af lögreglu í Kenosha á sunnudag. „Elsku barn, þeir áttu aldrei að skjóta þig,“ hefur CNN eftir föður Blake.

Mál Blake hefur sett réttindi svartra aftur í sviðsljósið í Bandaríkjunum. Mál George Floyd í maí og mótmælin í kjölfarið, kennd við Svört líf skipta máli, hafa breiðst út um allan heim í sumar. Vonir voru bundnar við að búið væri að ná varanlegum árangri í að stöðva óréttlæti í garð svartra borgara og þá sérstaklega ofbeldi af hálfu lögreglu.

Blake, sem er 29 ára gamall svartur maður, er lamaður fyrir neðan mitti. Samkvæmt lögreglu voru lögregluþjónarnir að svara útkalli frá konu, sem ekki hefur verið nafngreind, sem sagði að Blake ætti ekki að vera á staðnum. Lögregluþjónar mættu á staðinn fimm mínútum eftir útkallið og reyndu að handtaka Blake. Hann hélt á hníf og var á leið inn í bíl sinn þar sem þrjú börn hans sátu. Að sögn lögreglu tókst ekki að yfirbuga hann öðruvísi en að skjóta hann.

Einn lögreglumaður skaut öllum skotunum, Rusten Sheskey, en hann er hvítur. Sheskey og annar lögreglumaður eru nú í leyfi. Atvikið náðist á myndband, þar sést lögreglumaður kalla að Blake að „sleppa hnífnum“ áður en hann skaut.

Andrew Yang, fyrrverandi forsetaframbjóðandi demókrata, ræddi við föður Blake, sem sagðist vera reiður yfir að sonur sinn væri handjárnaður við sjúkrarúmið. Tony Evers, ríkisstjóri Wisconsin, sagði við blaðamenn að hann gæti ekki ímyndað sér hvers vegna það væri nauðsynlegt. Lögregla sagði í svari til BBC að handjárnin væru stefna þar sem Blake hefði verið eftirlýstur.

Mikil mótmæli brutust út í Kenosha á mánudaginn og héldu þau áfram út vikuna. Á miðvikudaginn var hinn 17 ára gamli Kyle Rittenhouse handtekinn fyrir að skjóta tvo mótmælendur til bana. Rittenhouse er nú í haldi í Illinois. Donald Trump Bandaríkjaforseti sendi sama dag þjóðvarðlið til borgarinnar. Fjölskylda Blake hefur rætt við Joe Biden, forsetaefni demókrata, en sögðu að enginn frá Hvíta húsinu hefði haft samband við þau.

Þúsundir mótmælenda komu saman í Washington D.C. í gær þar sem bæði mál Blake og dauði Floyd voru í fyrirrúmi. Kamala Harris, varaforsetaefni demókrata, ávarpaði mótmælendur með fjarfundarbúnaði og kallaði eftir breytingum á viðhorfum í garð svartra.

arib@frettabladid.is

» Samkvæmt lögreglu var Blake vopnaður hníf þegar hann var skotinn.

„Margt smátt gerir eitt stórt“

REYKJAVÍK Launakostnaður Orkuveitu Reykjavíkur hækkar um fimmtán prósent milli ára samkvæmt hálfsársuppgjöri samstæðunnar. Laun og launatengd gjöld voru 3,4 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins í fyrra, en í ár var upphæðin 3,9 milljarðar króna.


Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaskrifstofu OR eru nokkrar skýringar á hækkuninni. Stærsti liðurinn eru kjarasamningar og afturvirkar launahækkanir þeim tengdum. Þá hafa starfsmenn síður farið í orlof á þessu ári. Launakostnaður hækkaði einnig vegna tímabundinnar fjölgunar starfsmanna vegna COVID-19 faraldursins sem og sumarstarfsfólki. Eru vonir bundnar við að þetta jafni sig út og að hluti gangi til baka.

Eyþór Arnalds, stjórnarmaður í Orkuveitunni, segir þetta enn eitt dæmið um stækkandi bákn Reykjavíkurborgar, en OR er að mestu leyti í eigu borgarinnar. „Margt smátt gerir eitt stórt. Þessi hækkun er langt umfram almennt verðlag,“ segir Eyþór. **– ab**

» Launakostnaður OR-samstæðunnar hækkaði um 15 prósent milli ára.

Nýr Volkswagen Golf
Frumsýning

Opið í dag milli 12 og 16



Veldu þinn uppáhalds Golf á
www.hekla.is/volkswagensalur

Áttunda kynslóð Volkswagen Golf er mætt

Saga Volkswagen Golf hófst árið 1974 og hefur saga hans snert æði marga allar götur síðar. Nú frumsýnum við áttundu kynslóð Golf. Ferskari en nokkrum sinnum fyrr og til í fjörið - með þér! Á sama tíma hefjum við forsölu á nýja tengiltvinnbílnum Golf eHybrid sem er ný útgáfa af umhverfisvænum og rafmögnuðum Golf. Komdu í heimsókn og prófaðu!

Við biðjum gesti að aðstoða okkur í að gæta sóttvarnareglna og virða 2 metra bilið á milli gesta.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

ÁSTAND HEIMSINS



Vegfarendur í Shinjuku-hverfi í Tókió fylgjast með Shinzo Abe tilkynna um uppsögn sína sem forsætisráðherra Japan. Abe átti eitt ár eftir af kjörtímabili sínu en að sögn hans er ástæða uppsagnarinnar langvarandi heilsuvandi.



Fangar stunda jóga í endurhæfingarskyni í Ratchaburi-fangelsinu í Taílandi.



Kirkjugarður á floti eftir monsúnregn í borginni Karachi í Pakistan. Stjórnvöld lýstu yfir neyðarástandi eftir að flóð í kjölfar regnsins ollu rafmagnsleysi og umferðarteppum. Minnst 23 hafa látið lífið vegna veðursins.



Ungar pöndur leysa úr pandamálum sínum í Berlínardýragarðinum í Þýskalandi. Ungarnir, sem fagna eins árs afmæli um mánaðamótin, eru afkvæmi risapandanna Meng Meng og Jiao Qing, sem eru að láni frá Kína til 15 ára.




Pallbíll keyrir undir rafmagnslínur í Louisiana-ríki sem steyptust næstum um koll í fellibylnum Láru. Að minnsta kosti sex létu lífið í fellibylnum, sem skilur eftir sig gífurlegan skaða. MYNDIR/EPA

GÓÐAR BÆKUR, BETRI STUNDIR!




Bekkurinn minn: Prumpusamloka
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.499.-




Bekkurinn minn: Geggjað ósanngjarnt!
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.499.-




Harry Potter og leyniklefinn
Verð: 4.499.-



Saga guðanna
TILBOÐSVERÐ: 7.599.-
Verð: 9.699.-




Fegurðin er ekki skraut
Verð: 5.999.-




Óðal óttans
Verð: 3.699.-




Þín eigin saga: Knúsípons
Verð: 2.699.-



Þín eigin saga: Risaeðlur
Verð: 2.699.-



Tíbrá
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-



Stormboði
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 31. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Verðirnir



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Undanfarið hefur verið fjallað nokkuð um deilur og átök innan embættis lögreglunnar á Suðurnesjum. Ásakanir um undirmál, einelti, frændhygli í ráðningum og að fólki sé bolað úr starfi eru meðal þess sem þar gengur á milli starfsmanna. Hvað sem er rétt í því eru þessar ásakanir vísbending um að ekki sé allt með felldu innan embættisins. Langvarandi veikindaleyfi lykilstarfsmanna við embættið styðja einnig þá ályktun.

Í sömu átt bendir inngrip dómsmálaráðherra, þegar lögreglustjórinn á Suðurnesjum var færður frá embættinu og komið í nýtt starf í ráðuneytinu í málefnum landamæra almennt, sem í augnablikinu að minnsta kosti eru öll nær lokuð.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem upp koma mál innan lögreglunnar af þessu tagi. Sami dómsmálaráðherra lét til sín taka nýlega þegar þáverandi ríkislögreglustjóra var gert að láta af störfum, gegn ríkulegum starfslokagreiðslum. Það var í kjölfar langvarandi ósættis, flokkadrátta og ásakana um að menn hafi notið tengsla í samningum sínum við embættið.

Þá er ekki langt síðan illdeilur loguðu innan embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sumpart sömu persónur og leikendur komu við sögu og nýlega suður með sjó.

Skýringarnar á þessum væringum innan lögreglunnar eru sjálfsagt fjölmargar. Svo tekið sé dæmi af þessu nýjasta máli hafa fjölmiðlar ítrekað reynt að grafast fyrir um hvernig nákvæmlega í málinu liggur. Þar hafa menn komið að lokuðum dyrum og því svarað með að ekki sé heimilt að lýsa persónulegum málefnum starfsmanna.

Á vef lögreglunnar lýsir hún hlutverki sínu. Gætt skuli almannaöryggis, tryggja réttaröryggi, halda uppi almannafriði og allsherjarreglu. Jafnframt að sýna skuli árvekni í starfi og þekkja góð skil á skyldum og ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skuli að samviskusemi, hlutlægni, réttsýni og hófsemi. Að lokum segir að starfsmenn lögreglu geti því aðeins vænst trausts og virðingar vegna starfa sinna, að þeir gegni hlutverki sínu með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttsýni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og þekkingu.

Þarna er raðað saman orðum sem lögreglan sjálf telur hafa þýðingu. En svo virðist að frjálslega sé gengið um merkingu þeirra. Um það vitna þær deilur sem ítrekað virðast blossa upp innan lögreglunnar.


Deilurnar eru ekki prívatmál lögreglu eða yfirvalda. Þær koma okkur öllum við, því almenningur á mikið undir að starf lögreglu sé rækt í anda þessara orða. Hinum almenna lögreglumanni sem starfa þarf við þær aðstæður að yfirmenn séu í sífelldum átökum er ekki gert auðvelt að sinna sínum verkum í þessum anda. Einnig má spyrja hvernig á því standi að þeir sem gæta eiga þess að allt sé í röð og reglu í samfélaginu, haldist ekki betur á eigin málum en raun ber vitni.

Hver á að gæta varðanna?

Deilurnar eru ekki prívatmál lögreglu eða yfirvalda. Þær koma okkur öllum við



Gunnar



Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



Eldfimur veruleiki

Ég sit hér við tölvuna mína og velti fyrir mér hinum nýja veruleika sem líf mitt er. Liðnir eru dagarnir þar sem ég gekk frjálslega um heimilið mitt. Fjórir karlmenn sitja á við og dreif um húsið með fjórar vefmyndavélar í gangi liðlangan daginn. Ef ég stíg út fyrir skrifstofurýmið mitt þarf ég að hugsa mig tvisvar um hvaða leið skal velja. Fyrst eftir að skóli strákanna byrjaði með vefkennslu átti ég það til að ganga grunlaus inn í miðja kennslustund. Ég hef líka ætt inn á vinnufund hjá eiginmanninum.

Núna er búið að setja reglur til að tryggja að húsmóðirin sé ekki að flækjast á fundi sem hún á ekkert erindi á. En kórónaveiran hefur ekki bara breytt daglegu lífi heima fyrir.

Nýir tískustraumar

Cindy Crawford birtist á samfélagsmiðlum með grímu í stíl við blússu sína og Nancy Pelosi sást með silkiklút í kúrekastíl, sem tónaði við himinbláan kjól hennar og hælaskó. Tískustraumar á Ítalíu slá líklega allt annað út. Ítölsk kunningjakona mín hló og hristi höfuðið yfir móður sinni sem er komin vel yfir sjötugt, en sú var að fjárfesta í „trikini“ því það mun vera heitasta tískan þar í landi. Þá færðu bikiníbuxur, topp og grímu – allt í stíl!

Hliðin sem margir óttuðust

Þótt vel hafi tekist að takmarka útbreiðslu veirunnar á Íslandi, þá er hún farin að sýna á sér hlið sem margir óttuðust. Atvinnuleysi mældist rúmlega tvöfalt hærra í júlí í samanburði við júlí í fyrra. Atvinnulausir þjást oft í þögninni og heilsa þeirra fær ekki mikla athygli, en sýnt hefur verið að atvinnulausir finni oftar fyrir þunglyndi, kvíða, lélegu sjálfsáliti og líkamlegum sársauka. Þeir eru auk þess líklegri til að fá háan blóðþrýsting, heilablóðfall, hjartaáfall og gigt.

Fyrir utan aukið atvinnuleysi getur streita sem fylgir óvissuástandi í heimsfaraldri lagst þungt á viðkvæma. Í vikunni var sagt frá því að merki væru um að tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígshugsana hefði aukist umtalsvert það sem af er ári.

Hamfarir ofan á hamfarir

Ofan á heimsfaraldurinn færir árið 2020 okkur í fyrsta skipti tvöfaldan fellibyl í Bandaríkjunum og þurrt þrumuveður sem kveikti 625 elda allt um kring hér í Kaliforníu. Reykurinn læsir sig í öll vit – svolítið eins og að vera lokaður inni í litlu rými með keðjureykingamanni. Loftið er svo lélegt að meira að segja flugurnar láta ekki lengur sjá sig. Fuglarnir eru hættir að syngja – nema krákurnar. Það þarf meira til að kæfa skrækina í hræætunum enda líklegast að bíða eftir því að við drepumst.

Loftgæðin síðustu daga eru svipuð og stór hluti jarðarbúa þarf að búa við dags daglega á Indlandi. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er loftmengun á heimsvísu ein algengasta dánarorsök af völdum lungnakrabbameins, heilablóðfalls og hjartasjúkdóms. Fyrir utan það getur umhverfismengun til skemmri eða lengri tíma skert lungnastarfsemi, sem fer ekki vel með núverandi heimsfaraldri sem herjar á lungun.

Aðlögunarhæfni

Í öllu þessu er maður minntur á að á örskotsstundu getur náttúran hrifsað lifibrauð okkar og skrautfjaðrirnar sem maður hefur sankað að sér í formi veraldlegra hluta. En það er eitt sem hún getur ekki hrifsað og það er hugur manns. Maðurinn sem lífvera hefur í gegnum tíðina sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni. Indverjar hafa aðlagast mengun sem maður myndi ekki vilja sætta sig við, tískugúrúar finna leið til að tolla í tísku með grímur og húsmóðir hefur hægar um sig. Í eldfimum veruleika er því ágætt að muna að það er í eðli okkar að aðlagast breyttum aðstæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

7 ára ábyrgð frá framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

Kia XCeed PHEV

Rafmagnaður borgarjepplingur

Afborgun á mánuði:

27.432 kr.

60% innborgun og lán til 84 mánaða. Vextir 4,20%. Heildargreiðsla láns er 2.365.768 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 5,44%.



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

XCEED plug-in hybrid

KIA
The Power to Surprise

Umhverfismildur, ríkulega búinn og sportlegur

Nýr **Kia XCeed PHEV** er rúmgóður og glæsilegur borgarjepplingur. Hann er ríkulega búinn, með hátt undir lægsta punkt sem eykur útsýni og gerir aðgengi þægilegt. XCeed PHEV er umhverfismildur með allt að 58 km drægi á rafmagni og honum fylgir 7 ára ábyrgð frá framleiðanda. **Komdu og reynsluaktu nýjum XCeed PHEV. Við tökum vel á móti þér.**

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila. Nánar á hledslulausnir.askja.is

Kia XCeed Plug-in Hybrid verð frá:

4.790.777 kr.

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

2000 rafb

Frá fyrsta Nissan Leaf árið 2013 y

Fremstir í sölu og þjónustu rafbíla

Frá því að rafbílavæðingin hófst fyrir alvöru höfum við verið í fararbroddi þegar kemur að rafmögnuðum akstri. Hvergi á landinu finnur þú á einum stað viðlíka úrval af raf- og tengiltvinnbílum og hjá okkur. Framboðið á hagkvæmum og kröftugum atvinnubílum fer líka stöðugt vaxandi og rafmagnaðir dugnaðarforkar bíða þess að komast í vinnu hjá þér. Komdu í heimsókn og berðu saman litla, stóra, hagkvæma og hraðskreiða rafbíla og fáðu fræðslu og upplýsingar um tæknina, kostina og framtíðina í samgöngum á Íslandi.

Hleðslulausnir

Við fyrstu kaup á rafbíl aðstoðum við þig með ráðgjöf og upplýsingum um uppsetningu á hleðslustöð í einbýli, fjölbýli eða fyrirtæki.



MG ZS EV
Verð frá: **3.990.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



NISSAN LEAF
Verð frá: **4.890.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



BÍLL ÁRSINS 2020

JAGUAR I-PACE
Verð frá: **10.590.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN



MINI COOPER SE
Verð frá: **4.750.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**

KOMDU, SKOÐAÐU OG REYNSLUAKTU

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

bílar seldir!

fir í Jaguar i-Pace, bíl ársins 2020

Þægindi rafbíla

Rafbílar eru þægilegir og ódýrir í rekstri, menga lítið við notkun og hafa sannað áreiðanleika sinn við íslenskar aðstæður undanfarin ár. Þeir eru ein besta leiðin til að ferðast milli staða með lágmarks mengun og kostnaði.

50% HLUTDEILD BL

AF ÖLLUM NÝSKRÁNINGUM RAFBÍLA HÉR Á LANDI



HYUNDAI KONA EV
Verð frá: **5.290.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



HYUNDAI IONIQ
Verð frá: **4.890.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



BMW i3
Verð frá: **5.690.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



NÝR RENAULT ZOE
Verð frá: **4.450.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



RENAULT KANGOO EV
Verð frá: **4.650.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**



NISSAN e-NV200
Verð frá: **5.390.000 kr.**
100% **RAFBÍLL**

ENNEMM / SÍA / NM00225

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Sara spilar til úrslita í Meistaradeildinni á morgun. MYND/GETTY

Sara Björk í sérstakri stöðu

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir, landsliðsfyrirliði í knattspyrnu, og liðsfélagar hennar hjá franska liðinu, mæta fyrrverandi samherjum hennar hjá þýska liðinu, Wolfsburg, í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í Bilbao annað kvöld.

Sara Björk lék með Wolfsburg í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og í 16 liða úrslitum keppninnar. Hún gekk svo til liðs við Lyon í sumar og kom inn á sem varamaður þegar franska liðið lagði Bayern München að velli í átta liða úrslitum keppninnar og var svo í byrjunarliði Lyon þegar liðið bar sigurorð af PSG í undanúrslitum.

Sara er að spila í úrslitaleik keppninnar í annað skipti, en vorið 2018 lék hún með Wolfsburg sem laut í lægra haldi á móti Lyon. Þetta verður í fjórða skipti sem Lyon og Wolfsburg leiða saman hesta sína í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Wolfsburg hafði betur í leik liðanna vorið 2013 en árin 2016 og 2018 vann hins vegar Lyon, sem er sigursælasta liðið í sögu keppninnar með sex titla. **– hó**


Viðar Örn fer aftur til Noregs

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Viðar Örn Kjartansson er genginn til liðs við norska úrvalsdeildarliðið Vålerenga. Viðar Örn skrifaði undir þriggja ára samning við norska félagið. Vålerenga situr í fimmta sæti norsku úrvalsdeildarinnar en liðið hefur 26 stig eftir 15 leiki.

Viðar kemur til Vålerenga frá Rostov, en þessi þrítugi framherji lék sem lánsmaður hjá Yeni Malatyaspor á síðasta tímabili. Hann hefur áður leikið með Vålerenga en það var árið 2014. Þá varð Viðar Örn markahæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar en hann skoraði alls 31 mark í 33 leikjum fyrir liðið. **– hó**

Bandarískt íþróttafólk leggur réttindabaráttu þeldökkra lið

Á miðvikudaginn var leikjum í fjórum stórum deildum í bandarísku íþróttalífi frestað vegna mótmæla íþróttamanna á ofbeldi lögreglumanna í garð saklausra þeldökkra þegna landsins. Mótmælaaldan hjá íþróttamönnum á rót sína að rekja til skotárásar lögreglumanna sem skutu hinn þeldökka Jacob Blake.



Ekki var keppt í úrslitakeppni NBA-deildarinnar á miðvikudag- og fimmtudagskvöld vegna mótmæla. MYND/GETTY

SAMFÉLAG Skotárás lögreglumanna þegar þeir skutu hinn þeldökka Jacob Blake, sem var óvopnaður, í Wisconsin í vikunni setti bandarískt samfélag á hliðina. Skotin sjö sem Blake fékk í bakið leiddu ekki til dauða hans en hann er hins vegar lamaður eftir árásina. Sögulegir atburðir áttu sér stað í íþróttalífi Bandaríkjanna í kjölfar árásarinnar en bandarískt íþróttafólk reis upp á afturlappirnar til þess að mótmæla síendurteknu ofbeldi lögreglumanna í garð þeldökkra í landinu. Þess var krafist af stærstu stjörnum íþróttasamfélagsins að breytingar ættu sér stað.

Leikmenn Milwaukee Bucks neituðu að mæta til leiks í leik liðsins á móti Orlando Magic í úrslitakeppni NBA-deildarinnar aðfaranótt miðvikudags og í kjölfarið var öðrum leikjum deildarinnar sem voru á dagskrá það kvöldið frestað. Það sama átti við um leiki sem áttu að fara fram í MLS-deildinni í fótbolta karla og Major League-deildinni í hafnabolta karla. Þá hætti tenniskonan Naomi Osaka við keppni á móti sem haldið er í New York þessa dagana í mótmælaskyni.

Leikmenn WNBA-deildarinnar mættu á gólfið í höllinni í Flórída í bolum með sjö skotum á bakinu sem voru til merkis um þau skot sem lögreglan skaut í bakið á Blake.

Ákvörðun leikmanna og forráðamanna Milwaukee Bucks var tekin nákvæmlega fjórum árum eftir að Colin Kaepernick, þáverandi leikstjórnandi NFL-liðsins San Francisco 49ers í bandarískum fótbolta, hristi upp í bandarísku samfélagi með því að krjúpa á kné og benda hendinni til himins þegar bandarískri þjóðsöngurinn var leikinn. Þetta var umdeilt í Bandaríkjunum en fólk skiptist í tvo hópa þar sem annar hópurinn taldi þetta jákvæða tilraun til umbóta í réttindabaráttu þeldökkra á meðan hinn hópurinn taldi þetta vanvirðingu við Bandaríkin.

Ein af stærstu stjörnum NBA-deildarinnar, LeBron James, sem



LeBron var á ákveðnum tímapunkti á því að ekki ættl að halda áfram keppni fyrr en raunverulegar breytingar ættu sér stað.

leikur með Los Angeles Lakers, og Kawhi Leonard hjá Los Angeles Clippers, viðruðu þá skoðun sína í vikunni að mögulega væri réttast í stöðunni að hætta keppni, á fundi leikmanna sem haldinn var í búbblunni sem leikmenn NBA eru staddir í þessa dagana í Flórída, á miðvikudaginn.

James hefur látið hafa eftir sér opinberlega síðustu dagana að hann eigi erfitt með að gleðjast yfir sigrum með liðsfélögum sínum og einbeita sér að framgangi mála hjá Los Angeles Lakers, á meðan ástandið er jafn slæmt og raun ber vitni í bandarísku þjóðfélagi.

Barack Obama, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hrósaði þeim leikmönnum sem hafa staðið upp og viðrað skoðanir sínar á málinu undanfarna daga, í færslu á Twittersíðu sinni. Þar nefndi hann sérstaklega að hann hefði hrifist af málflutningi Doc Rivers, þjálfara Los Angeles Clippers, sem hefur látið til sín taka í málinu.

Leikjum Denver Nuggets og Utah Jazz, Boston Celtics og Toronto Raptors og Los Angeles Clippers og Dallas Mavericks, sem áttu að fara fram á fimmtudaginn í úrslitakeppni NBA-deildarinnar, var frestað og leikmenn hafa rætt sín á milli um það hvernig framhaldinu í úrslitakeppni deildarinnar verði háttað.

Leikmenn og þjálfarar NBA-liðanna funduðu með forráðamönnum deildarinnar á fimmtudaginn þar sem framvinda mála var rædd. Þar var ákveðið að keppni yrði haldið áfram í úrslitakeppni deildarinnar. Rætt var á fundinum á fimmtudaginn hvaða aðgerðir væri hægt að fara í til þess að vekja almennilega athygli á kynþáttabundnu ofbeldi og fá stjórnvöld til þess að breyta um stefnu og hugsunarhátt í málefnum er varða kynþáttafordóma.

Talið er að körfuboltagoðsögnin Michael Jordan sé milliliður í viðræðum milli eigenda félaganna í NBA-deildinni og leikmanna og þjálfara í deildinni, þar sem leitað er sátta og rætt um næstu skref í málinu. Jordan er meirihlutaeigandi Charlotte Hornets, en hann er eini þeldökki eigandi liðs í deildinni eins og sakir standa.

hjorvaro@frettabladid.is



Stór skörð hoggin hjá íslenska liðinu

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu verður án sex lykilleikmanna þegar liðið mætir Englandi og Belgíu í fyrstu leikjum A-deildar Þjóðadeildarinnar. Ísland leikur við England á Laugardalsvellinum laugardaginn 5. september og Belgíu ytra, þriðjudaginn 8. september. Þetta verða fyrstu verkefni íslenska landsliðsins í um það bil 200 daga.

Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska liðsins, fékk ekki leyfi frá liði sínu, Al Arabi, til þess að taka þátt í þessum leikjum. Ragnar Sigurðsson og Rúnar Már Sigurjónsson eru að glíma við meiðsli og verða ekki með. Þá ákváðu Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson og Alfreð Finnbogason að einbeita sér að komandi verkefnum með félagsliðum sínum, í stað þess að spila þessa tvo landsleiki. Hamrén sagði á blaðamannafundi í gær að hann skildi ákvörðun



Hamrén verður án lykilleikmanna í næstu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þessara þriggja leikmanna, en væri hins vegar ekki ánægður með hana.

Hannes Þór Halldórsson, Kári Árnason og Kolbeinn Sigþórsson verða svo einungis til taks í leiknum gegn Englandi, en ferðast ekki með liðinu til Belgíu. Þjálfarateymið taldi Kára og Kolbein ekki vera klára í að leika tvo leiki á skömmum tíma, þar sem þeir eru nýstignir upp úr meiðslum. Hannes Þór hefði svo þurft að fara í sóttkví við heimkomu og myndi missa af næstu leikjum Vals, þannig að ákveðið var að hann færi ekki til Belgíu.

Patrik Sigurður Gunnarsson, Alfons Sampsted, Andri Fannar Baldursson og Hólmbert Aron Friðjónsson fá tækifæri í þessum verkefnum vegna fjarveru ofangreindra lykilleikmanna.

Patrik Sigurður er markvörður hjá Brentford, Alfons hefur leikið vel í hægri bakvarðarstöðunni hjá Bodø/Glimt, sem trónir á toppi norsku úrvalsdeildarinnar, Andri Fannar fékk tækifæri með Bologna á síðustu leiktíð og Hólmbert Aron, sem leikur með Álasundi í norsku úrvalsdeildinni, er þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar með 11 mörk í 13 deildarleikjum. **– hó**

ht.is

RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

Ekki lengur einsleitt samfélag

Alþjóðlega leikfélagið Reykjavík Ensemble sýnir í dag og á morgun leikhúsgjörninginn Ég kem alltaf aftur, sem er verk í vinnslu í Iðnó, en verkið er unnið með pólskum listamönnum til heiðurs listamanninum Tadeusz.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Pálína Jónsdóttir og Ewa Marcinek eru sammála um mikilvægi þess að stuðla að einingu en ekki sundrungu, meðal þeirra sem hér búa fyrir og þeirra sem koma erlendis frá , meðal annars með listsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það eru þær Pálína Jónsdóttir leikstjóri og Ewa Marcinek sem standa að leikfélaginu og eru jafnframt höfundar verksins ásamt fleirum, en um svokallað samsköpunarverk er að ræða.

Ég kem alltaf aftur er gjörningur tileinkaður minningu og leikhúsarfleifð pólska leikhúshöfundarins Tadeusz Kantor, en leikfélagið sem að gjörningnum stendur var stofnað til að skapa atvinnuvettvang fyrir fjölþjóðlega sviðslistamenn hér á landi.

Veita listamönnum tækifæri

„Okkur langar að vera vettvangur sem veitir fjölþjóðlegum listamönnum hér tækifæri og bjóða jafnframt upp á aðra valkosti en íslensku leikhúsin gera," segir Ewa. „Ætlunin er bæði að setja upp klassísk verk erlendra og íslenskra höfunda og einnig frumsamin verk eftir höfunda búsetta hér," bætir Pálína við.

Pálína flutti aftur til Íslands fyrir tveimur árum síðan eftir að hafa stundað leikstjórnarnám við Columbia-háskólann í Bandaríkjunum. „Þegar ég kom heim tók ég eftir því að þjóðfélagsbreytingar hér á landi endurspegluðust ekki í leiklistarsenunni. Ég hafði unnið með alþjóðlegum listamönnum erlendis við nám og störf en fannst aðgengi erlendra sviðslistamanna að leiklistarvettvanginum lítið hér."

Ewa lærði skapandi skrif og menningarfræði í háskóla í heimalandi sínu, Póllandi, og starfaði við menningarhátíðir þar í landi þar til hún flutti til Reykjavíkur fyrir sjö árum síðan. „Ég hef tekið þátt í menningartengdum viðburðum hér á landi, en verandi útlendingur þá hefur það aðallega verið tengt hópum útlendinga. Ég hitti Pálínu í fyrsta sinn fyrir ári síðan og fannst hugmyndir hennar um stofnun fjölþjóðlegs sviðslistahóps spennandi. Ég var strax viss um að það myndi ganga upp, enda hef ég séð slíka uppbyggingu tengda bókmenntageiranum og áttaði mig jafnframt á því að þörfin væri mikil."

Taka mið af samfélagsgerðinni

„Listræn menning þarf að taka mið af því hver samfélagsgerðin er og endurspegla þá þjóðfélagshópa sem hér búa saman. Undanfarin ár höfum við breyst frá því að vera frekar einsleitt samfélag yfir í fjölmenningarsamfélag og við eigum að hafa þrótt og hugrekki til að fagna komu nýs fólks sem kemur með nýja menningarstrauma. Okkur finnst skipta máli að vinna að því markmiði að búa hér til sjálfbært leikhús sem gefur fólki með hæfileika til að gefa af sér tækifæri til að láta raddir sínar hljóma. Þannig stuðlum við að einingu en ekki sundrungu, meðal þeirra sem hér búa fyrir og þeirra sem koma erlendis frá," útskýrir Pálína.

Ewa segir erfitt að segja hversu margir erlendir sviðslistamenn búi hérlendis, ekki síst þar sem aðstæður frá því hópurinn var stofnaður hafi vægast sagt verið óvanalegar. „Upphaflega höfðum við lítið fjármagn og svo kom kórónaveirufaraldurinn upp sem gerði okkur erfitt fyrir. Okkur hefur þó tekist að setja upp þrjár sýningar og að þeim hafa komið yfir 50 alþjóðlegir listamenn."

„Samfélagið sem hefur myndast í kringum okkur er í kringum 100 manns og nánast daglega heyrum við af áhuga fólks til að vinna fyrir okkur," segir Pálína og heldur áfram; „Fyrsta sýning okkar, Opening Ceremony, var sett upp í desember og fékk dásamlegar móttökur. Í kjölfar þess útnefndi Reykjavíkurborg okkur listhóp Reykjavíkur árið 2020. Í framhaldi af því gátum við sett upp verk eftir Ewu, sem ég aðlagaði fyrir leiksvið. Verkið heitir Ísland pólerað eða Polishing Iceland og bíður eftir að komast aftur á fjalirnar."

Hámenntaðir einstaklingar

Aðspurðar segja þær erlendu listamennina sem að hópnum koma með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. „Mörg þeirra hafa verið hér í námi og við erum með hámenntaða einstaklinga á okkar snærum. Dramatúrginn okkar, Angela Rowling, var til að mynda að ljúka doktorsnámi. Eins er Adam Switala, tónsmiður verksins, í doktorsnámi við Háskóla Íslands. Þetta fólk er oftar en ekki ráðið í önnur störf sem svo njóta góðs af listrænum hæfileikum þeirra. Sumir hafa þó misst vinnuna á þessum erfiðu tímum og einhverjir horfið til síns heima aftur," segir Pálína.

„Það eru margar ástæður fyrir því að þessir listamenn koma hingað, sjálf kom ég hingað vegna samstarfsverkefnis milli Íslands og Póllands. Það er staðreynd að Ísland er vinsæll áfangastaður fyrir listamenn, ekki síst fyrir Pólverja á þrítugsaldri sem sjá Reykjavík sem framúrskarandi menningarborg, sérlega þegar kemur að sviðslistum og tónlist," segir Ewa og Pálína bætir við í léttum tón: „Það má segja að Ísland sé að verða fyrirheitna land listamanna."

Tungumál ekki vandamál

Þær stöllur eru sammála um að tungumál sé ekki vandamál við uppsetningar hópsins enda séu sýningarnar eins konar líkamsleikhús. „Ráðandi tungumál eru íslenska, enska og pólska en öðrum tungumálum bregður fyrir svo sem þýsku. Í fyrstu sýningu okkar, Opening Ceremony, heyrðust 10 tungumál."

> UNDANFARIN ÁR HÖFUM VIÐ BREYST FRÁ ÞVÍ AÐ VERA FREKAR EINSLEITT SAMFÉLAG YFIR Í FJÖLMENNINGARSAMFÉLAG.

Verkið, Ég kem alltaf aftur, sem hópurinn setur upp í Iðnó í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, er tileinkað pólska listamanninum Tadeusz Kantor og kallast í raun á við síðasta verk Kantors, Ég kem aldrei aftur.

„Ég hef átt í platónsku ástarsambandi við hans leiklist frá því hann setti upp sýningu sína, Ég kem aldrei aftur, á Listahátíð hér á landi fyrir 30 árum síðan," segir Pálína. „Hann sprengdi alla þá ramma sem maður hafði vanist enda nálgun hans svo framandi að ég varð fyrir einhvers konar eldingu inni á þessari sýningu, sem hefur búið með mér allar götur síðan. Nú þegar 30 ár eru frá því að hann kom hingað á Listahátíð hugsaði ég með mér að nú væri kannski tækifæri til að kanna hvort hér væru pólskir listamenn sem vildu taka þátt í því með mér að búa til verk honum til heiðurs."

Ferðalag minninganna

Um er að ræða verk í vinnslu sem unnið er úr minningum þeirra einstaklinga sem að því koma, á svipaðan hátt og Tadeusz vann verk sín úr minningabrotum. „Það var ekki til neitt handrit heldur er það sarpur sameiginlegrar dulvitundar okkar.

Við höfum boðið til okkar leikurum, myndlistarfólki, ritlistafólki og dansmenntuðu fólki, svo þetta er í raun áma listgreinanna.

Þetta er ekki línulegt leikhús heldur meira ferðalag minninganna sem áhorfendum býðst að taka þátt í."

Sýningin var upphaflega á dagskrá Listahátíðar í júní, en af óviðráðanlegum ástæðum riðlaðist það til. „Framan af sumri var óvissan mikil en við lentum loks þessum dagsetningum og fengum tvær vikur í yfirtöku á Iðnó sem við höfum nýtt í þessa listsköpun. Við þurfum að aðlaga okkur nýjum aðstæðum og gæta fyllstu varúðar um leið og við höldum áfram að vinna," segir Ewa og Pálína bætir við: „Það er auðvitað allur menningarheimurinn í biðstöðu en okkur langar að vinna með aðstæðum, gefast ekki upp."

Hópurinn er hvergi af baki dottinn og er ætlunin að setja Ísland pólerað aftur á svið í Tjarnarbíói í september. Í október verður svo vinnusmiðja á nýrri sviðsaðlögun á verki Jóhanns Sigurjónssonar, Galdra-Lofti, sem Pálína mun vinna með leikurunum Aldísi Hamah, Anítu Briem, Arnmundi Ernst og Davíð Þór Katrínarsyni.

RENAULT
Passion for life

Nýr Renault **ZOE**

Einn athyglisverðasti nýi rafbíllinn á markaðnum

Renault ZOE / 395 km drægi*
Verð frá: 4.450.000 kr.

Nýr 100% rafdrifinn Renault ZOE er með 52 kWh rafhlöðu og hefur 395 km drægi samkvæmt nýjum samræmdum WLTP mælingum. Nýr 136 hestafla rafmótor gerir ZOE lipran og skemmtilegan í bæjarakstri. Í honum er ný og glæsileg innrétting með endurunnu áklæði á sætum og mælaborði, 9,3" Easy Link litaskjár, íslenskt leiðsögukerfi, Google leit, Apple Carplay og Android Auto, bakkmyndavél, sjálfvirk stýring á háum og lágum geisla aðalljósa o.m.fl.

www.renault.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

*Uppgefnar tölur um drægi taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægi rafbíla.

ENNEMM / SÍA / NMxxxxxx I


Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



EDE SÓFI 3JA SÆTA 205 X 95 X 82 CM **135.991 kr.** ~~159.990 kr.~~

„Rústrauður litur er skemmtilegt mótvægi við þessa gráu tóna sem ríkt hafa svo lengi. Púðar, teppi eða aðrir rústrauðir aukahlutir lífga upp á rýmið og gefa því hlýju.“



BROSTE ALVA PÚÐI
40×60 CM **7.990 kr.**



MADISON
HÆGINDA-
STÓLL
39.990 kr.

VERTI MINI
VEGGVASAR
4.990 kr.





BROSTE BUBBLE VASI
25 CM **5.890 kr.**



RIVERDALE FRINGE PÚÐI
30×50 CM BURGUNDY
6.990 kr.



GALWAY-
COUNTER-
STÓLL
19.990 kr.



BREY
BORÐ-
STOFU-
STÓLL
19.990 kr.



NÝ SENDING
Handofnar indverskar gólfmottur frá Nirmal, gríðarlega slitsterkar úr 100% bómull. Motturnar eru ofnar úr Jacquard mynstri frá Indlandi. Margar gerðir. Þrjár stærðir.

NIRMAL MOTTA, 160×240 AVENUE GRÁ/SVÖRT **29.990 kr.**
MIKIÐ ÚRVAL AF MOTTUM FRÁ NIRMAL **Verð frá 15.900 kr.**

Reykjavík Bíldshöfði 20
12 – 18 virka daga
12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
12 – 18 virka daga
12 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 31. ágúst eða á meðan birgðir endast

Fáðu innblástur

... fallegir tónar fyrir lifandi heimili

VEFVERSLUN

www.husgagnahollin.is

SENDUM FRÍTT

LUCA SÓFABORÐ, SVÖRT EÐA HVÍT MARMARAPLATA OG SVARTIR MÁLMFÆTUR. TVÆR STÆRÐIR; 90 X 80 X 45 CM **64.990 kr.** OG 60 X 50 X 40 CM **41.990 kr.**





NELSON SÓFI 3,5 SÆTA CHERRY 244 X 105 X 89 CM **219.990 kr.**

NELSON STÓLL CHERRY
114 X 105 X 89 CM
99.990 kr.

NELSON SKAMMEL CHERRY
105 X 105 X 44 CM
69.990 kr.





Nýr bæklingur á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN



Kristlín Dís Ingilínardóttir
kristlin@frettabladid.is



Enginn endar áfallaust á götunni

Alma Lind og Emilie Jacob hafa báðar búið á götum Reykjavíkur síðastliðin þrjú ár. Þar endar enginn áfallalaust og er lífið litað af hrottalegri lífsreynslu og neyslu auk fordóma samfélagsins.

Vinkonurnar Alma Lind og Emilie Jacob hafa fetað svipaðar slóðir síðustu ár og eiga sér keimlíka sögu. Báðar hafa þær búið á götum Reykjavíkur í yfir þrjú ár og verið í neyslu um margra ára skeið. Hvor um sig eiga þær tvö börn sem þeim þykir óendanlega mikið vænt um en hafa misst forræðið yfir sökum fíknarinnar.

Af frásögn þeirra að dæma býr lítil von á götunni. Enginn hvati til betrunar. Aðeins nauðsyn þess að deyfa sig og tóra. „Það er svo mikil þjáning þarna, það er ekki til manneskja á götunni sem hefur ekki lent í óteljandi áföllum og hryllingi," segir Alma, sem er sjálf engin undantekning. „Þegar maður er kona er traðkað enn meira á manni og við höfum verið neyddar til að gera hluti sem rústa manni alveg," ítrekar Emilie.

Tuttugu og sjö meðferðir

Úrræðin sem standa heimilislausum konum til boða eru af skornum skammti og að þeirra mati ekki ætluð til betrunar. „Það vill enginn gera neitt fyrir mann þegar maður er fíkill, það er alltaf verið að bíða eftir því að maður verði edrú," segir Emilie.

Báðar konur eiga að baki ófáar tilraunir til þess að verða allsgáðar en hingað til hefur ekkert dugað til lengri tíma. „Ég hef farið tuttugu og sjö sinnum í meðferð síðan ég var tuttugu og fjögurra ára," segir Alma. Tvisvar sinnum var hún send beint aftur á götuna eftir meðferð þar sem ekki var laust pláss á áfangaheimili. „Það er ekkert sem grípur mann þegar maður fellur."

Faraldur til betrunar

Ástandið fyrir Emilie og Ölmu breyttist til hins betra þegar COVID-19 faraldurinn skall á en þá bauðst þeim pláss í tímabundnu neyðarúrræði Reykjavíkurborgar, Brimi. Til stóð að loka úrræðinu í september og sendu íbúar heimilisins frá sér harðorða yfirlýsingu þar sem lokuninni var mótmælt. Sama dag var rekstrartími Brims framlengdur um þrjá mánuði en ljóst er að úrræðið er ekki ætlað til langs tíma.

Í Brimi búa nú átta konur og er hver þeirra með sitt eigið herbergi sem er þeim opið allan sólarhringinn. Úrræðið er töluvert frábrugðið Konukoti sem er að staðaldri lokað hluta dags auk þess sem fjórar konur deila þar herbergi. „Maður kom alltaf þangað með kvíðahnút í maganum af því að maður veit ekkert hverjum maður er að fara að mæta." Þær segja margar konur sækja þangað af ólíkum ástæðum. Ekki bæti úr skák að þær þurfi að vera farnar út fyrir klukkan tíu á morgnana án þess að vita hvar þær muni dvelja þar til verður opnað aftur klukkan fimm.

> AÐ VERA FÍKILL ÞÝÐIR OFTAR EN EKKI AÐ VERA UPP Á EINHVERN ANNAN KOMINN OG ÞVÍ FYLGIR NIÐURLÆGING. ÞAÐ ER ALLTAF LITIÐ NIÐUR Á ÞIG.

„Þá fer maður að hugsa; hvert á ég að fara, hvað á ég að gera?" Þær sammælast um að við því sé aðeins eitt svar. „Bara að detta í það og gera eitthvað til að útvega sér efni. Enginn getur verið edrú á götunni," segir Emilie. „Svo er maður bara svo uppfullur af kvíða um hvort maður losni einhvern tímann út úr þessu og hvenær það gerist að maður er bara farinn að skjálfa og titra, þá verður maður bara að fá eitthvað," bætir Alma við.

Griðastaður frá götunni

Nýja úrræðinu fylgir áður óþekkt öryggi, að vera alltaf með þak yfir höfuðið. „Svo er líka lúxus að vera í sérherbergi þar sem maður þarf ekki að hafa áhyggjur af dótinu sínu," segir Emilie. Alma samsinnir því og segir mikinn létti fylgja því að geta læst að sér. „Það er enginn sem kemst þarna inn, svo maður fær frið fyrir vandamálum sem elta mann á götunni."

Hlý heimilisstemning hefur þegar myndast á þessum nýja griðastað. Konurnar hafa myndað tengsl sín á milli og sækja mikinn styrk til starfsfólksins sem er á vakt allan sólarhringinn. „Við reynum að vera eins tillitssamar og við getum hver við aðra en það er auðvitað líka mikið geðveikisástand í gangi hjá mörgum," segir Alma hugsi.

Þær segja mikinn dagamun á



Alma og Emilie eiga að baki langa neyslusögu og margar tilraunir til að verða edrú. Þær segja litla virðingu borna fyrir fíklum á götunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Unnið að varanlegri lausn

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, segir fjármagn til reksturs neyðarskýlisins í Skipholti tryggt út nóvember og unnið sé að varanlegum lausnum fyrir íbúa.

Neyðarskýlið fyrir heimilislausar konur í Skipholti er tímabundið úrræði sem Reykjavíkurborg rekur í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Það var sett á fót í apríl sem viðbragð við ástandinu sem skapaðist vegna COVID-19, þar sem ljóst var að ekki var unnt að virða tveggja metra reglu í Konukoti. Til stóð að loka úrræðinu í ágúst en þegar tilfellum smita tók að fjölga aftur nú í sumarlok var tekin ákvörðun um að framlengja það og hefur fjármagn til rekstursins verið tryggt út nóvember.

Unnið er að því að finna varanlegar lausnir á húsnæðisvanda kvennanna sem þar dvelja. Lögð er áhersla á að fara yfir stöðu hverrar og einnar konu og greina vanda þeirra, í því augnamiði að þær fái í framhaldinu þjónustu sem hentar þeirra þörfum.

Gera má ráð fyrir að einhverjar þeirra kvenna sem dvalið hafa í Skipholti fari í sjálfstæða búsetu, samkvæmt hugmyndafræðinni um húsnæði fyrst, eða „housing first“. Í þeirri hugmyndafræði felst að húsnæði sé grunnþörf og teljist mannréttindi. Þær munu fá stuðning vettvangs- og ráðgjafarteymis Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Hlutverk þess er að styðja við heimilislaust fólk og vinna ráðgjafar meðal annars náið með einstaklingum sem eru heimilislausir eða að taka sín fyrstu skref í sjálfstæðri búsetu. Í dag búa fimmtán konur í sjálfstæðri búsetu og fá þjónustu teymisins.

Í síðustu viku samþykkti borgarráð að opna nýtt áfangaheimili með fjórtán einstaklingsíbúðum fyrir konur. Markmið heimilisins er að veita konum sem hafa hætt neyslu öruggt heimili, stuðning og aðhald meðan þær aðlagast samfélaginu á nýjan leik og er stefnt að opnun þess fyrir árslok.

Í dag eru níu áfangaheimili í Reykjavík, ýmist rekin af félagasamtökum eða Reykjavíkurborg, þar sem rými er fyrir um það bil 200 einstaklinga. Er það mat velferðarsviðs að hið minnsta 25 konur gætu nýtt sér áfangaheimili í Reykjavík.

íbúum, sem rokka á milli þess að vakna með bros á vör eða í reiðikasti. „Við þurfum að læra að taka hver annarri eins og við erum og bera gagnkvæma virðingu hver til annarrar.“ Þær sammælast um að fíklar séu svolítið eins og fullorðin börn sem getur verið erfitt að sjá um. „Það á ekkert að umbuna fyrir frekjukast en það má heldur ekki gleyma hvað orsakaði það.“

Fann skjól í neyslunni

Emilie á sér erfiða sögu að baki og byrjaði að prófa sig áfram í eiturlyfjum þegar hún var tólf ára. Hún var lögð í einelti í grunnskóla, meðal annars fyrir að vera hálf-frönsk, en var boðin velkomin í félagsskap sem var farinn að fikta með fíkniefni. Þar kynntist hún tilvonandi barnsföður sínum, sem var fimm árum eldri og þegar farinn að bæði neyta og selja fíkniefni.

„Hann var minn verndari og gat séð um mig.“ Hún flutti til hans sextán ára gömul og eignaðist dóttur tveimur árum síðar. Auk eldri dóttur sinnar á Emilie son en hún hefur ekki umgengnisrétt við börnin sín. „Eftir að ég missti forræðið fór ég dýpra í neyslu og missti félagsíbúðina sem ég var með.“

Síðan þá hefur hún ekki átt sér öruggt afdrep fyrr en nú. „Frá því ég var unglingur hef ég leitað til stráka til að veita mér öryggi.“ Þrátt fyrir að hafa farið að heiman sextán ára hafi alltaf einhver karlkyns verndari verið til staðar, sem var bæði til góðs og ills. „Það tók mig langan tíma að átta mig á að maður á að taka ábyrgð á sjálfum sér. Ég er að vinna í því núna.“

Fíkillinn er erfiður

Konurnar eiga það sameiginlegt að hafa unnið markvisst að því að geta verið í svona úrræði. „Þegar ég var að sprauta mig þá var ég ekkert húsum hæf og það gengur ekki ef maður ætlar að fá svona heimili,“ segir Alma. „Maður er fíkill og er alveg erfiður á tímum.“ Fíkillinn getur gengið langt til að fá eitthvað fyrir sinn snúð, að mati Ölmu, og því geta fylgt óteljandi vandamál. „Það er náttúrlega ekki hægt fyrir fjölskylduna að vera endalaust í kringum þig.“ Það sé þó erfitt að það sé ekkert sem komi í staðinn. „Að vera fíkill þýðir oftar en ekki að vera upp á einhvern annan kominn og því fylgir niðurlæging. Það er alltaf litið niður á þig. Alltaf.“

Að mati Ölmu og Emilie þarf eðlilega að fara eftir þeim almennu reglum sem fylgja því að búa í húsnæði. „Þess vegna er þessi staður svo frábær af því að þarna er hægt að æfa sig svolítið í því aftur. Ganga frá eftir sig, vakna og koma á einhverri rútínu.“ Á götunni sé enginn slíkur lúxus. „Þú ræður ekki klukkan hvað þú ferð að sofa, hvað þú sefur lengi eða hvort þú fáir að sofa.“

Sturtan guðsgjöf

Það sem mörgum þykir sjálfsagður hlutur er munaður í augum þeirra sem eiga hvergi heima. „Eftir að hafa búið á götunni svona lengi og vera alltaf að væla sig inn á aðra þá er bara það að geta hoppað í sturtu á mínum eigin tíma alveg ótrúleg tilfinning,“ segir Alma og lýsir gleðinni sem fylgdi því að geta gengið að sturtunni vísri. „Svo getur maður horft á sjónvarpið undir sæng á morgnana og haft það kósí,“ skýtur Emilie inn í.

Hún segir að það sé auðveldara að láta sig hafa það að vera edrú þegar það býðst öryggi allan sólarhringinn. Alma samsinnir því. „Það er aldrei val að fá sér, en þegar maður er á götunni er það bókstaflega kvöð. Maður verður bara að gera það til að deyfa daginn.“

Hversdagslegt lífið á Brimi hefur opnað áður lokaðar dyr upp á gátt. „Maður er byrjaður að gera betur og sjá aðeins hvaða manneskju maður hefur að geyma. Ég er til dæmis allt í einu byrjuð að þrífa og brjóta saman þvott eins og enginn sé morgundagurinn,“ segir Alma hlæjandi. „Já, við erum allar rosalega góðar í að þrífa,“ segir Emilie og brosir.

Minnka fíkniefnanotkun

Dvölin hefur haft þær afleiðingar að vinkonurnar nota minna af efnum en áður. „Ég er búin að róast og ná að vinna úr áföllum sem ég hef forðast að hugsa um lengi,“ segir Alma. Þar komi starfsfólkið sterkt inn. „Til þess að maður nái bata verður maður að geta talað við manneskju sem er heil á geði. Það er ekkert allra að takast á við það sem maður hefur að segja.“

„Við erum búnar að tengjast þeim svo ótrúlega mikið, þau ná svo vel til okkar,“ ítrekar Emilie. Alma segist í fyrsta sinn í mörg ár hafa upplifað að fá klapp á bakið fyrir að gera eitthvað rétt. „Hingað til hafði ég bara fengið spurningar um hvenær ég ætli að hætta að vera ég og verða venjuleg. Málið er bara að ég er búin að reyna en það bara gengur ekki upp svo ég veit ekki hvað ég á að gera.“

Alma hefur lent í fjölda áfalla í gegnum ævina og minnist hún þess að hafa horft á föður sinn veslast upp af HIV. Síðustu ár hafa verið henni óvæg og hafa áföllin dunið á henni.

Hún byrjaði að nota fíkniefni í auknum mæli þegar hún kynntist strák sem varð síðar barnsfaðir hennar. „Hann var dæmdur ofbeldis- og glæpamaður þegar við kynntumst en ég sá bara svo rosalega mikið gott í honum, sem braust kannski fram á ljótan hátt vegna lífsreynslu hans í æsku.“ Vinir og fjölskylda Ölmu sýndu sambandi þeirra lítinn skilning og vöruðu hana við því að vera með honum. „Mér fannst hann eiga skilið annað tækifæri en þegar við fórum að vera saman lokaði fjölskyldan mín á mig.“ Stuttu síðar varð hún ólétt en fyrir átti hún þriggja ára son.

„Á meðgöngunni var ég inni á geðdeild minnst tvisvar í mánuði til að halda mér edrú. Hann var í neyslu og ég hafði ekkert öryggisnet. Þetta var rosalega erfitt,“ andvarpar Alma.

> ÞAÐ ER EKKERT GRÍN AÐ EIGNAST BARN OG VITA AÐ MAÐUR ER EKKI NÓGU GÓÐUR FYRIR ÞAÐ.

Þegar barnið kom í heiminn fékk hún að flytja inn til móður sinnar með því skilyrði að hún umgengist ekki barnsföður sinn. Þau hittust þó í eitt skipti á laun. Það varð til þess að Alma missti forræði yfir syni sínum þegar hann var fjögurra mánaða. Hún fékk að hitta son sinn áfram eftir það en missti að lokum umgengnisrétt eftir að kókaín mældist í blóði hennar daginn eftir heimsóknardag.

„Þá var mér sagt að barnaverndarnefnd væri með fósturforeldra í huga og ég varð bara kjaftstopp. Ég fékk ekkert um það að segja. Það var aldrei spurt hvort það væri hægt að gera eitthvað fyrir mig.“

Við tók óvissutími þar sem hún vissi ekkert um son sinn. „Svo fékk ég loksins að hitta fósturföður hans og varð strax ástfanginn af því hvað hann elskaði strákinn mikið og hvað það var falleg tenging þeirra á milli.“ Alma kveðst hafa gert sér grein fyrir því að sonur hennar væri betur settur á þessu „fullkomna“ heimili en hjá henni.

Dæmd til að falla

Eftir að hún hætti að mega hitta son sinn missti Alma, að eigin sögn, gjörsamlega vitið. Þaðan fetaði hún braut fíknarinnar þar til hún brotlenti á götunni. „Kerfið hefur ekkert skipt sér af mér síðan.“

Dómurinn var fallinn. Alma var að eigin sögn eyrnamerkt sem eiturlyfjanotandi af stjórnvöldum og þá var ekki aftur snúið. Í kjölfarið reyndi hún í tvígang að svipta sig lífi, án árangurs. „Ég brotnaði bara, ég fann að ég átti ekki roð í þetta.“

Á götunni varð Alma þrisvar næstum úti í snjónum. „Puttarnir á mér hafa frosið þannig að ég gat ekki borðað.“ Fjórum sinnum hefur hún endað á spítala vegna næringarskorts og oftar vegna annarra áverka. „Það vill enginn gefa manni að borða eða veita manni hlýju þegar maður hefur þennan stimpil á sér,“ segir Alma klökk.

Í fangaklefa í stað spítala

Þær segja samfélagið gegnumsýrt af fordómum gegn heimilislausum. „Mér hefur verið kastað í fangelsi eftir einhverja verstu reynslu lífs míns,“ segir Alma og lýsir hræðilegri reynslu sinni í kjölfar kynferðisofbeldis og frelsissviptingar. Hún var beitt kynferðisofbeldi svo klukkutímum skipti, bundin og sprautuð niður áður en henni var kastað aftur á götuna. Gangandi vegfarandi gekk að Ölmu, þar sem hún var aðframkomin, og hringdi í Neyðarlínuna. „Lögreglan sem mætti á vettvang ákvað síðan að setja mig í fangaklefa í staðinn fyrir á sjúkrahús.“

Vegna áverkanna var hún send í skoðun á spítala en var að henni lokinni send aftur í fangaklefa þar sem hún reyndi að fremja sjálfsvíg. „Það sást greinilega hvað hafði gerst á spítalanum en það var ekki nóg til að fá mannlega meðferð,“ segir Alma og er sýnilega mikið niðri fyrir. Hún kveðst seint bíða þess bætur að hafa orðið fyrir slíkri meðhöndlun. „Ég er mjög andlega skemmd eftir mína reynslu af löggæslunni.“

Bjartsýnar á framtíðina

Þrátt fyrir að eiga báðar skelfilega lífsreynslu að baki eru þær Alma og Emilie bjartsýnar á hvað framtíðin gæti borið í skauti sér ef rekstur Brims heldur áfram.

„Ég er búin að sjá ljós kvikna hjá hverri einustu manneskju þarna inni.“ Meðal annars við það eitt að hljóta loksins viðurkenningu á tilvist sinni og gjörðum. „Viðurkenningin felst ekki í því að hrósa manni fyrir að vera alkóhólisti eða fíkill, heldur fyrir að vera manneskja sem er að reyna að bæta sig og gera sitt besta,“ segir Emilie.

„Þarna gefst manni færi á að eiga sér smá einkalíf og það fær mann til að hugsa; hvað langar mig til að gera næst?“

Fortíðin verður einnig skýrari. „Að taka ákvörðun um að setja son minn í fóstur til átján ára, og gefa honum þar af leiðandi það besta sem er í boði, er alveg rosalega dýrmætt,“ bendir Alma á. Það hafi verið blessun fyrir bæði foreldrana og drenginn. „Ég neita því ekki að svona lífsreynsla rífur mann niður í frumeindir. Það er ekkert grín að eignast barn og vita að maður er ekki nógu góður fyrir það.“ Það sé samt þess virði.

Emilie og Alma vinna nú saman að því að betrumbæta sig en segja nauðsynlegt að fá aðstoð við það. „Ég held að við séum með seinasta sjúkdóminn af þeim öllum sem mætir svona miklu skilningsleysi og nýtur engrar virðingar.“ Löngu tímabært sé að fólk geri sér grein fyrir því að það ákveði enginn að verða heimilislaus. „Við ímyndum okkur ekki við fermingu að við ætluðum að verða fíklar og búa á götunni.“

Forgangsatriði að huga að heimilislausum

Íslenska þjóðin er ekki stór og að mati vinkvennanna ætti það að vera forgangsatriði að allir eigi í öruggt skjól að venda. „Það á enginn að vera á götunni, það er ekki eðlilegt, við búum á Íslandi,“ segir Emilie ákveðin.

Ímynd almennings af heimilislausum sé alröng og útrýma þurfi þeim fordómum sem eru við lýði á landinu. „Það er enginn öskrandi og grátandi úti á götu vegna þess að ekkert gerðist. Hvorki heimilislausir né aðrir.“

Fullljóst sé að það þurfi að fjölga úrræðum, ekki fækka.



Kristján Hrannar Pálsson segir skólagönguna í Landakotsskóla hafa litað líf sitt og viðhorf til kirkjunnar. Hann hafi átt erfitt með að treysta eigin upplifun fram á fullorðinsár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara@frettabladid.is



Sannfærðu okkur um að upplifun okkar væri röng

„Skömm kemur upp í hugann fyrst. Manni var stýrt af skömm. Maður var alltaf sekur. Það var aflið sem rak mann áfram í að læra og vera í skólanum.“ Svona lýsir **Kristján Hrannar Pálsson** Landakotsskóla, á tímum séra Ágústs George og Margrétar Müller.

Kristján segir í samtali við Fréttablaðið að hann telji upplifun sína hafa verið væga, ef svo mætti kalla, miðað við annarra, því hann varð „bara“ fyrir andlegu ofbeldi.

Fyrir tæpum áratug síðan birtust sögur um gróft kynferðisofbeldi og andlegt ofbeldi sem séra George og Margrét beittu nemendur sína allt frá árinu 1956.

Þolendur stigu fram og sögðu sögur sínar í Fréttatímanum árið 2011. Í kjölfarið var sett á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar, leidd af Hjördísi Hákonardóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, sem falið var að rannsaka starfshætti og viðbrögð kaþólsku kirkjunnar vegna Landakotsmálsins.

Í skýrslu nefndarinnar kom fram að kaþólska kirkjan var ítrekað upplýst um framferði séra George, en aðhafðist ekkert. Nefndin gerði alvarlega athugasemd við þann nánast algera skort á varðveislu gagna um mál nemenda, þegar rekstur skólans var á ábyrgð kaþólsku kirkjunnar.

Fram kom hjá kaþólskum leikmönnum að almennt mætti líkja kaþólsku kirkjunni við stóra fjölskyldu, biskup væri eins konar faðir prestanna, sem beri að leysa mál innan fjölskyldunnar.

„Þegar viðkvæm mál hafi verið tekin fyrir hafi ekkert verið skráð, þar sem slík samtöl nálgist í eðli sínu sakramenti og það sé ekki skráð,“ sagði einn viðmælendanna.

Fjölmargir foreldrar og fyrrverandi nemendur hafa greint frá ofbeldinu sem viðhafðist í skólanum. Þau sem ekki voru beitt kynferðisofbeldi lýsa óþægilegu andrúmslofti þar sem ógnarstjórn var við lýði.

Landakotsskóli í dag

Formlegum tengslum Landakotsskóla og kaþólsku kirkjunnar var slitið árið 2005 og skólinn er í dag alls ekki sama stofnunin, þó nafnið sé það sama. Skólinn er rekinn af foreldrum og í stjórn sitja foreldrar núverandi og fyrrverandi nemenda.

Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri segir engin tengsl við kaþólsku kirkjuna önnur en þau að skólinn leigi húsnæðið af henni. Áherslur skólans séu allt aðrar en hjá fyrri skóla.

„Stefna skólans er að bjóða upp á framúrskarandi nám þar sem áhersla er á skapandi nálgun í skólastarfinu og leiðir þar sem nemendur læra með því að upplifa og rannsaka,“ útskýrir Ingibjörg.

„Flestir bekkir skólans eru fullir og biðlistar. Skólastarfið spyrst vel út og skemmtilegt er að fá í heimsókn nemendur sem hafa útskrifast á síðustu árum og eru þakklátir fyrir góðan tíma í skólanum og finna að þeir eru vel í stakk búnir til að takast á við næstu skref í lífinu.“



Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri segir engin tengsl við kaþólsku kirkjuna önnur en þau að skólinn leigi húsnæðið af henni.

Tvær deildir starfa innan skólans, alþjóðleg deild, þar sem rúmlega 100 nemendum er kennt á ensku eftir Cambrigde námsskrá, og rúmlega 200 barna- og unglingadeild, þar sem kennt er eftir íslenskri aðalnámsskrá.

Ingibjörg segist vissulega hafa hitt fyrrverandi nemendur sem upplifðu hræðilega hluti þess tíma þegar kaþólska kirkjan rak skólann.

„Það er alltaf erfitt að heyra af slíku og vissulega hugsaði ég um hremmingar þeirra fyrrverandi nemenda sem þá höfðu stigið fram, þegar ég kom fyrst til starfa í skólanum fyrir sex árum síðan. Þó hef ég líka hitt fjölmarga nemendur sem eiga góðar minningar frá gamla Landakotsskóla,“ segir Ingibjörg og bætir við að nemendur dagsins í dag eigi hug hennar allan og þannig vilji hún nýta sína orku.

Taldi skólann sinn eðlilegan

Kristján Hrannar rifjar upp tíma sinn í Landakotsskóla og segir harðneskjuna í persónuleikum séra George og Margrétar hafa endurspeglað samfélagið sem þau þekktu sjálf í barnæsku.

„Þau ólust bæði upp í kaþólsku samfélagi í Evrópu á millistríðsárunum. Maður getur rétt ímyndað sér hvað þetta var hræðilegt tímabil fyrir börn. Það er engan veginn hægt að afsaka það sem þau gerðu, en það útskýrir svolítið úr hvaða jarðvegi þau spruttu. Þau ólust upp við rafmagnsleysi, hungur, skort og eyðileggingu. Þau voru föst þar andlega og að vera í Landakotsskóla var svolítið eins og að vera í 19. aldar heimavistarskóla.“

Kristján segist sjálfur hafa verið sendur í skólann, því hann hafi verið bráðgert barn. Hann hafi ekki vitað betur en að harðstjórn og hegðun séra George og Margrétar hafi verið eðlilegt.

„Þetta var eini skólinn sem ég þekkti svo ég normalíseraði þetta. Ég hélt að svona ætti þetta að vera.“

Hann hafi þó fengið nóg eftir níunda bekk og skipt yfir í Hagaskóla. „Mér fannst ég geta andað í fyrsta skipti á ævinni. Ég var algjört kvíðabarn og að vera í Landakotsskóla hjálpaði ekki.“

Á þeim tíma hafi fjölskyldufólk litið upp til stjórnenda skólans og talið þá vera með góðan aga á börnunum.

„Ég held að fólk hafi lagt of mikið traust á kaþólsku kirkjuna sem stofnun. Þetta var fínn skóli í augum fólks vegna þess að hann var einkarekinn. Þetta tengdist svolítið efri stéttum samfélagsins: Þarna voru börn sem voru annaðhvort mjög efnuð, eða krakkar sem höfðu rekist mjög illa í öðrum skólum og voru sendir þangað til að fá persónulegra utanumhald. Fólk hélt kannski að börnin fengju meiri athygli því það voru svo fáir nemendur. Það var hins vegar algjört kjaftæði,“ segir Kristján Hrannar.

„Ég fékk sem betur fer góð spil í lífinu til að byrja með. En börn sem

TAKK!

OPIN Í EITT ÁR



Opið til 20:00 í kvöld

HAPPY HOUR LUKKUHJÓL

Í dag er eitt ár síðan við opnuðum dyrnar að FlyOver Iceland. Við viljum nota þetta tækifæri og þakka Íslendingum nær og fjær ótrúlegar viðtökur. Það eru mikil forréttindi að geta boðið sýningu á heimsmælikvarða á litlu eyjunni okkar. **Við hlökkum** til að færa ykkur **ný ævintýri** á komandi mánuðum.

FlyOver ICELAND



Kaþólska kirkjan sá um rekstur Landakotsskóla til ársins 2005. Rannsóknarnefnd gerði athugasemd við þann skort á varðveislu gagna um mál nemenda frá þeim tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fengu aldrei séns, börn sem komu úr fátækt og erfiðum heimilisaðstæðum og lentu svo í þessum skóla ... Það gerði bara illt verra.“

Uppfullur af andúð við kirkjuna

Kristján Hrannar segir skólagönguna hafa litað líf sitt og viðhorf til kirkjunnar. Hann hafi upplifað mikla togstreitu í starfi sínu hjá Þjóðkirkjunni þar sem hann er organisti.

„Ég var einn af þeim ljónheppnu. Ég lenti ekki í kynferðisofbeldi eða líkamlegu ofbeldi. Mín saga er venjuleg, miðað við allan hryllinginn sem hefur komið fram. Ég lenti bara í andlegu ofbeldi. En þetta litaði mitt líf rosa mikið. Ég var langt fram á fullorðinsár endalaust uppfullur af skömm og reiði og andúð við kirkjuna.

Svo fór ég í tónlist, ætlaði að verða tónlistarmaður, og upplifði mikla togstreitu því mig langaði að verða organisti og kórstjóri. Ég vissi hreinlega ekki hvort mig langaði að vinna fyrir kirkjuna. Að styðja við það batterí, jafnvel þó það væri Þjóðkirkjan, en ekki kaþólska kirkjan. Ég var heillengi að gera þetta upp við mig.“

Kristján Hrannar lét þó ekki fortíð sína stöðva tónlistarferil sinn. Hann nam klassískan píanóleik hjá Ágústu Hauksdóttur og jazzpíanó hjá Þóri Baldurssyni og Agnari Má Magnússyni í FÍH og útskrifaðist með kirkjuorganistapróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2018.

Hann er tónskáld og hefur komið víða við sem bæði laga- og textahöfundur. Í fyrra hlaut hann styrk frá Tónmenntasjóði kirkjunnar, til að ljúka orgelverkinu +2,0 °C um hlýnun jarðar. Hann hefur starfað sem organisti og tónlistarstjóri Óháða safnaðarins frá árinu 2018 og stofnaði Óháða kórinn sama ár.

Treysti ekki eigin upplifun

Fyrrverandi nemendur séra George og Margrétar Müller eru allir mótaðir af tíma sínum í Landakotsskóla og hafa sumir þurft að vinna sig í gegnum áfallið sem því fylgdi.

Vinna að gerð heimildaþátta

Gunnþórunn Jónsdóttir og Þóra Tómasdóttir blaðamenn, Margrét Örnólfsdóttir handritshöfundur og Kristín Andrea Þórðardóttir framleiðandi, hafa síðustu tvö ár unnið að gerð heimildaþátta með Skot Productions sem nefnast Turninn og fjalla um ofbeldi séra George og Margrétar Müller í Landakotsskóla. Fyrr á þessu ári bættist öflugur meðlimur í hópinn þegar Ísold Uggadóttir var ráðin sem leikstjóri.

Fáir þekkja Landakotsmálið jafn vel og þær. Þóra afhjúpaði málið árið 2011 í Fréttatímanum, sem varð til þess að íslenska ríkið greip inn í. Gunnþórunn var sjálf í skólanum og sagði í samtali við Fréttablaðið í fyrra að hún hefði orðið vitni að alls kyns andlegu ofbeldi. Saman hefur hópurinn unnið mikla rannsóknarvinnu við að setja þetta umfangsmikla mál í



samhengi og gera það upp.

Turninn er nú í fjármögnunarferli og var verkefnið valið til þátttöku á Nordisk Panorama Forum fjármögnunarráðstefnunni, sem fram fer í næsta mánuði en þar mun teymið kynna verkefnið fyrir erlendum dagskrárstjórum og mögulegum meðframleiðendum.

Kristín Andrea framleiðandi hvetur fólk til að hafa samband við hópinn í gegnum Facebooksíðuna Turninn eða senda á netfangið turninn@skot.is . „Við erum alltaf á höttunum eftir fleiri púslum í heildarmyndina; frásögnum, bekkjarmyndum eða öðru myndefni úr Landakotsskóla, kirkjustarfinu og sumarbúðunum Riftúni frá því upp úr 1950 og fram á okkar tíma, svo ef fólk býr yfir einhverjum upplýsingum og myndefni biðlum við til þess að hafa samband,“ segir hún.

Kristján segist hitta fyrrverandi skólafélaga sína af og til. Oftar en ekki berist skólinn í tal.

„Þá ranghvolfir maður augunum og segir: „Þetta var nú meira ruglið.“ Þetta var raunveruleiki okkar sem börn. Maður fær nýja fortíð þegar maður þroskast og hugsar til baka. Þá endurskrifar maður skólagöngu sína í nýju ljósi.“ Kristján segir að hann hafi átt erfitt með að treysta eigin upplifun fram á fullorðinsárin og hafi hann heyrt aðra fyrrverandi nemendur segja það sama.

„Séra George og Margrét voru meistarar í að manipúlera, að beita blekkingum. Þau spiluðu mikið inn á þessi kaþólsku stef með sektarkennd og skömm. Þau voru að „gaslýsa“ börnin. Leyfðu okkur ekki að þroskast og uppgötva heiminn. Sannfærðu okkur um að upplifun okkar væri röng. Við fengum ekkert tilfinningalegt rými og það var búið að ákveða fyrir okkur hvernig okkur ætti að líða. Þetta var í raun mjög lúmskt.“

Hann minnist þess hvernig Margrét sundraði nemendum í góða og vonda hópa. Þau góðu fengu nammi fyrir vel unnin störf og hvatti hún þau til að „fórna sér“ með því að neita sér um nammi. Þá fengu þau plús í kladdann og var boðið að koma í „gistipartí“ á skólaloftinu þar sem hún bjó.

Kristján segist aldrei hafa „fórnað sér“ en að honum hafi runnið kalt vatn milli skinns og hörunds þegar hann las í fréttum, mörgum árum síðar, að bæði Margrét og George hefðu níðst kynferðislega á börnum.

Vonsvikinn út í hina kennarana

Margir hafa velt fyrir sér hvers vegna kaþólska kirkjan hafi leyft þessu að viðgangast. Ljóst er að fjölmargir hafa kvartað til kirkjunnar.

Enn fremur hafi þau sem stóðu börnunum næst, hinir kennararnir við skólann, þagað í gegnum öll þessi ár. Kristján segir engan vafa á að þau hafi vitað innst inni að eitthvað væri rotið innan veggja skólans.

„Ég finn aðallega fyrir vonbrigðum. Margir kennarar voru virkir í kirkjunni og ég held að fyrir marga þeirra hafi þetta verið rosalega erfið staða. Þau vissu innst inni að það væri eitthvað rotið undir þessu öllu. Vissu að ef þau myndu reyna að tækla það, þá væru þau að tækla kaþólsku kirkjuna. Stofnun sem þau höfðu falið líf sitt í alla sína ævi. Voru þau tilbúin að gera það? Það afsakar ekki neitt en maður skilur pínu að það hefði verið auðveldara fyrir þau að líta undan og fara frekar í afneitun.“

Kristján segist vera vonsvikinn að hinir kennararnir hafi ekki sagt neitt.

„Það voru auðvitað góðir kennarar þarna líka en mér finnst svo sárt að enginn þeirra hafi þorað að hringja viðvörunarbjöllum og benda á hvað væri að. Þau hljóta að hafa séð að eitthvað óeðlilegt væri í gangi,“ segir hann.

„Tókst vel að koma reglu á börn“

Bæði Séra Georg og Margrét Müller létu lífið áður en syndir þeirra komu í ljós. Naut Georg mikillar virðingar í þjóðfélaginu; hlaut fálkaorðuna árið 1994 fyrir störf að fræðslumálum og gerðist jafnframt staðgengill Reykjavíkurbiskups. Árin 1986 til 1988 og 1994 til 1995 stýrði hann biskupsdæminu sem postullegur umsjónarmaður þess. Séra George lést í júní 2008 og Margrét framdi sjálfsvíg í september sama ár. Það gerði hún með því að kasta sér út um turngluggann, beint á skólalóðina þar sem börnin léku sér.

Í minningargrein um Margréti frá árinu 2008 er hún sögð hafa verið „mjög elsk að börnum“. Samkennari Margrétar sagði hana hafa haft mikinn aga og ef til vill hefði sumum þótt hún nokkuð ströng.

„En henni tókst líka vel að koma reglu á börn, sem vanræktu námið, og þeir sem voru minni máttar áttu alla samúð hennar. Og börn vildi hún hafa í kringum sig“, stendur í greininni.

Ekki nóg að verða alltaf hissa

Kristján Hrannar veltir fyrir sér hvort samfélagið ætli stöðugt að verða hissa þegar ný mál um kerfisbundið ofbeldi gegn börnum spretta upp.

„Ég held að Ísland hafi verið mjög lokað land á tíunda áratugnum. Byrgismálið kemur upp árið 2006 og þar voru sömu viðbrögð. Allir voru svo hissa að Guðmundur í Byrginu, sem margir héldu að væri með góða starfsemi, hefði verið níðingur.“

Hann segir ákveðna hringrás endurtaka sig stöðugt í samfélaginu.

„Svona virðist þetta alltaf vera. Sagan kemur upp á yfirborðið. Allir verða hneykslaðir. Allir verða rosa hissa. Það er bara ekki nóg. Hver veit nema annar Landakotsskóli sé enn við lýði í dag? Ætlum við öll að verða hissa aftur og lofa því að svona gerist ekki aftur?“

FÓLK
Helgin
LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST 2020



Um síðustu helgi kom út alþjóðleg bók um stöðu kvenna í kvikmyndaiðnaði í ólíkum löndum. Í bókinni birtist grein eftir Guðrúnu Elsu Bragadóttur, þar sem hún segir frá rannsókn á stöðu kvenna í íslenskum kvikmyndaiðnaði. Niðurstöðurnar komu henni nokkuð á óvart. →4



Ísland er mitt eina heimili

Tónlistarkonan og hljóðverkfræðingurinn Zöe Ruth Erwin ólst upp í draumaborginni Los Angeles en heillaðist af Íslandi og Íslendingum þar sem þeir sátu að bóklestri við kertaljós um hábjartan daginn. →2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Zöe segir Ísland veita sér mikinn innblástur og hafa breytt bæði rödd sinni og tónsmíðum. Hún sækir mikið í náttúruna og bóklestur til að fá hughrif og gefur sér tíma til að nostra við minnstu smáatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framhald af forsíðu

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég er glaðvær að upplagi, mér þykir undurvænt um vini mína og ver miklum tíma í að valdefla aðrar konur í íslenska tónlistarbransanum. Ég á það líka til að vera afar hreinskilin og kaldhæðin en á sama tíma geri ég mitt besta til að jafna það út með eins mikilli blíðu og ég get," segir kalifornískа tónlistarkonan og hljóðverkfræðingurinn Zöe Ruth Erwin, spurð hver hún sé, þessi kraftmikla kona sem kom til Íslands upp á sitt einsdæmi til að sefa sorgir og semja lög.

Vá, hér mun ég deyja

Zöe vissi lítið sem ekkert um Ísland þegar hún keypti sér flugmiða hingað veturinn 2016.

„Þá var faðir minn nýfallinn frá og ég nýhætt í löngu ástarsambandi. Sú sára lífsreynsla gerði mig eðlilega dapra en í stað þess að leyfa því að éta mig upp tók ég skyndiákvörðun um að ferðast til lands sem ég hafði aldrei ímyndað mér að ég ætti eftir að heimsækja. Það var tilraun til að sjokkera taugakerfið og skrifa heila plötu," segir Zöe sem ætlaði sér upphaflega að dvelja á Íslandi í þrjár vikur en var hér í þrjá mánuði og samdi um áttatíu lög.

„Ég lenti í Keflavík á köldum nóvemberdegi og man enn andartakið þegar ég steig út úr flugvélinni og tók andköf þegar ég fékk ískaldan gustinn framan í mig. Þá hugsaði ég með mér: „Vá, hér mun ég deyja". Daginn eftir dreif ég mig á kaffihús þar sem fólk sat við kertaljós um hábjartan daginn og las bækur yfir kaffibolla. Þá varð ég gjörsamlega bergnumin og viss um að hér vildi ég vera."

Það sem gerir Zöe einmitt hvað glaðasta er bóklestur í kertaljósum og með kaffibolla við höndina. Líka að flakka um íslenska náttúru tímunum saman með dásamlega tónlist í eyrum en við þær aðstæður semur hún flest sín lög.

„Náttúran og lestur eru mitt brauð og smjör þegar kemur að tónlistarsköpun. Að taka sér drjúga stund í að stúdera munstur í klaka sem brotnar á frosinni á, að elta æðar á dauðu laufblaði eða hvert áin fer eftir að hún fellur fram af fossbrún. Ég botna í alvörunni ekki í fólki sem semur tónlist án þess að lesa bækur. Til að verða góður höfundur verður maður að lesa. Annað er eins og að segjast vera atvinnumaður í fótbolta án þess að hafa nokkurn tímann horft á fótboltaleik," segir Zöe.

Saknar amerísks tacos

Zöe ólst upp í draumaborginni Los Angeles þar sem fræga og ríka fólkið hefur margt fundið sér samastað.

„Ég held að það hafi verið eins og hver annar staður að alast upp í LA, maður verður svo vanur borginni að allur stjörnufansinn verður eðlilegur. Þó er varla til jafn streituvaldandi staður til að alast upp á og maður lærði ungur að vera kappsamur og ná sem lengst en það veldur því að maður missir af því að lifa í núinu og njóta umhverfisins," segir Zöe sem saknar þess helst frá Los Angeles að fá sér gott taco.

„Ég er vön því að geta ráfað á milli úrvals sölustaða á skrýtnum götuhornum og fengið mér besta taco í heimi fyrir aðeins 200 kall!"

Zöe segist frá fyrsta degi hafa fengið hlýjar móttökur hjá Íslendingum.

„Ég elska Íslendinga. Ég er svo lánsöm að hafa eignast dásamlegan vinahóp og vera hluti af samfélagi skapandi snillinga. Að vera í andrúmslofti þar sem fólk hefur ekki aðeins þau áhrif á mann að vilja verða enn betri tónlistarmaður og samverkamaður, heldur líka betri manneskja; það er ástæða þess að ég lít á Ísland sem mitt eina heimili. Íslendingar og Kaliforníubúar eiga svo sitthvað sameiginlegt, eins og kaldhæðni og almenna andstyggð á bandarískum stjórnmálum," segir Zöe og hlær.

Mikilvægt að vera sjálfbjarga

Zöe er menntaður hljóðverkfræðingur.

„Ég held að ég hafi ákveðið að læra hljóðverkfræði vegna þess að þar vantaði konur og það er svo mikilvægt að við konur séum fleiri í tæknigeiranum. Ég hef alltaf haft yndi af stærðfræði, lestri og tæknilegum hlutum og því var verkfræðin frábær leið til að blanda þeim áhugamálum saman við skapandi verkefnin mín," útskýrir Zöe.

Hún segir mikilvægt að skara fram úr á sem flestum sviðum tónlistarsköpunar til að viðhalda skapandi sjálfstæði.

„Það er frábært að vera góður höfundur en ef maður getur ekki tekið upp eða framleitt sín eigin lög sjálfur er maður alltaf í þeirri stöðu að reiða sig á smekk annars framleiðanda eða hljóðverkfræðings sem svo setur sinn brag á hljóm manns sem listamanns. En eftir því sem maður er sjálfstæðari og meira sjálfbjarga, því frjálsari verður maður og þeim mun fleiri möguleikar opnast."

Zöe segist alltaf hafa verið tónlistarunnandi enda alin upp af foreldrum sem voru tónlistarfólk, á sjöunda og áttunda áratugnum.

„Ég ólst því upp við að hlusta á klassískt rokk, þjóðlagatónlist, djass og blús. Ég komst hins vegar ekki í kynni við íslenska tónlist fyrr en eftir 1990 þegar Björk og Sigur Rós birtust á bandaríska markaðnum."

Svarið verður alltaf já

Í vikunni kom út nýtt lag með Zöe sem vinnur að plötu sem hún hyggst gefa út á nýju ári.

„Ætli það sé ekki best að skilgreina tónlistina mína sem þunga og djúpa en hún hefur líka í sér fíngerð blæbrigði, sérstaklega nýja

> **Ég botna í alvöru ekki í fólki sem semur tónlist án þess að lesa bækur. Til að verða góður höfundur verður maður að lesa. Annað er eins og að segjast vera atvinnumaður í fótbolta án þess að hafa nokkurn tímann horft á leik.**

efnið mitt. Þar reyni ég að tefla fram fleiri litum, ljósi og gleði á milli dimmu skýjanna til að skapa dýnamíska tónlistarupplifun; ekki bara í gegnum textana heldur líka hljóðheiminn, áferðina og hljóðfæraleikinn," segir Zöe.

Nýja lagið, Shook, fjallar um umskipti og breytingar.

„Til er máltæki sem segir: „Þorstinn býr innra með mér. Vatnið er þar líka". Það er stemningin í textanum og tónverkinu. Að við séum gæslumenn okkar eigin hindrana og lausna. Við höfum alltaf val og búum ávallt yfir kraftinum sem þarf til að velja," útskýrir Zöe um innihald nýju lagasmíðinnar.

Sjón er sögu ríkari þegar kemur að litríku og skemmtilegu myndbandinu við lagið.

„Vídeóið er 100 prósent sköpunarverk hinnar frábæru Birtu Ránar Björgvinsdóttur. Hún kom til mín annan hvern dag með brjálaðar hugmyndir og á endanum sagði ég: „Gerðu það sem þú vilt. Svarið verður alltaf já." Ég hef nefnilega þá trú að ef maður leyfir skapandi fólki að gera óhindrað það sem það er best í þá kemur það með allt sitt besta að borðinu."

Ísland hefur smeygt sér inn í tónsmíðar Zöe.

„Það dylst engum hvernig íslensk náttúra hefur haft áhrif á hljóðheim minn, í samanburði við hvernig hann var áður. Raddstíllinn hefur líka breyst og er miklu frjálsari núna, sem og stíll hljóðhönnunar minnar sem hefur orðið fyrir íslenskum, loftkenndum áhrifum."

Líf fullt af ást og sköpun

Zöe nýtur þess að lifa á meðal Íslendinga á þessari eyju í norðri.

„Sú lífsreynsla sem ég upplifi aftur og aftur og finnst enn svo ótrúlega sjarmerandi og fyndin er að fara í sundlaugina á hverjum morgni og hlusta á tal eldri kvenna sem sitja þar tímunum saman og ræða heimsmálin. Þar sem ég hef ekki enn fullt vald á íslenskunni skil ég bara brot af því sem þær segja en ég fæ mikið út úr því að hlusta á þær, sérstaklega þegar þær eiga í heitum samræðum um pólitíkina vestan hafs," segir Zöe og hlær dátt.

Hún elskar að fara út úr bænum í langar gönguferðir og vera þar dögum saman.

„Það fyllir hjarta mitt og huga og er sá tími sem er mest skapandi þegar kemur að lagasmíðum. Ef ég væri um helgi í Los Angeles færi ég í göngu í gegnum Malibu Canyon og endaði á ströndinni með taco og góða bók," segir Zöe sem elskar líka að elda indverskan mat frá grunni.

„En ég er afar slöpp í namminu. Ég hef alltaf kostið salt umfram sætt en nýt þess að fá mér sneið af gómsætri súkkulaðiköku sem búið er að skreyta með nafninu mínu úr kökuskrauti," segir Zöe sem er morgunhani að eðlisfari en finnst þó gaman að vaka fram eftir um helgar.

„Ég get líka horft á bíómyndirnar The Shining og Beetlejuice milljón sinnum án þess að fá leiða á þeim," segir hún kát.

„Mitt eina takmark er að lifa lífi sem er fullt af ást og sköpun, og að vera þakklát fyrir hverja einustu lífsins gjöf og kraftaverk í kringum mig."

Fótaóeirð horfin og ég fæ góðan nætursvefn

Soffía Káradóttir hafði lengi verið með fótaóeirð sem jókst með árunum. Hún átti erfitt með að sofa vegna þess en eftir að hún fór að taka inn Melissa Dream töflur er vandamálið úr sögunni.

Melissa Dream er vísindalega samsett jurtablanda, hönnuð til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Blandan inniheldur jurtir, amínósýrur, vítamín og steinefni sem hafa ekki sljóvgandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við eril dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitið er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ættu að ná yfir u.þ.b. 45–50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali 7–8 klst. svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.

Loksins góður nætursvefn

Soffía Káradóttir þekkir Melissa Dream og ber því vel söguna:

„Ég hef lengi verið með fótaóeirð sem hefur aukist með árunum og mér hefur reynst erfitt að sofa nógu vel vegna þess. Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream hefur þetta algjörlega breyst. Ég tek 2 töflur fyrir svefninn og innan hálftíma er öll óeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn. Að mínu mati eru þetta töfratöflur sem ég gæti ekki verið án og hef ég nú tekið Melissa Dream reglulega í 3 ár.“

Einbeitingarskortur og offita

Langvarandi röskun á svefni og svefnmynstri getur haft mjög alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar í för með sér. Einkenni svefnleysis eru m.a. þreyta yfir daginn, skapsveiflur og jafnvel þunglyndi og kvíði. Einbeiting versnar, slysahætta eykst og ýmis andleg og líkamleg vandamál. Sum einkenni geta líka dregið þann dilk á eftir sér að þau ýti undir frekara svefnleysi sem þýðir að við erum komin í vítahring sem þarf einhvern veginn að rjúfa.



Soffía Káradóttir hefur losnað við fótaóeirð með Melissa Dream.



Vilt þú sofa betur?

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Gott getur verið að borða ekki 2–3 tímum áður en lagst er til hvílu og passa að drekka ekki of mikinn vökva, bæði til að gefa meltingarfærunum pásu og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölvur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu sem á að vera vel loftað, myrkvað og hljóðlátt. Náttúruleg bætiefni reynast mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni hefur m.a. fengið viðurkenningu frá National Nutrition í Kanada í flokki bestu fæðubótarefna gegn streitu. Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið notuð í aldaraðir, m.a. til að bæta svefn. Þar er einnig að finna L-theanine, amínósýru sem finnst í svörtu og grænu tei og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Melissa dream inniheldur einnig fjölda vítamína og steinefna, þar á meðal;

> **„Ég tek 2 töflur fyrir svefninn og innan hálftíma er öll fótaóeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn“**
>
> **Soffía Káradóttir**

- B-6 vítamín sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi.
- B-12 sem stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins sem og eðlilegri sálfræðilegri starfsemi ásamt B1, B2 og B3.
- Magnesíum sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi sem og viðhaldi eðlilegra beina.

B-vítamín fyrir taugar, orku og ónæmiskerfið

B-complete inniheldur allar þær átta tegundir af B-vítamínum sem eru mikilvægar fyrir taugakerfið og styðja við náttúrulegt orkuumbrot líkamans, ásamt því að draga úr þreytu og lúa. Þau stuðla einnig að eðlilegri virkni ónæmiskerfis sem og eðlilegri sálfræðilegri starfsemi.

B-vítamín gegna því hlutverki að viðhalda góðri heilsu og vellíðan. Þau taka þátt í nýtingu orku úr fæðunni og eru mikilvæg fyrir ýmsa líkamsstarfsemi, svo sem starfsemi ónæmiskerfis, meltingarfæra, tauga, heila, vöðva, augna, hjarta, æðakerfis og myndunar rauðra blóðkorna. B-vítamín draga einnig úr þreytu og lúa og viðhalda eðlilegri slímhúð ásamt viðhaldi húðar, hárs og nagla.

Er ofskammtur hættulegur?

Þessar átta tegundir B-vítamína þjóna mismunandi hlutverkum í líkamanum. Þau eru vatnsleysanleg og þarf því að neyta þeirra reglulega. Ef við tökum þau inn í meira magni en líkaminn þarf á að halda á hverjum tíma, skilst umfram magn út með þvagi og því ætti ekki að hafa áhyggjur af ofneyslu.

B-vítamín eru mikilvæg fyrir ýmsa líkamsstarfsemi, svo sem starfsemi ónæmiskerfis, meltingarfæra, taugakerfis, vöðva, hjarta og æðakerfis.

B-vítamín eru sérstaklega mikilvæg fyrir eldra fólk og konur sem eru barnshafandi og með barn á brjósti. Fólínsýra, sem heitir öðru nafni B-9, er sérstaklega nauðsynleg fyrir konur sem huga á barneignir eða eru barnshafandi en það hjálpar til við þroska fósturs og dregur úr hættu á fæðingargöllum.



B-complete munnúði er nú loksins fáanlegur á Íslandi.

Aukin orka og betri svefn

Þó svo að B-vítamínin sjálf gefi okkur ekki orku, eru þau nauðsynleg til orkumyndunar. Líkaminn notar kolvetni, fitu og prótein sem orkugjafa, og þá er mikilvægt að B-vítamínin séu til staðar svo líkaminn geti nýtt þessa orkugjafa og umbreytt í nýtanlega orku. Margir sem byrja að taka inn B-vítamínblöndu finna fljótt gríðarlegan mun á sér. B-vítamínin hafa meðal annars góð áhrif á taugarnar og geta því haft slakandi áhrif á líkamann og þannig leitt til betri svefns. Þegar við náum góðum svefni hvílist líkaminn vel og nær að endurnýja sig; taugakerfið endurnærist og andlega hliðin styrkist.

> **Líkaminn þarf á um 13 vítamínum að halda og þar af eru 8 þeirra B-vítamín.**

Mataræðið skiptir máli

Flestir fá nóg af B-vítamínum með fjölbreyttu mataræði. Samt sem áður getur ýmislegt haft áhrif á upptöku næringarefna úr fæðunni. Unnar matvörur eða matur sem hefur verið eldaður við háan hita getur tapað miklu af þeim vítamínum sem eru til staðar í fæðunni frá náttúrunnar hendi. Svo geta undirliggjandi sjúkdómar (sérstaklega tengdir meltingarveginum), mikil áfengisneysla, ýmis lyf ásamt streitu og álagi sem tengist nútíma lífsstíl, einnig haft áhrif á upptöku bætiefna. Þekktasta vandamálið er skortur á B-12 vítamíni sem getur m.a. aukið hættu á taugasjúkdómum.

Einkenni um skort á B-vítamínum geta verið:

- Útbrot á húð
- Sprungur í húð kringum munn og hreistruð húð á vörum
- Bólgin tunga
- Þreyta og máttleysi
- Blóðleysi
- Pirringur eða þunglyndi
- Ógleði
- Magakrampar, niðurgangur, hægðatregða
- Dofi eða náladofi í fótum og höndum.

B-complete – munnúði sem tryggir upptöku

Better You vítamínin koma í formi munnúða sem tryggir góða upptöku gegnum slímhúð í munni. Örsmáar sameindir vítamínanna frásogast hratt í munni og eiga þannig greiða leið út í blóðrás líkamans. Munnúðar eru einföld leið til að taka inn vítamín og fyrir þá sem eiga erfitt með að kyngja töflum eða hafa undirliggjandi meltingarvandamál koma þeir sér sérlega vel. B-complete munnúðinn inniheldur náttúruleg bragðefni af ferskjum, plómum og hindberjum.

Niðurstöðurnar bæði svekkjandi og uppörvandi

Um síðustu helgi kom út alþjóðleg bók um stöðu kvenna í kvikmyndaiðnaði í ólíkum löndum. Í bókinni birtist grein eftir Guðrúnu Elsu Bragadóttur, þar sem hún segir frá rannsókn sem hún gerði á stöðu kvenna í íslenskum kvikmyndaiðnaði. Niðurstöðurnar komu henni nokkuð á óvart.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Rannsóknin snerist um að varpa ljósi á stöðu kvenna í íslenskum kvikmyndaiðnaði, eða að minnsta kosti að taka fyrstu skrefin í því, að sögn Guðrúnar Elsu.

„Fyrir tæpum tveimur árum hafði Fríða Rós Valdimarsdóttir samband við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á að skrifa grein fyrir alþjóðlegt greinasafn um stöðu kvenna í kvikmyndaiðnaðinum í ólíkum löndum. Mér fannst það strax mjög spennandi og ákvað að senda ritstjóranum, írsku fræðikonunni og aktívistanum Susan Liddy, lýsingu á kaflanum sem ég myndi skrifa. Henni leist vel á, en þegar að því kom að hefjast handa þá rann upp fyrir mér að afar takmarkaðar upplýsingar lágu fyrir um stöðu kvenna innan kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi," útskýrir hún.

„Hagstofan birti skýrslu árið 2018 sem sýndi að karlmenn höfðu leikstýrt 90 prósentum allra íslenskra frásagnarmynda og Kvikmyndamiðstöðin birtir upplýsingar um styrkúthlutanir og árangurshlutfall kvenna frá 2013 á heimasíðu sinni, en umfram þessar tölur, sem því miður voru hvergi nærri tæmandi, fann ég lítið sem ekkert."

Þetta varð til þess að Guðrún sjálf réðst í að búa til tölfræðilegan gagnagrunn um hlut kvenna í íslenskri kvikmyndagerð. Hún segir reyndar rétt að taka fram að aðeins gafst rými til að fjalla um frásagnarmyndir í þessari rannsókn.

„En þá lít ég líka aftur til tímabilsins eftir lýðveldisstofnun, þegar fyrstu leiknu, íslensku myndirnar í fullri lengd litu dagsins ljós. Heimildamyndir, sjónvarpsmyndir, stuttmyndir og aðrar tegundir kvikmyndagerðar verða því að bíða betri tíma. Hins vegar er hefð fyrir því að frásagnarmyndin sé í öndvegi þegar að kvikmyndamenningu þjóða kemur og því var ekki annað hægt en að byrja á þeim."

Guðrún segir að líta megi á frásagnarmyndir sem eins konar loftvog um stöðuna almennt innan kvikmyndaiðnaðarins. Til viðbótar við úrvinnslu gagna tók hún viðtöl við kvikmyndagerðarkonur, WIFT á Íslandi, sem eru samtök kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi, Kvikmyndamiðstöðina og fleiri, til að fá ríkari innsýn í stöðu kvenna í iðnaðinum, vandamálin sem staðið er frammi fyrir þegar kemur að jafnrétti í kvikmyndagerð og loks þær leiðir til úrbóta sem farnar hafa verið.

„Niðurstöðurnar voru í senn svekkjandi og uppörvandi. Tölfræðin hefði kannski ekki átt að koma á óvart í ljósi skýrslu Hagstofunnar. Ég komst í raun að því að á undanförnum áratug hefur konum farið fækkandi á öllum þeim sviðum kvikmyndagerðar sem þær hafa helst starfað á, síðan kvikmyndagerð komst á flug hér á landi á 9. áratugnum, að undanskildum framleiðendum, sem hefur fjölgað," segir Guðrún.

Guðrún telur þetta mikið áhyggjuefni þegar kvikmyndabransinn sjálfur hefur þanist mjög mikið út á sama tíma.



Guðrún Elsa segir að afar takmarkaðar upplýsingar um stöðu kvenna innan kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi hafi legið fyrir þegar vinnan við greinina hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikill vilji til að jafna hlut kynjanna

„Því sem ég komst að og var gleðiefni, er að mikill vilji er fyrir því að jafna hlut kynjanna. Það á bæði við um konur í kvikmyndagerð, sem ætla að breyta kúltúrnum í þessum mjög svo karlmiðaða iðnaði og Kvikmyndamiðstöð Íslands, sem er mikilvægasti styrktaraðili íslenskra kvikmynda."

Vandamálið er að hluta til skortur á konum sem sækja um styrki til kvikmyndamiðstöðvar, að sögn Guðrúnar.

„Þótt árangurshlutfall kvenna sem sækja um styrki hjá Kvikmyndamiðstöðinni sé hærra en karlumsækjenda, berast mun færri umsóknir frá konum," útskýrir hún.

WIFT á Íslandi hefur brugðist við þessu með því að hvetja stúlkur og ungar konur til þess að nýta sér kvikmyndamiðilinn til að segja sögur sínar. Árið 2015 kom félagið í því skyni á fót sumarnámskeiði í kvikmyndun fyrir stelpur á framhaldsskólaaldri, undir yfirskriftinni Stelpur skjóta.

> **Niðurstöðurnar voru í senn svekkjandi og uppörvandi. Tölfræðin hefði kannski ekki átt að koma á óvart í ljósi skýrslu Hagstofunnar.**

„Framtakið er ótrúlega spennandi og hefur vaxið á undanförnum árum, námskeið hafa verið haldin fyrir konur á aldrinum þrettán til þrjátíu ára og komið á fót samstarfi við konur á hinum Norðurlöndunum," segir Guðrún.

Kvikmyndamiðstöðin hefur hins vegar lagt áherslu á breytingar í stefnumörkun, til að hvetja konur til þess að sækja frekar um. Að auki hefur Kvikmyndamiðstöð lagt fram tillögur um aðgerðir og kostnað við að bæta hlut kvenna í greininni, þar er meðal annars gert ráð fyrir að verkefni þar sem kona er leikstjóri, handritshöfundur eða framleiðandi fái 20% aukalega í styrk. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur hins vegar enn ekki brugðist við tillögunum, að sögn Guðrúnar.

„En þegar ég hafði samband við ráðuneytið í maí 2019 fengust þau svör að drög að reglugerðarbreytingum, sem hugsanlega myndu taka á þessum málum, lægju fyrir og að áfram yrði unnið úr þeim á næstunni. Að mínu mati er lykilatriði að þessu máli sé siglt í höfn."

Guðrún segir að niðurstöður rannsóknarinnar hafi komið henni á óvart að sumu leyti. Þrátt fyrir að Hagstofan hafi bent á að kvenleikstjórar hefðu hlutfallslega leikstýrt færri myndum á nýliðnum áratug en þeim á undan, þá bjóst hún ekki endilega við því að staða kvenna hefði líka veikst á öðrum sviðum iðnaðarins.

Guðrúnu gafst ekki tími til þess í grein sinni að bera saman Ísland við önnur lönd. En bókin, sem kom út um síðustu helgi hjá Palgrave Macmillan og heitir Women in the International Film Industry: Policy, Practice, Power, hefur að geyma kafla eftir konur frá sautján löndum.

„Það verður afskaplega forvitnilegt að lesa hinar greinarnar og sjá snertifletina við umhverfið hér heima."



Nýsköpun á Íslandi

Kynningar:
Rannís, Össur, Aldin, IMS Vintage Photos, Háskóli Íslands, Kvikna, Controlant, Klak, Trackwell, Kerecis

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST 2020



Tryggvi Þorgeirsson og Þórdís R. Gylfadóttir hafa mikla trú á þeim fjölda verkefna sem fengu úthlutaða styrki frá Tækniþróunarsjóði í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tækniþróunarsjóður er gríðarlega öflugt verkfæri

Þórdís R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Tryggvi Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Sidekick Health og stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, telja hlutverk Tækniþróunarsjóðs, sem fékk aukið fjármagn í ár, þýðingarmikið tæki í þeim áskorunum sem liggja fyrir. →2

Framhald af forsíðu

Það hefur sjaldan verið jafn brýnt að efla og styðja við nýsköpun eins og nú. „Ef við byrjum bara að tala um mikilvægi nýsköpunar, þá getum við horft á það þannig að það sem þjóðfélagið þarf að gera er að vera stöðugt á tánum, að tryggja að við séum með sem breiðastar stoðir undir atvinnulífið og að við getum brugðist sem hraðast við ytri aðstæðum," skýrir Tryggvi frá.

„Og COVID er augljóst dæmi þar sem verður grundvallarumbylting á forsendum fyrir atvinnulífi. En svo eru líka bara á hverju ári, óháð COVID, stöðugar breytingar í gangi, bæði í tækniþróun og ýmsu. Ef það væri ekki fyrir nýsköpun þá værum við auðvitað bara föst í einhverjum gömlum sporum og næðum ekki að bregðast við. Þannig að nýsköpun, að mínu mati, er grundvallaratriði til þess að tryggja það að atvinnulíf hérna sé öflugt og vaxi og bregðist við þessum ytri aðstæðum."

Árangursríkt fyrirkomulag

Tryggvi segir að fyrirkomulagið sem Tækniþróunarsjóður vinni eftir hafi reynst afar vel við að koma til móts við hugmyndir á öllum stigum. „Ef við horfum svo á hlutverk Tækniþróunarsjóðs, þá er sjóðurinn gríðarlega öflugt tæki, sem er bara alls ekki til í öllum öðrum löndum. Þetta er svona tæki sem hjálpar til við að, í rauninni, finna og grípa nýsköpun, allt frá því sem við köllum „fræ", sem eru bara hugmyndir sem fólk gengur með í maganum og er ekki einu sinni búið að fullmóta en telur sig hafa eitthvað. Þar er hægt að sækja, með tiltölulega einföldum hætti, um styrk, sem er þá að sama skapi frekar lítill en leyfir viðkomandi að einblína í nokkra mánuði á þessa hugmynd og byrja að móta hana," upplýsir hann.

„Það má líka segja að á þessu fyrsta stigi sé annað, sem við köllum „hagnýt rannsóknarverkefni", sem er þá eiginlega brú, úr til dæmis háskólaumhverfi yfir í atvinnulíf, þar sem það eru kannski einhverjir úr háskóla eða spítala með einhverjar hugmyndir, og fá styrk hjá okkur til að prófa það í átt að hagnýtingu."

Tryggvi segir næstu þrep svo snúa að hugmyndum sem séu komnar lengra af stað. „Ég myndi segja að þessi fræ og hagnýt rannsóknarverkefni séu svona til að grípa hugmyndir, byrja að móta þær yfir í hagnýtingu, og síðan er þetta sett upp þannig að sjóðurinn getur fylgt verkefnunum úr hlaði. Þannig að við byrjum þarna, svo getum við færst upp í flokk sem heitir sproti, þar sem þú færð hærri upphæð, færð að stækka og þróa verkefnið áfram, og svo upp í stærsta flokkinn sem er kallaður „vöxtur". Þar færðu enn þá meira fé þegar þú ert búinn að sanna þig, og þarft að vera kominn lengra með verkefnið. Þetta er ekki lengur bara hugmynd, þú þarft að vera búinn að sýna fram á að hún eigi innistæðu, og þá geturðu sótt um stærri styrk til að þróa hana áfram," útskýrir hann.

„Síðan er stærsta útgáfan af því sem kallast „sprettur", til að virkilega stíga hratt fram. Þegar þú ert kominn á þann stað þá þarft þú auðvitað að vera tilbúinn að standa á eigin fótum með tekjuinnflæði og ytri fjárfestingu og svo framvegis."

Skilvirkt báðum megin

Tryggvi hefur setið báðum megin við borðið og segir kerfið skilvirkt og útkomuna oft afar farsæla. „Þetta finnst mér hafa virkað vel og ég segi það ekki bara sem stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, heldur hef ég líka reynt það á eigin skinni. Ég var á árunum



Tryggvi og Þórdís hvetja konur ásamt einstaklingum og fyrirtækjum af landsbyggðinni að hika ekki við að sækja um styrki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

2012–2013 læknir á Landspítalanum með hugmyndir í maganum um að við gætum gert og staðið okkur betur og nálgast hlutina öðruvísi í heilbrigðiskerfinu og sótti um styrk í Tækniþróunarsjóð 2013, fyrir nýjar hugmyndir varðandi notkun á heilbrigðistækni. Ég fékk styrk um vorið og það leyfði mér að fara af stað með mitt verkefni.

Annars hefði mitt verkefni sennilega aldrei farið af stað og í dag veitum við 28 manns atvinnu og erum að vaxa mjög hratt, og höfum einmitt farið þennan tröppugang með litlum styrkjum upp í stærri og erum núna komin með hundruð milljóna í erlenda fjárfestingu og erlendar tekjur og erum farin að standa á eigin fótum. Þannig að frá báðum hliðum hef ég séð þetta kerfi virka vel."

Nýsköpun lykilatriði

Þórdís segir verkefni af þessum toga geta haft gífurlega margþætt og mikilvæg áhrif á líf margra. „Fyrirtækið sem Tryggvi nefnir er líka auðvitað bæði dæmi um atvinnusköpun, þar myndast ný og spennandi störf, það kemur inn nýtt fjármagn og það eru fjárfestar sem hafa trú á verkefninu. En það er auðvitað líka dæmi um hugmynd sem hjálpar okkur að leysa áskoranir og vandamál, þetta er hugmynd sem hjálpar fólki að lifa betra lífi."

Atburðarás undanfarinna mánaða hafi svo leitt enn betur í ljós hversu brýnn þessi málaflokkur sé. „Sama á hvaða sviði þú ert í nýsköpun, þá gengur þetta í grunninn út á það að gera oft meira, eða búa til meiri verðmæti úr því sama, og nota hugmyndir til að gera það. Og nýsköpun er í rauninni bara tækið sem við þurfum til að leysa allar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Það var staðan fyrir COVID og hún verður svo augljós, tel ég, í miðju COVID."

Þá segir Þórdís mikið í húfi. „Þau lönd sem ætla sér að sækja fram og bjóða upp á sem best lífskjör og lífsgæði, þau lönd leggja ofuráherslu á nýsköpun, það er bara þannig. Þú getur ekki verið framúrskarandi samfélag þegar kemur að lífskjörum og lífsgæðum og fókuserað ekki á nýsköpun, það er bara ekki hægt. Og stjórnvöld hafa hlutverki að gegna. Tækniþróunarsjóður er einfaldlega bara mjög öflugt verkfæri til að ná þessu fram."

Tækifæri og áskoranir

Hún telur fjölda umsókna endurspegla þá miklu grósku sem býr í íslensku samfélagi. „Við höfum eflt sjóðinn á undanförnum árum, en það er samt þannig að hlutfallið sem fær styrk er mjög lágt, þrátt fyrir að við höfum eflt sjóðinn árið á undan. Það segir auðvitað ýmislegt um hugmyndirnar og tækifærin sem eru þarna úti. Þannig að þarna er fjármunum vel varið og hægt að telja upp fjöldann allan af ótrúlega öflugum fyrirtækjum sem eru að leysa alls konar áskoranir og hafa skapað eftirsóknarverð störf og tekið inn nýtt fjármagn erlendis frá og svo framvegis. Það er hægt að nefna svo mörg fyrirtæki sem komust af stað af því að þau fengu úthlutað úr Tækniþróunarsjóði."

Þórdís segir mikilvægt að skapa eftirsóknarvert umhverfi. „Ef maður ber það saman við aðrar undirstöðugreinar, þá tók Ísland langan tíma að byggja upp öflugan sjávarútveg og ríkið hafði líka þar hlutverki að gegna og það sama á við í þessu. Það er mikil samkeppni um öflugt fólk með þekkingu og metnað til að skara fram úr og við viljum að það fólk sjái tækifærin hér, búi hér, stofni fyrirtækin sín hér og hafi umhverfi sem gerir þessum fyrirtækjum svo kleift að vera áfram hér."

Skjót og öflug viðbrögð

Tryggvi segir Þórdísi og yfirvöld hafa brugðist sérstaklega vel við þeim áskorunum sem við stöndum nú frammi fyrir. „Ef við horfum á árið í ár þá er það búið að vera mjög sérstakt, og okkur hjá sjóðnum hefur þótt nýsköpunarráðherra, ríkisstjórnin og Alþingi bregðast gífurlega hratt og vel við. Það hefur verið mjög áberandi að Þórdís hefur mikla ástríðu fyrir þessum málaflokki, hún fylgist vel með, talar mikið við frumkvöðla vítt og breitt og áttar sig á áskorunum

> Við viljum að öflugt og metnaðarfullt fólk sjái tækifærin hér, búi hér, stofni fyrirtækin sín hér og hafi umhverfi sem gerir þessum fyrirtækjum svo kleift að vera áfram hér.

og hvað þarf að gera betur. Það hefur verið mikill áhugi og velvilji til að gera vel og stöðugt betur í þessum flokki og núna í COVID fékk sjóðurinn 700 milljóna króna aukaframlag sem nýttist mjög vel og það sem við gerðum til að bregðast við aðstæðum og þessu aukna framlagi var að við bæði stækkuðum og flýttum úthlutunum. Við vorum núna í vikunni að tilkynna um úthlutun úr því sem er venjulega haustúthlutun, sem kemur nokkuð seint á árinu, oft undir lok árs, en náðum að klára það í sumar."

Hann segir mikla vinnu hafa farið í þessar aðgerðir. „Það var auðvitað fyrir frábæra vinnu, bæði starfsfólks Rannís og fagráðsfólks, sem hefur unnið mjög stíft yfir sumarið í að fara yfir 400 umsóknir sem bárust fyrir þessa sumarúthlutun. Það var gífurleg vinna að fara yfir það og ofboðsega mikið af frambærilegum umsóknum."

Þó hafi því miður mörg verkefni ekki komist að í ár. „Það er eðli samkeppnissjóða að færri komast að en vilja, það var það mikið af umsóknum að það voru bara 8% sem fengu þessa sumarúthlutun en í heildarmeðaltali yfir árið eru þetta 10% sem hafa fengið. En það þýðir líka að við teljum þau sem komast að gríðarlega öflug verkefni. Yfir árið hafa í heildina borist nærri 900 umsóknir, sem er 40% aukning milli ára. Það hafa 130 fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir fengið nýja styrki, fyrir utan þá sem eru að fá framhaldsstyrki, og í heildina eru þetta hátt í þrír milljarðar króna sem sjóðurinn er búinn að úthluta," upplýsir Tryggvi.

Þórdís segir þessar aðgerðir hafa verið afar áhrifaríkar. „Sjóðurinn er auðvitað að bregðast við mjög hratt og skilvirkt við þessum aðstæðum og gera það sem gera þarf til að hægt sé að taka á móti mörg hundruð milljóna til viðbótar án þess að gefa nokkuð eftir af gæðakröfum til þess einmitt að koma þessu fjármagni í vinnu. Við erum raunverulega að sá fræjum."

Vilja breiðari hóp

Þá segir Tryggvi ekki síður áríðandi að efla nýsköpun innan sjóðsins. „Sjóðurinn er alveg eins og atvinnulífið, við þurfum nýsköpun í sjóðnum og stöðugt að breytast til að bregðast við ytri aðstæðum, aðlaga okkur og bæta okkur eins og aðrir. Við erum með ýmsa hluti í okkar stefnumörkun þar sem við leggjum áherslu á að gera stöðugt betur. Þar á meðal viljum við fá öflugri umsóknir utan af landi og frá báðum kynjum. Eins og í atvinnulífinu almennt er hlutfall umsókna þar sem konur eru við stjórn í fyrirtækjum, stofnendur eða lykilstjórnendur, auðvitað lægra hlutfall en við myndum vilja og við viljum hvetja konur til að vera óhræddar við að sækja um og sömuleiðis fólk utan af landi, að kynna sér starfsemi sjóðsins og sækja óhikað um."

Þórdís tekur undir orð Tryggva. „Tækniþróunarsjóður er líka öflugt tæki einmitt til að gefa fólki tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri og tækifæri til að breikka hópinn sem almennt eru forsvarsmenn fyrirtækja með fjármagn á bak við fyrirtæki og stjórnendur fyrirtækja. Þess vegna leggur sjóðurinn mikið upp úr því, við viljum gjarnan sjá mjög fjölbreyttan hóp að baki þessum umsóknum, bæði varðandi kyn og hvaðan hugmyndirnar koma. Þetta er auðvitað samkeppnissjóður til að gera Ísland sterkara og þá viljum við að sú tjörn sé með sem flestum fiskum. Við erum að veðja á það að með því að vera með svona sterkt umhverfi þá verði til sigurvegarar og upp úr því koma öflug og stöndug fyrirtæki með tíð og tíma. Við erum ekki að velja þá sigurvegara, við erum bara að tryggja að það sé til umhverfi þar sem þeir verða til."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

BIOEFFECT

ÍSLENSKT HUGVIT OG NÝSKÖPUN



BIOEFFECT eru háþróaðar íslenskar húðvörur í eigu ORF Líftækni sem er leiðandi fyrirtæki í plöntulíftækni þar sem öll vöruþróun, rannsóknir og framleiðsla fer fram á Íslandi.

BIOEFFECT húðvörurnar eru framleiddar úr íslensku byggi sem ræktað er í hátæknigróðurhúsi félagsins í Grindavík. **BIOEFFECT** húðvörurnar eru margverðlaunaðar fyrir virkni og nýsköpun og seldar um allan heim.

ORF Líftækni hefur í gegnum árin notið stuðnings Tækniþróunarsjóðs við uppbyggingu félagsins og þökkum við þeim stuðninginn.

bioeffect.is | @bioeffectofficial | facebook.com/bioeffecticeland

ORF LÍFTÆKNI

Bjarga menningarverðmætum

Fyrirtækið IMS Vintage Photos hefur unnið hörðum höndum að því að þróa hugbúnað sem tryggir varðveislu á þeim mikilvægu menningarverðmætum sem felast í ljósmyndabönkum.

Arnaldur Gauti Johnson, framkvæmdastjóri, lýsir starfsemi fyrirtækisins á eftirfarandi vegu: „Við erum að þróa tækni sem er að bjarga menningarlegum verðmætum og koma þeim á sama tíma í hendurnar á almenningi.“

Árangursríkur hugbúnaður

Fyrirtækið njóti mikillar sérstöðu á heimsvísu. „Við erum eina fyrirtækið í Evrópu sem er að gera þetta sem við erum að gera. Það er eitt annað fyrirtæki í Bandaríkjunum sem er að gera álíka. Við erum að selja upprunalegu ljósmyndirnar úr myndasöfnum dagblaðanna.“

Arnaldur segir árangurinn hafa verið ótrúlegan. „Við erum að þróa gervigreind sem minnkar tímann og kostnaðinn við að flokka og setja svona myndir á stafrænt form. Þegar við byrjuðum vorum við með 14 mínútur með hverja mynd, en við erum búin að ná að minnka það niður í um það bil þrjár mínútur og stefnum á að ná þessu niður í svona mínútu að meðaltali á mynd, sem er gríðarleg lækkun. Þarna er verið að skrásetja alveg gífurlega mikið af upplýsingum. Við erum búin að þjálfa vitvélar (e. machine learning) í að ná texta sjálfvirkt af myndunum, greina textann, finna ártöl og snúa myndunum eftir skönnun.“

Fyrirtækið hefur notið mikillar alþjóðlegrar velgengni. „Við erum búin að gera samninga við mörg stór útgáfufélög eins og til dæmis Daily Telegraph og Independant í Bretlandi erum búin að fá allt myndasafnið þeirra og skanna það. Svo erum við búin að gera samninga við tvö af stærstu útgáfufélögum Þýskalands, sem eru meðal annars með Bild. Þá



Arnaldur Gauti Johnson, framkvæmdarstjóri IMS Vintage Photos. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

erum við einnig með stærsta útgáfufyrirtæki Svíþjóðar, TT, annað stærsta og elsta í Belgíu, og vorum að gera samning við það stærsta í Möltu.“

„Við erum búin að tryggja okkur núna 25 milljónir ljósmynda sem við munum setja á stafrænt form og selja, og erum búin að skanna í kringum 2,5 milljón mynda í dag. Þannig að við erum búin að tryggja okkur tífalt það sem við höfum gert nú þegar.“

Hálfgerð tilviljun

Blaðamaður spyr hvernig þetta hófst allt saman. „Það var eiginlega bara fyrir tilviljun. Við vorum hefðbundinn ljósmyndabanki, með Nordic Photos, og seldum þar stafrænar ljósmyndir. Svo keyptum við gamalt sænskt félag, stofnað 1946, sem hét IMS og í kringum 2012 förum við að velta fyrir okkur, því það fylgdi með mikið af upprunalegum pappírsmyndum sem voru í raun bara fyrir okkur, því við vorum 100% stafrænt fyrirtæki,“ útskýrir hann.

„Svo förum við að skoða þetta betur og komumst að því að það voru engir samningar um réttindi á þeim, þannig að við gátum ekki selt þær í þessu módeli sem við vorum að gera, sem var að selja notkunarréttinn á þeim. En eftir úttekt komumst við að því að við eigum pappírsmyndirnar, raunverulegu myndirnar sjálfar, og þá förum við að prófa okkur áfram með að skanna þær og selja á netinu á Ebay og Amazon.“

Hófst þá tækniþróun og atburðarás, sem enn sér ekki fyrir endann á. „Þá byrjaði boltinn að rúlla og þegar við kláruðum það safn, það voru um 250.000 myndir, fórum við að tala við önnur söfn og bjóða þeim að taka og skanna inn þeirra myndasöfn. Þau fá þá öll stafrænu eintökin, en við fáum að eiga pappírseintökin og selja þau og svona byrjaði þetta. Við erum búin að gera held ég tólf samninga, það eru allir mjög ánægðir með þetta og svo höfum við þróað sífellt betri tækni til að gera þetta á meiri hraða og stærri skala.“

Tveir hópar viðskiptavina

Arnaldur segir viðskiptavini fyrirtækisins tvenns konar. „Viðskiptavinir okkar eru tvíþættir, annars vegar erum við búin að búa til kerfi sem þjónustar dagblöð úti í heimi sem eiga gömul myndasöfn og erum að setja allt á stafrænt form fyrir þá, flokka og skipuleggja. Í staðinn fáum við að eiga upprunalegu pappírseintökin. Svo erum við búin að búa til öflugt sölukerfi. Þar erum við selja til einstaklinga pappíreinstökin af ljósmyndunum. Það er okkar viðskiptamódel sem gerir þetta kleift, að setja gömlu myndirnar á stafrænt form og verða þannig aðgengilegar almenningi.“

„Viðskiptavinir okkar eru ýmist að safna verðmætum myndum eða gefa þýðingarmiklar gjafir. Safnaranir finna eitthvað á myndunum sem þeir hafa áhuga á. Aðrir finna til dæmis myndir af sjálfu sér eða einhverjum tengdum, ömmum þeirra eða öfum sem birtist í dagblöðum eins og Telegraph eða Independant sem þeir hafa jafnvel aldrei séð. Síðan er það fólk sem er að kaupa eitthvað einstakt og gefa, kannski er einhver sem elskar einhvern tiltekinn boxara eða hefur áhuga á stangveiði.“

Fjárfesting af þessu tagi er algjörlega einstök. „Menn eru að finna flottar upprunalegar myndir og verður því gjöfin afar sérstök og getur höfðað á einstakan hátt til viðkomandi. Myndir sem eru jafnvel 60 ára gamlar með stimplum aftan á eða nóteringar frá blaðamanninum á sínum tíma. Við prentum þær ekki út stafrænt. Þegar við seljum mynd þá er hún bara seld og enginn önnur til sölu.“

Hvaða mynd hefur komið mest á óvart? „ Það voru myndir sem voru úr einkasafni Mussolini, það var bréf með í umslaginu sem hershöfðingi úr breska hernum stal af skrifstofum Mussolini. Svo voru allir frægustu ljósmyndarar heims á einhverjum tímapunkti blaðaljósmyndarar.“

Vilja gera nýsköpun aðgengilega

Nýsköpunarvikan er hátíð sem verður haldin dagana 30. september til 7. október 2020 og er samsett af spennandi viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum tengdum nýsköpun.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Nýsköpunarvikan er haldin í fyrsta skipti núna í haust, en þar verða ýmsar uppákomur tengdar nýsköpun, þvert á allar atvinnugreinar.

Einn skipuleggjenda hátíðarinnar, Edda Konráðsdóttir, segir að markmið hátíðarinnar sé að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi, varpa ljósi á nýsköpun innan rótgróinna fyrirtækja og veita frumkvöðlafyrirtækjum tækifæri til að kynna eigin nýsköpun og deila þekkingu með nýsköpunarsamfélaginu.

„Hátíðin er fyrir alla. Líkt og Hönnunarmars var gerður aðgengilegur almenningi og hefur þannig gert hönnun aðgengilega, viljum við gera nýsköpun aðgengilega. Ætlunin er að koma af stað samtali milli nýsköpunarfyrirtækja, frumkvöðla og almennings, og markaðssetja íslenska nýsköpun utan landsteinanna til þess að laða að erlenda frumkvöðla og fjárfesta,“ segir Edda.

„Nýsköpun er núna orðið svo mikið tískuorð. Margir eru að tala um nýsköpun, en það eru ekki allir sem gera sér endilega grein fyrir



Þau Freyr Hólm Ketilsson og Edda Konráðsdóttir eru skipuleggjendur Nýsköpunarvikunnar, ásamt Melkorku Sigríði Magnúsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

því hvað nýsköpun er. Nýsköpun er ekki bara ein atvinnugrein heldur nær hún þvert á allar atvinnugreinar. Það er nýsköpun í sjávarútvegi, nýsköpun í tæknigeiranum, í heilbrigðistækni, ferðaþjónustu og svo framvegis.“

Gestum Nýsköpunarvikunnar býðst að sækja ótal skemmtilega og fræðandi viðburði sér að kostnaðarlausu og gefst þannig kostur á að kynnast nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi innan fyrirtækja í atvinnulífinu, en líka þeirri fjölbreyttu flóru sem einkennir íslenska frumkvöðla og sprotafyrirtæki.


Sem dæmi um ólíka viðburði í vikunni er Opnunarhóf í samstarfi við Marel og Grósku, Lausnarmót Nýsköpunarvikunnar sem inniheldur Fjártæknihakkaþon og Heilsuhakkaþon í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Fjártækniklasann, Arion banka og Landlækni, Samnorræn málstofa um nýsköpun í heilbrigðismálum í samstarfi við Nordic Innovation, Háskóli Íslands verður með ýmsa streymisviðburði um nýsköpun og hinir ýmsu aðilar á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, FKA, Verkís, CCP, Advania, Hugverkastofu, Fjármálaráðuneytið, Icelandic Startups, Rannís, Íslenska ferðaklasann og fleiri, munu halda viðburði tengda nýsköpun.

„Lausnarmót er íslenska orðið yfir hakkaþon. Þetta er ekki endilega forritun, svo orðið hakkaþon getur verið svolítið villandi. Þess vegna köllum við þetta lausnarmót. Lausnarmótið er í raun og veru leið til að kalla eftir lausnum við ákveðnu vandamáli,“ útskýrir Edda.

„Samstarfsaðilar okkar, eins og til dæmis Arion banki eða Landlæknir leggja til ákveðin gögn. Ákveðin vandamál sem þarf að leysa. Fólk getur svo komið og prófað að búa til lausnir. Þetta þurfa ekki endilega að vera tæknilausnir heldur geta lausnirnar verið af ýmsum toga.“

Auk Eddu standa þau Freyr Hólm Ketilsson og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir að Nýsköpunarvikunni. Þau hafa áralanga reynslu af vinnu innan nýsköpunarsamfélagsins, bæði innan rótgróinna fyrirtækja og frumkvöðlaheimsins.

Upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu hátíðarinnar nyskopunarvikan.is.



Með útgáfu tímarits um nýsköpun vilja Samtök iðnaðarins leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins. Í tímaritinu er horft á nýsköpun út frá fjölmörgum sjónarhornum.

Á tímum sem þessum er mikilvægt að horfa til framtíðar og skoða hvaða möguleika við höfum til framgangs og vaxtar. Ísland stendur á krossgötum og vegurinn áfram felst í nýsköpun af hvaða toga sem er. Með því að styðja við umgjörð og hvata til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum eflum við samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Vefútgáfa tímaritsins er aðgengileg öllum landsmönnum á vef SI, www.si.is.

2022 ÁR NÝSKÖPUNAR

SI Samtök iðnaðarins

Eins og skrifað væri í skýin

Hugbúnaðar- og vélbúnaðarfyrirtækið Controlant framleiðir hundruð þúsunda hitastigs- og staðsetningarskynjara sem notaðir eru til að vakta lyf og matvæli í öllum löndum heimsins.

Markmið Controlant er að sem flestir í heiminum geti fengið örugg lyf, ásamt því að minnka lyfja- og matarsóun. Því erum við glöð og stolt að geta lagt okkar af mörkum í heimsfaraldrinum og hafa þar jákvæð áhrif," segir Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant.

Controlant er hugbúnaðar- og vélbúnaðarfyrirtæki sem framleiðir hitastigs- og staðsetningarskynjara sem settir eru með vörum til flutninga og halda uppi rauntímaeftirliti á allri virðiskeðjunni, svo hægt sé að fylgjast með ástandi og staðsetningu vörunnar hvar sem er í heiminum.

„Skynjararnir skapa verðmætar upplýsingar um hvar vandamál liggja á leið vörunnar, hvar vörurnar eiga á hættu að skemmast og hvar óhöppin verða, en allar upplýsingar koma sjálfkrafa, svo framarlega sem lausnin frá Controlant er notuð. Með henni ertu engum háður, veist allt um virðiskeðjuna þína og getur mælt hvernig flutningsaðilinn er að standa sig, því menn nota mismunandi pakkningar til að verja vörurnar fyrir hitastigsáföllum og geta þá séð hvernig allt virkar úti í mörkinni," útskýrir Gísli.

Yfir níutíu prósent samstarfsaðila Controlant eru í lyfjageiranum, en fyrirtækið starfar einnig með aðilum í matvælageiranum.

„Í dag eru gerðar strangar kröfur þegar lyf eru flutt á milli landa og þá verður að vera hægt að sanna að hitastigið hafi verið innan marka áður en sjúklingar mega fá lyfið. Lyfjafyrirtæki geta því ekki starfað nema að hafa þessar upplýsingar tiltækar og það gerir okkur að mjög mikilvægum aðila í þeirri starfsemi," segir Gísli, sem hjá Controlant vinnur líka náið með flutningsaðilum.

„Við látum vita ef áhætta er til staðar og getum þá brugðist við til að koma í veg fyrir að vara skemmist, og nú þegar höfum við afstýrt tjónum sem hlaupa á tugum milljarða hjá stóru lyfjafyrirtækjunum," segir Gísli.



Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant, býst við að ráða fimm manns á viku til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lykilaðili fyrir lyfjafyrirtæki

Controlant var stofnað árið 2007 í því augnamiði að búa til þráðlausa skynjara sem gefa upplýsingar á rauntíma.

„Við stofnuðum fyrirtækið rétt áður en svínaflensufaraldurinn skall á og ákváðum þá að herja á lyfjageirann. Þegar svínaflensan svo kom var farið að búa til bóluefni sem keypt voru til landsins og var fyrsta stóra verkefnið okkar í lyfjageiranum að vakta bóluefnin sem komu til landsins. Nú, í miðjum heimsfaraldri COVID-19, er eins og framtíð Controlant hafi verið skrifuð í skýin, því nú keppast lyfjafyrirtæki heimsins við að koma með bóluefni sem fyrst og við erum orðin lykilaðili í þeirra starfsemi, til að geta dreift bóluefnum á þeim hraða og skala sem þarf á næstu mánuðum. Nú þarf að senda lyfin express frá framleiðanda yfir á sjúkrahúsin, sem þýðir að allar rauntímaupplýsingar og tímarammar, til að geta tekið ákvörðun um hvort lyf megi fara í sjúkling eða ekki, eru styttri og ekki gerlegt að gera þetta nema með rauntímatækni. Við höfum undirbúið okkur vel fyrir þetta og nú er allt að raungerast," segir Gísli.

> **Við erum glöð og stolt að geta lagt okkar af mörkum í heimsfaraldrinum og hafa þar jákvæð áhrif.**
>
> **Gísli Herjólfsson**

Allt gerist nú á ljóshraða

Controlant er íslenskt fyrirtæki frá A til Ö og eru allar uppfinningar og búnaður fyrirtækisins íslenskt.

„Við höfum stækkað mikið síðan 2007 og erum nú með yfir 90 starfsmenn og hundruð þúsunda tækja sem vakta lyf í öllum löndum heimsins. Við gerum ráð fyrir að ráða allt að fimm manns á viku næstu misserin. Það hefur verið mikill vöxtur og árangur síðastliðna átján mánuði. Þar hefur COVID-19 auðvitað áhrif, en við höfðum einnig tryggt okkur samninga við fjögur stærstu lyfjafyrirtæki heims, auk ótal smærri. Hlutirnir hafa gerst ansi hratt og nú gerist allt á ljóshraða út af COVID-19," segir Gísli.

Nánar á controlant.com



Markáætlun um samfélagslegar áskoranir

Umsóknarfrestur framlengdur til 17. september

Umsóknarfrestur fyrir Markáætlun um samfélagslegar áskoranir sem vera átti 1. september nk. hefur verið framlengdur til 17. september vegna Covid-19 faraldursins.

Markmið með styrkveitingum er að hraða framförum í þremur flokkum:

- Umhverfismál og sjálfbærni
- Heilsa og velferð
- Líf og störf í heimi breytinga

Umsóknarfrestur rennur út 17. september kl. 16:00.

Fyrirtæki, háskólar og rannsóknarstofnanir eru sérstaklega hvött til þess að sækja um.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Frá afhendingu viðurkenninganna. Talið frá vinstri: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, nýsköpunarráðherra, Ingólfur Guðmundsson, forstjóri CRI, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis, Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling, og Árni Sigurjónsson, formaður SI.

Vaxtarsproti ársins er Kerecis

Kerecis hóf starfsemi árið 2013, en fyrirtækið framleiðir afurðir byggðar á affrumuðu þorskroði, sem hafa jákvæð áhrif á frumuvöxt og eru notaðar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum, einkum hjá fólki með sykursýki. Fyrirtækið er einnig með starfsemi í Bandaríkjunum.

Rekstrartekjur fyrirtækisins jukust um 142 prósent á milli áranna 2018 og 2019, en þær fóru úr rúmum 500 milljónum króna í yfir 1,2 milljarða króna. Kerecis hlaut jafnframt sérstaka viðurkenningu fyrir að hafa í fyrsta sinn náð veltu yfir 1 milljarði króna á árinu 2019. Þetta er í annað sinn sem Kerecis hlýtur nafnbótina Vaxtarsproti ársins, en árið 2017 hlaut fyrirtækið einnig Vaxtarsprotann.

Tvö önnur fyrirtæki, Carbon Recycling International og Pure North Recycling, hlutu einnig viðurkenningar fyrir mikinn vöxt í veltu á milli ára. Carbon Recycling International rekur verksmiðju í Svartsengi, sem framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni og þróar tæknilausn til að framleiða vistvænt eldsneyti. Velta fyrirtækisins jókst um 78 prósent á milli ára. Pure North Recycling endurvinnur plast með umhverfisvænum orkugjöfum og er jarðvarmi í aðalhlutverki. Velta fyrirtækisins jókst um 59 prósent á milli ára.

Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Þetta er í fjórtánda skiptið sem viðurkenningarnar eru veittar, en tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti, og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Í dómnefnd voru Ari Kristinn Jónsson fyrir Háskólann í Reykjavík, Lýður Skúli Erlendsson fyrir Rannís og Sigríður Mogensen fyrir Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja.

Leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í þróun stoðtækja

Heilbrigðistæknifyrirtækið Össur er með þróunarstarf á fimm stöðum í heiminum, en höfuðstöðvarnar og aðalstarfsstöðin fyrir þróun á stoðtækjum er á Íslandi. Nýsköpun um þessar mundir er sérstaklega beint að eldri notendum og þróun nýrrar tækni til að stýra gervilimum.



Össur byggir nú á tækninni sem fyrirtækið býr yfir til að þróa vörur fyrir eldri notendur.

Við stundum mjög þverfaglegt þróunarstarf hér í Reykjavík. Hér starfa reynslumiklir verkfræðingar með mikla sérþekkingu á stoðtækjum og stoðtækjanotendum, en margir aðrir koma að nýsköpunarstarfinu, til dæmis fólk úr heilbrigðisvísindum, eins og læknar, sjúkraþjálfarar og stoðtækjafræðingar," segir Hildur Einarsdóttir, forstöðumaður á þróunarsviði Össurar.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að huga að hugverkavernd og skapa okkur þannig sérstöðu í þessum ört vaxandi geira og sérfræðingar okkar á því sviði vinna náið með verkfræðiteymunum. Við erum að þróa lækningatæki sem lúta mjög ströngum reglugerðum, þannig að við þurfum að hafa sérfræðinga á því sviði líka, til að tryggja að þróunin og lokavaran uppfylli þær kröfur sem á okkur eru settar."

Eitt af því sem Hildur segir mjög mikilvægt í þróun stoðtækja, eins og til dæmis gervihandleggja eða fótleggja, er notagildið við daglegar athafnir.

„Það er áfall að missa útlim og fólk þarf að vinna sig í gegnum það og sætta sig við að nota gervihönd eða gervifót. Þá er mikilvægt að við séum ekki bara að hugsa um hvernig varan virkar tæknilega séð, heldur líka að fólk tengi svolítið við hana og geti hugsað sér að nota hana. Útlitið, áferðin og viðmótið, eru gríðarlega mikilvægir þættir í vöruþróuninni."

Síðustu áratugi hefur Össur verið mjög leiðandi í stoðtækjaiðnaði þegar kemur að nýsköpun og tækninýjungum, að sögn Hildar.

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að geta sýnt fram á öryggi og mikilvægi vörunnar fyrir notandann og að hún hafi áhrif til hins betra fyrir viðkomandi, sem geti stundað þann lífsstíl sem hann hefur valið sér. Þetta er veigamikill þáttur í þróunarstarfinu. Það eru kannski ekki margir sem átta sig á hvað mikið á sér stað hér í Reykjavík, þegar kemur að nýsköpun og þverfaglegu samstarfi."

Nýsköpun fyrir eldri notendur

„Þegar kemur að vöruþróun hefur fyrirtækið verið mjög öflugt síðustu ár og áratugi, í framþróun á vörum fyrir notendur sem eru frekar virkir í sínu daglega lífi, í vinnu og utan vinnu. Nú erum við í meira mæli að beina sjónum okkar, þegar kemur að nýsköpun, að eldri notendum. Notendum sem eru kannski ekki eins virkir í sínu daglega lífi, en myndu græða mikið á því að hreyfa sig reglulega og geta notað gervifótinn dags daglega," segir Hildur.

Í dag er Össur á þeirri vegferð að byggja á tækninni sem fyrirtækið býr yfir, til að þróa vörur fyrir þennan hóp eldri notenda. Hildur nefnir að oft sé þetta fólk sem er farið að missa sjón. Þá þarf að passa að allir sjónrænir þættir á stoðtækinu séu skýrir.

„Þetta er líka fólk sem er yfirleitt mjög hrætt við að detta, svo það þarf að tryggja að það finni fyrir öryggi og noti þar af leiðandi



Hildur Einarsdóttir, forstöðumaður á þróunarsviði Össurar, segir daglegt notagildi mikilvægt við þróun stoðtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Starfsfólk hjá Össuri gerir prófanir á gervifæti á hlaupabretti.

gervifótinn. Þessi hópur á oft erfitt með fínhreyfingar, svo það þarf líka að tryggja það að það sé ekkert í meðhöndlun vörunnar sem krefst þess að notandinn beiti flóknum hreyfingum. Það hefur ítrekað verið sýnt fram á að eldri einstaklingar geti aukið bæði lífsgæði sín og lífslíkur verulega, með því að hreyfa sig reglulega. Þess vegna er mjög mikilvægt að koma fólkinu aftur á fætur eftir aflimun. Að það fái tækifæri til að prófa að nota gervifætur og að þeir séu nógu einfaldir í notkun til þess að fólk noti þá dagsdaglega."

Þó að Össur hafi alltaf haft vörur í sínu vörusafni sem ætlaðar eru fyrir eldri notendur, er það stefnan núna að beina nýsköpun

> **Núna erum við í meira mæli að beina sjónum okkar, þegar kemur að nýsköpun, að eldri notendum.**

meira að þessum hópi.

„Við erum að sinna mjög breiðum hópi, allt frá Ólympíuförum til íbúa hjúkrunarheimila. Þá er mikilvægt að nýta þessa tækni sem við höfum, en líka vera mjög meðvituð um hvað það er mikilvægt að vörurnar, viðmót, útlit og virkni sé sérsniðið fyrir þarfir hvers hóps fyrir sig.

Vöðvaskynjarar sem stýra hreyfingu

Sérfræðingar hjá Össuri eru þessa stundina að rannsaka notkun skynjara í vöðvum, hjá fólki sem hefur misst útlim, og getu þess til að stjórna gervilimnum með merki frá skynjaranum.

„Þetta er hin vegferðin sem við erum á núna og beinist á þessu stigi frekar að yngri notendum. Við erum að leita leiða til að gefa notandanum meiri stjórn á gervifætinum eða gervihendinni," segir Hildur.

„Um er að ræða skynjara sem er komið fyrir í vöðvum á stúfnum. Þessir skynjarar nema merki frá vöðvunum og senda út í gervihöndina eða fótinn til að koma af stað hreyfingu. Í stað þess að fóturinn eða höndin séu að giska á hvað þau eiga að gera, fá þau bein skilaboð frá notandanum um hvaða hreyfingu á að framkvæma næst."

Hildur segir þetta ólíkt því sem Össur hefur verið að vinna að áður. Allar vörur frá Össuri liggja utan á líkamanum, en þarna er verið að sækja upplýsingar innvortis frá.

„Þetta er stórt skref fyrir okkur og gríðarlega áhugavert skref inn í framtíðina. Þessi tækni gerir notandanum kleift að stýra okkar tölvustýrðu stoðtækjum á nákvæmari hátt. Þetta er alveg ný tækni og er bara í undirbúningi."

Hildur tekur sem dæmi að það sé auðvelt að forrita gervihné svo það hjálpi notandanum að ganga á flötu gólfi. En mörgum hreyfingum sem fólk gerir er erfitt að stýra og erfitt að sjá þær fyrir.

„Það gefur notandanum mikið vægi að geta framkvæmt þessar hreyfingar á einfaldan hátt. Þegar við horfum á gervihendur þá eru alveg óteljandi leiðir til að stilla höndina af og hreyfa hana. Það eru liðamót í hverjum fingri og hægt að hreyfa hvern fingur sjálfstætt og snúa úlnliðunum. Það eru svo margar hreyfingar sem notandinn vill framkalla og ef við getum gripið þá hreyfingu sem notandinn vill, beint frá vöðvunum, þá er náttúrlega gríðarlegur akkur í því."

Hildur segir notendaprófanir, sem gerðar hafa verið á þessari nýju tækni, gefa mjög góða von.

„En við lítum á þetta sem langhlaup út af því hversu flókin tæknin er og hversu ný hún er fyrir stoðtækjamarkaðinn. Þetta er margra ára verkefni. Að lokum má geta þess að Netflix frumsýndi áhugaverða kvikmynd í vikunni þar sem vörur Össurar eru í forgrunni. Myndin heitir Rising Phoenix og fjallar um sögu Ólympíuleika fatlaðra, en leikarnir áttu sem kunnugt er að hefjast í Tókíó í vikunni en verða nú haldnir að ári."

Vaxandi tækifæri í sýndarveruleika

Undanfarið ár hefur íslenska sýndarveruleikafyrirtækið Aldin selt yfir 100.000 eintök af leiknum Waltz of the Wizard: Extended Edition. Fram undan eru spennandi og skemmtilegir tímar.

Á aðeins einu ári hefur íslenska sýndarveruleikafyrirtækið Aldin selt yfir 100.000 eintök af leiknum Waltz of the Wizard: Extended Edition. Þar mætir notendum sérstök upplifun í gagnvirkum sýndarveruleika sem meðal annars gerir þeim kleift að beita margvíslegum göldrum," segir Hrafn Þórisson, framkvæmdastjóri Aldin. Waltz of the Wizard: Extended Edition, hefur auk þess setið á metsölulistanum fyrir sýndarveruleikabúnaðinn Oculus Quest undanfarna mánuði, en það er einn vinsælasti vélbúnaðurinn í dag og er framleiddur af Facebook, bætir hann við. „Þetta er stór áfangi fyrir okkur hjá Aldin, en við höfum nálgast sýndarveruleika frá upphafi með langtímasýn og áherslu á nýsköpun. Fyrir vikið höfum við verið fyrstir á markað með ýmislegt, sem hefur skilað sér í stöðugri framþróun og leiðandi stöðu fyrir Aldin. Á þessu öllu höldum við áfram að byggja, ásamt góðum bakhjörlum og samstarfsaðilum."



Hrafn Þórisson, framkvæmdastjóri Aldins og Gunnar Valgarðsson, þróunar- og rekstrarstjóri Aldins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spennandi þróun

Í Waltz of the Wizard öðlast notendur ýmiss konar töframátt, að sögn Hrafns, möguleikunum er sífellt að fjölga. Nýlega bættu til dæmis Aldin og Oculus við möguleikanum að spila með eigin höndum, án þess að nota stýripinna. „Þannig er hægt að framkvæma galdra á borð við að smella eigin fingrum til að láta hluti hverfa, skjóta eldingum, lengja fingur, breyta hlutum í froska og ýmislegt fleira skemmtilegt."

Hann segir Waltz of the Wizard vera reglulega nefndan besta leikinn fyrir berar hendur á Oculus Quest og leikurinn var til dæmis í fyrsta sæti á nýlegum lista fréttamiðilsins UploadVR yfir topp 10 bestu leikina. „Tæknin okkar gefur náttúrulegra notandaviðmót, auk þess að gera okkur kleift að skapa gagnvirkari sýndarheima. Við líkjum meira eftir því hvernig maður ímyndar sér að galdrar virkuðu ef þeir væru raunverulegir, eins og bókstaflega að smella fingrunum til að láta hluti hverfa."

Til þess hefur Aldin þróað sérstakan hugbúnað fyrir hegðunargreiningu og hlaut nýlega styrk frá Tækniþróunarsjóði Rannís. „Styrkurinn mun hjálpa okkur að opna nýja möguleika fyrir gagnvirkni, náttúrulegt viðmót og sýndar-karaktera. Vísindaskáldsagnahöfundurinn Arthur C. Clarke orðaði það vel, þegar hann lýsti því yfir að þegar tækni yrði nægilega háþróuð yrði ekki hægt að gera greinarmun á tækni og göldrum. Það er spennandi að taka þátt í að láta þau orð rætast."

Hlotið mikið lof

Hrafn segir hönnun á sýndarveruleikaefni eiga oft meira sameiginlegt með hönnun skemmtigarða en hönnun tölvuleikja. „Markmiðið er að nýta það sem þessi miðill getur umfram aðra og við leggjum sérstaka áherslu á að skapa sterka tilfinningu notenda um að vera staddir í öðrum veruleika."

Aldin vinnur í beinu samstarfi við tæknirisana Facebook, Valve og Sony, við gerð efnis fyrir sýndarveruleikabúnað og hafa vörur og tækni fyrirtækisins hlotið mikið lof fyrir nýsköpun og gæði. „Fyrsta útgáfa Waltz of the Wizard var ókeypis sýnishorn sem kom út árið 2016. Á árunum 2017-2020 var Waltz of the Wizard það sýndarveruleika-app sem fékk hæstu einkunn í stærstu leikjaverslun á netinu, Steam, eða þar til leikurinn Half-Life: Alyx kom út fyrr á þessu ári."



Í Waltz of the Wizard öðlast notendur ýmsan töframátt. Nú er líka hægt að spila með eigin höndum, án stýripinna.

Stækka jafnt og þétt

Um þessar mundir vinnur Aldin að því að stækka Waltz of the Wizard enn frekar og efla tækniþróun og markaðsstarf. „Við erum búin að stækka jafnt og þétt fram að þessu og höfum fyrir vikið getað valið fólk mjög vandlega með áherslu á framúrskarandi hæfileika og dugnað," segir Gunnar Valgarðsson, þróunar- og rekstrarstjóri Aldins. „Nú, þegar aðgengi að sýndarveruleika fer ört vaxandi, verða næstu skref meira spennandi en nokkurn tíma. Við sjáum fram á gífurleg tækifæri til að halda leiðandi stöðu á sviði sýndarveruleika á heimsvísu," bætir hann við og bendir á að áhugasamir geti kynnt sér lausar stöður á vefsíðu Aldins.

Gunnar segir umhverfið á Íslandi hafa reynst Aldini vel, en það sem helst hefur verið krefjandi er fjarlægðin við helstu samstarfsaðila og aðra í iðnaðinum. „Við höfum verið lánsamir að finna mjög góða fjárfesta á Íslandi sem hafa mikla reynslu og skilning á sýndarveruleikasviðinu. Einnig hefur stuðningur Tækniþróunarsjóðs Rannís verið lykilatriði, til að hægt væri að byggja sterkar, tæknilegar undirstöður og verðmæta þekkingu til langs tíma," segir Hrafn og bætir við: „Það er algengt að fólk segi að VR sé byltingarkennt því við getum stigið inn í leiki, en okkur finnst það eins og að segja að sjónvarp sé byltingarkennt því við getum horft á leikara lesa útvarpsleikrit. Bylting þýðir ný tækni og nýtt efnisform. Við hugsum efnið frá grunni og smíðum svo hugbúnaðartæknina sem efnið krefst, en hún er margvísleg og mun stanslaust þróast næstkomandi áratugi."

Hrafn bætir við: „Þegar við byrjuðum var almenn þekking í iðnaðinum mjög lítil, en við tókum þá nálgun að öll okkar efnisgerð og tækni yrði frá grunni gerð fyrir sýnarveruleikamiðilinn, frekar en að breyta einhverju sem var þegar til yfir í að virka fyrir sýndarveruleika, sem margir reyndu. Nálgun okkar leiddi til þess að helstu tæknirisar í framleiðslu á vélbúnaði höfðu samband við okkur, þar sem við hönnum vörur sem fullnýta vélbúnaðinn og sýna vel þættina sem gera sýndarveruleika að einstökum miðli."

> **Arthur C. Clarke orðaði það vel að þegar tækni yrði nægilega háþróuð yrði ekki hægt að gera greinarmun á henni og göldrum. Spennandi að taka þátt í að láta þau orð rætast.**

Öflug tækniþróun og framtíðarmöguleikar

Ein helsta áskorunin í framleiðslu fyrir sýndarveruleika eru allir þeir mannlegu þættir sem þarf að hugsa fyrir.

„Þetta er ekki eins og að hanna hefðbundinn tölvuleik sem byggir á því að ýta á takka og horfa á skjá. Við þurfum að taka inn alls kyns þætti sem við koma því hvernig manneskja er í laginu, hreyfir sig, og bregst við – allt með það fyrir sjónum að skapa áhrifaríka upplifun. Á undanförnum árum höfum við byggt sterka tækniþekkingu og hugverk innan Aldins, sem gengur mikið út á að gera upplifunina náttúrulega og vekja sterkar tilfinningar. Tæknin sem þarf til hefur fengið talsverða erlenda umfjöllum og einnig hlotið bandarísk einkaleyfi. Á næstu árum mun sýndarveruleiki og viðbættur veruleiki snerta fleiri svið daglegs lífs. Það hefur verið gífurlega spennandi að taka þátt í að móta þetta svið og tækifærin munu fara vaxandi á næstu árum og áratugum,"

Nánari upplýsingar má finna á aldin.io.

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

INFORMATION ASSISTANT (NEW MEDIA)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Information Assistant (New Media) lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **6. september 2020.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Information Assistant (New Media).
The closing date for this postion is **September 6, 2020.**
Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Við leitum að öflugum liðsmanni í þjónustudeild Kælitækni í framtíðarstarf.

Um er að ræða fjölbreytt starf í viðhaldi og uppsetningu tækja tengdum kæli- og frystibúnaði.


Leitum eftir laghentum, duglegum og sveigjanlegum starfsmanni, með góða færni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilhjálmur Vagn í síma 777-1901 eða á villi@kaelitaekni.is

Fyllsta trúnaðar heitið.

Kælitækni Þjónusta

Forstjóri
Náttúrufræðistofnunar Íslands



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir laust embætti forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands.
Leitað er eftir leiðtoga með kraft og metnað til að vinna að markmiðum stofnunarinnar. Náttúrufræðistofnun Íslands stundar m.a. undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Stofnunin hefur víðtækt vöktunar- og fræðsluhlutverk.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri stýrir stofnuninni, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á rekstri hennar. Hjá stofnuninni starfa um 55 starfsmenn.

Helstu verkefni stofnunarinnar eru:
- Stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands
- Varðveita náttúrugripi og vísindaleg heimildasöfn
- Skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru
- Vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru
- Öflun og miðlun upplýsinga og þekkingar sem varða íslenska náttúru

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun með meistaragráðu sem nýtist í starfi
- Þekking á verksviði stofnunarinnar
- Reynsla af stjórnun- og rekstri
- Reynsla af vinnu við stefnumótun og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar og hæfni til að leiða fólk til samvinnu og árangurs
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Gott vald á íslensku og góð kunnátta í ensku

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og stutt kynningarbréf um ástæðu umsóknar auk upplýsinga um árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist í embættið. Þriggja manna valnefnd skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra metur hæfni og hæfi umsækjenda og skilar greinargerð til ráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 14. september nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið uar@uar.is.
Nánari upplýsingar um starfið eru á Starfatorgi – starfatorg.is.

Upplýsingar um embættið veitir Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (sigridur.arnardottir@uar.is).

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

SORPA

Leitum að verkstjóra í móttöku- og flokkunarstöð SORPU Gufunesi

Verkstjóri í móttöku- og flokkunarstöð

Hlutverk verkstjóra:
Í starfinu felst dagleg stjórnun og skipulag í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Verkstjóri heldur utan um alla daglega starfsemi er snýr að móttöku hráefnis og leiðbeiningar til starfsfólks og viðskiptavina ásamt því að hafa yfirumsjón með útflutningi endurvinnsluefna og hráefnis.

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Hæfniskröfur:
- Stjórnunarreynsla og reynsla af mannaforráðum skilyrði
- Leiðtogahæfni og drifkraftur
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnu og verki
- Hafa reynslu og þekkingu úr iðnaðarumhverfi
- Sterka öryggisvitund og hæfni til að leita leiða sem tryggja og efla öryggi á vinnustað
- Þekking og reynsla af því að vinna í gæðavottuðu umhverfi
- Afburða skipulagshæfni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta




Leitað er að hraustum einstaklingi sem hefur hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á umhverfismálum.

Upplýsingar um umsóknir veitir Kolbrún Sif Skúladóttir í gegnum netfangið kolbrun.skuladottir@sorpa.is.

Vinsamlega sækið um á www.sorpa.is.
Umsóknarfrestur er til 6. september 2020.

SORPA | Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is



Sérfræðingur í áhættustýringu og gæðamálum

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á verkefnum tengdum gæða- og áhættustýringu. Í boði er spennandi og fjölbreytt starf hjá kraftmiklu fyrirtæki.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

Við leitum að einstaklingi með
- háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegt
- reynslu af áhættustýringu, reynsla af störfum við gæða- og upplýsinga-öryggismál kostur
- mjög góða færni í Excel og greiningu og framsetningu upplýsinga
- framúrskarandi samskiptahæfni og metnað til að ná árangri
- mikið frumkvæði og sem sýnir sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum

Starfið felur meðal annars í sér
- gerð áhættugreininga og mat á áhættu
- gerð verkferla og skýrslna á sviði áhættustýringar
- þátttöku í þróun áhættustýringar og gæðamála
- þróun sjálfvirkni í upplýsingaöflun og vöktun áhættu
- fræðslu og miðlun þekkingar til starfsfólks

Nánari upplýsingar veitir Gísli Halldór Ingimundarson, forstöðumaður áhættu-stýringar og gæðamála, **gisli.ingimundarson@sjova.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **7. september**.

Sótt er um starfið á **sjova/starfsumsóknir**.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020
Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

JAFNLAUNAMERKIÐ
Jafnlaunavottun forsætisráðuneytisins







Viltu skapa verðmæti?

matís

Matís ohf. leitar að framúrskarandi textasmið sem getur sett flóknar upplýsingar fram á skýran og lifandi hátt. Um er að ræða fullt starf á starfsstöð Matís á Akureyri.

Starfssvið:

Matís stundar rannsóknir og veitir þjónustu sem skapar verðmæti, eykur matvælaöryggi og lýðheilsu í þágu iðnaðar og almennings.
Til þess að auka áhrif af starfi Matís leitum við að einstaklingi sem getur miðlað flóknum upplýsingum á skýran hátt með þeim miðlum sem eru best til þess fallnir, t.d. sem frétt á heimasíðu, innlegg á samfélagsmiðlum, myndbönd eða eftir öðrum leiðum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af gerð og framsetningu efnis á mismunandi miðlum
- Menntun sem nýtist í starfi kostur
- Góð hæfni í textagerð á íslensku og ensku
- Samskiptahæfni og áhugi á fólki
- Sjálfstæði, hugmyndaauðgi og drifkraftur

Um er að ræða nýja stöðu í miðlunarteymi Matís og því tækifæri til mótunar á starfinu.

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Matís leggur áherslu á hagnýtar rannsóknir sem auka verðmæti íslenskrar matvælaframleiðslu, stuðla að öryggi og heilnæmi afurða og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Hjá Matís starfar kraftmikill hópur sem brennur fyrir því að finna nýjar leiðir til að hámarka nýtingu hráefnis, auka sjálfbærni og efla lýðheilsu.

Nánari upplýsingar má finna á:
www.matis.is

JAFNLAUNAVOTTUN

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Skólastjóri Auðarskóla

Dalabyggð

Laust er til umsóknar embætti skólastjóra Auðarskóla í sveitarfélaginu Dalabyggð. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á starfsemi skólans og hefur forystu um að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að og eflir áhuga nemenda á námi og að þeir nái sem bestum árangri á öllum sviðum skólastarfsins.
Stefnt er að ráðningu í stöðuna frá og með 1. nóvember næstkomandi eða eftir samkomulagi.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stýrir og ber faglega ábyrgð á starfsemi skólans í samræmi við gildandi stefnu
- Ábyrgð á daglegum rekstri og yfirumsjón með fjármálum og rekstrarlegum skuldbindingum skólans
- Forysta í mótun og eftirfylgni með stefnu skólans í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla
- Starfsmannamál, s.s. ráðningar, starfsþróun og vinnutilhögun
- Stuðlar að góðum skólabrag og samstarfi skóla og samfélags
- Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja
- Leiðir og hvetur starfsfólk með það að markmiði að tryggja sem best samskipti og gagnkvæmt traust

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og kennslufræða er æskileg
- Farsæl stjórnunar- og kennslureynsla og reynsla af leik- og/eða grunnskólastarfi
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á þróun og nýjungum í skólastarfi
- Lipurð í samstarfi, sveiganleiki og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði og lausnamiðun í starfi

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Gert er ráð fyrir að skólastjóri verði búsettur í Dalabyggð.

Auðarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Við skólann starfa um 35 manns.

Gildi skólans eru:
Ábyrgð - Ánægja - Árangur

Í Dalabyggð búa um 650 manns, þar af um 40% í Búðardal. Sveitarfélagið nær frá Álftafirði á Snæfellsnesi til Gilsfjarðar á mörkum Vestfjarða og býr yfir mikilli náttúrufegurð.

Dalabyggð er friðsælt og rótgróið samfélag, hlaðið sögu og menningu.

Nánari upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins er að finna á: **www.dalir.is**

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 16. september 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkís leitar að öflugu starfsfólki

Verkís er að bæta við sig starfsfólki vegna aukinna verkefna. Við viljum jákvæða einstaklinga með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku.

Hljóðhönnuður - Byggingasvið

Starfið felur í sér að sinna fjölbreyttum hönnunarverkefnum s.s. hönnun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, samgöngumannvirkja, skipulagsverkefna og ýmiss konar mælingar á hávaða, hljóði og titringi.

- Meistarapróf í verkfræði með áherslu á hljóðhönnun
- Reynsla af hljóðhönnun
- Þekking á helstu hljóðhönnunarforritum og mælitækjum/ mæliaðferðum
- Góð kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad eða Revit er æskileg
- Þekking og reynsla af stjórnun verkefna er æskileg
- Gott vald á einu Norðurlandamáli

Rafkerfahönnuður - Byggingasvið

Starfið felur í sér hönnun rafkerfa fyrir ýmsar gerðir mannvirkja, ráðgjöf, aðstoð við viðhald og endurnýjun rafkerfa ásamt verkefnastjórnun og gerð útboðsgagna.

- Rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstæknifræðingur
- Yfirgripsmikil þekking á lágspennu- og smáspennukerfum
- Góð kunnátta í AutoCad og Revit
- Þekking og reynsla af stjórnun verkefna er æskileg
- Reynsla af rafmagnsframkvæmdum er æskileg
- Gott vald á einu Norðurlandamáli

Rafkerfahönnuður - Vesturland

Starfið felur í sér hönnun rafkerfa fyrir ýmsar gerðir mannvirkja, ráðgjöf og aðstoð við viðhald og endurnýjun rafkerfa.

Starfsstöð getur verið á Akranesi eða Borgarnesi.

- Rafmagnstæknifræðingur eða rafiðnfræðingur
- Öflugur liðsmaður í verkefnaöflun
- Góð kunnátta í AutoCad og Revit er kostur
- Þekking á BIM aðferðarfræðinni og notkun líkana við hönnun er æskileg

Byggingarverkfræðingur / byggingartæknifræðingur - Vesturland

Starfið felur í sér að sinna fjölbreyttum hönnunarverkefnum á breiðu sviði mannvirkjagerðar, eftirliti með framkvæmdum, landmælingar ofl.

Starfsstöð getur verið á Akranesi eða Borgarnesi.

- Byggingarverkfræðingur / byggingartæknifræðingur
- Reynsla af hönnun, fjölbreytileiki í hönnunarverkefnum mikill kostur
- Öflugur liðsmaður í verkefnaöflun
- Góð kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad, Revit eða Civil 3D
- Reynsla af framkvæmdaeftirliti er æskileg
- Þekking á BIM aðferðarfræðinni og notkun líkana við hönnun er æskileg

Byggingarverkfræðingur / byggingartæknifræðingur - Norðurland

Starfið felur í sér að sinna fjölbreyttum hönnunarverkefnum á breiðu sviði innan mannvirkjagerðar, lagna-, gatna- og stígahönnunar og á sviði vélbúnaðar auk verkeftirlits.

Starfsstöð getur verið á Sauðárkróki, Húsavík, Laugum eða Akureyri en Verkís er með skrifstofur á öllum þessum stöðum sem heyra undir starfsstöð fyrirtækisins á Akureyri.

- Byggingarverkfræðingur / byggingartæknifræðingur
- Reynsla af hönnun, fjölbreytileiki í hönnunarverkefnum mikill kostur
- Góð kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad, Revit eða Civil 3D
- Öflugur liðsmaður í verkefnaöflun með góð tengsl á svæðinu
- Þekking á BIM aðferðafærðinni og notkun líkana við hönnun er æskileg

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 300 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Unnið er með breiðum hópi viðskiptavina s.s. opinberum fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og einkaaðilum.

Nánari upplýsingar veita
Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.
Umsóknarfrestur er til og með **13. september 2020**. Sótt er um á umsokn.verkis.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021
2019 Framúrskarandi fyrirtæki

VERKÍS
ÞEKKING Í VERKI

Ofanleiti 2 I verkis@verkis.is I 422 8000



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

hms.is

Sérfræðingar óskast

Vilt þú taka þátt í að byggja upp framsækinn vinnustað sem leggur áherslu á nýsköpun, aðgengi upplýsinga og stafrænar lausnir?

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leitar að öflugum liðsauka til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála á Íslandi. Hlutverk okkar er að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði í þágu almennings auk þess að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og hafa virkt eftirlit með gæðum, öryggi og heilnæmi.
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum til að bætast í hóp öflugra sérfræðinga á sviði öryggis mannvirkja. Öryggi mannvirkja hefur yfirumsjón með samræmingu byggingarmála, framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum og rafmagnsöryggismálum á Íslandi.

Sérfræðingur í eftirliti með gæðakerfum í mannvirkjagerð

Hæfnikröfur
- Verkfræði, tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Þekking og reynsla af gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Reynsla af byggingarframkvæmdum og hönnun er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Mjög góð almenn tölvu- og gagnavinnsluþekking er kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi er skilyrði

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Dagleg samskipti við fagaðila í byggingariðnaði
- Eftirlit og umsjón með gæðakerfum í byggingariðnaði
- Ráðgjöf og fræðsla við fagaðila í byggingariðnaði
- Samskipti við skoðunarstofur vegna framkvæmdar eftirlits á sviði byggingaframkvæmda
- Móttaka, úrvinnsla og svörun fyrirspurna

Sérfræðingur á sviði markaðseftirlits

Hæfnikröfur
- Verkfræði, tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af byggingarframkvæmdum og hönnun er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Mjög góð almenn tölvu- og gagnavinnsluþekking er kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi er skilyrði

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Markaðseftirlit með byggingarvörum
- Ráðgjöf og fræðsla um byggingarvörur
- Samskipti við skoðunarstofur er sinna eftirliti
- Móttaka, úrvinnsla og svörun fyrirspurna
- Gerð og miðlun fræðsluefnis um byggingarvörur
- Vinna við reglugerðarbreytingar og leiðbeiningar

Sérfræðingur á sviði samræmingar byggingareftirlits sveitarfélaga

Hæfnikröfur
- Verkfræði, tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af byggingarframkvæmdum og hönnun er skilyrði
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Mjög góð almenn tölvu- og gagnavinnsluþekking er kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi er skilyrði

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Dagleg samskipti við byggingarfulltrúa sveitarfélaga
- Samræming framkvæmdar byggingareftirlits á landsvísu
- Ráðgjöf og fræðsla um reglur á sviði mannvirkja
- Móttaka, úrvinnsla og svörun fyrirspurna
- Gerð og miðlun fræðsluefnis um mannvirkjagerð
- Vinna við reglugerðarbreytingar og leiðbeiningar
- Úrlausn álitamála

Sérfræðingur í eftirliti með löggiltum rafverktökum og neysluveitum

Hæfnikröfur
- Verkfræði, tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af hönnun og/eða vinnu við raflagnir er skilyrði
- Þekking og reynsla af gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Mjög góð almenn tölvu- og gagnavinnsluþekking er kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi er skilyrði

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Tæknileg ráðgjöf um reglur er varða rafmagnsöryggismál
- Framkvæmd eftirlits með löggiltum rafverktökum og neysluveitum
- Samskipti við skoðunarstofur vegna eftirlits á rafmagnsöryggissviði
- Samskipti við innlenda aðila á rafmagnsöryggissviði
- Móttaka, úrvinnsla og svörun fyrirspurna
- Gerð og miðlun fræðsluefnis um rafmagnsöryggismál

Nánari upplýsingar


Um framtíðarstörf er að ræða og fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.
Umsóknir skulu sendar á netfangið **starfsumsokn@hms.is**


Upplýsingar um starfskjör og umsóknarferlið er að finna inni á **starfatorg.is**
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2020.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Ólafsson, framkvæmdastjóri öryggis mannvirkja
johann.olafsson@hms.is - s: 440 6400



Ert þú
raforku-verkfræðingur



Við hjá Norconsult leitum að rafmagnsverkfræðingum í öfluga raforkuteymið okkar.

Helstu kostir:

- Þekking á sviði háspennukerfa, dreifikerfa og liðaverndar
- Reynsla af hönnun tengivirkja eða annarra flutningsmannvirkja
- Reynsla af kerfisathugunum og líkanagerð
- Reynsla af forritun og gagnagrunnum
- Áhugi á að tileinka sér nýja þekkingu, miðla henni og leysa krefjandi verkefni víða um heim
- Gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Norconsult ehf er í eigu norska ráðgjafafyrirtækisins Norconsult AS. Hjá Norconsult starfa um 4.800 starfsmenn, þar af 400 á orkusviði. Norconsult AS er með starfstöðvar víða um heim, frá Kirkenes í Norður-Noregi til Auckland á Nýja Sjálandi. Fyrirtækið vinnur að úrlausn spennandi verkefna á öllum spennustigum innanlands og erlendis í samvinnu við viðskiptavini og félög innan samsteypunnar. Í boði eru fjölbreytt og áhugaverð verkefni sem spanna allt frá hönnun raforkuflutningsmannvirkja til hugbúnaðarþróunar.

Norconsult ehf á Íslandi er rótgróið fyrirtæki þar sem starfsmenn vinna saman í sterkri liðsheild og því er þetta einstakt tækifæri fyrir réttan aðila til að starfa hjá fyrirtæki á alþjóðlegum vettvangi.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Páll Hauksson: bjarni.hauksson@norconsult.com eða í síma + 45 25 40 74 28.

Umsóknir sendist á Birnu Eggertsdóttur: birna.eggertsdottir@norconsult.com
Tekið verður á móti umsóknum til 14. september nk.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Norconsult

Nýjar leiðir - Nýjar áskoranir

Langar þig að finna nýjar leiðir til að takast á við nýjar áskoranir?

Við hjá Krabbameinsfélaginu lýsum eftir hæfileikaríkum eldhuga til að stýra og vinna að kynningarmálum félagsins í öflugu teymi sérfræðinga við fræðslu, fjáröflun og miðlun af öllu tagi.

Starfið er mjög spennandi og fjölbreytt og hverfist í kringum markmið félagsins og aðildarfélaga þess, sem eru að fækka þeim sem fá krabbamein, draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina og bæta lífsgæði þeirra sem fá sjúkdóminn og aðstandenda þeirra.

Í starfinu eru gerðar ríkar kröfur um frumkvæði og sjálfstæði í starfi, góða samskiptafærni og vilja til að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af kynningarmálum, skrifum frétta, notkun samfélagsmiðla, samskiptum við fjölmiðla og kunna á algengan hugbúnað í tengslum við miðlun í víðu samhengi, þar með talið hljóð og mynd. Gott vald á íslensku máli er alger nauðsyn og góð þekking á ensku og norðurlandamáli er æskileg. Viðkomandi starfsmaður þarf að vera skipulagður, skapandi, sveigjanlegur og með mikinn faglegan metnað.

Umsóknir, ásamt náms- og starfsferilskrá, skal senda Höllu Þorvaldsdóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélagsins, á netfangið halla@krabb.is, í síðasta lagi 13. september nk. Halla veitir einnig nánari upplýsingar.

Krabbameinsfélagið

Sveitarfélagið ÁRBORG

Skólastjórastöður í nýjum skólum

Sveitarfélagið Árborg er ört stækkandi sveitarfélag þar sem áhersla er lögð á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.
Nú er komið að því að opna tvo nýja skóla á Selfossi. Annars vegar leikskólann Goðheima sem áætlað er að opna í mars 2021 og hins vegar nýjan grunnskóla sem opnar haustið 2021. Þar er nafnasamkeppni í gangi. Við höfum þörf fyrir öfluga stjórnendur og munum ráða bæði leikskólastjóra og skólastjóra frá og með 1. janúar 2021. Þeir koma að allri undirbúningsvinnu og faglegu samstarfi í tengslum við opnun skólanna. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir leiðtogahæfni og mikilli reynslu og þekkingu á skólastarfi.

Leikskólastjóri Goðheima

Meginverkefni

- Stýra og bera ábyrgð á undirbúningi á stofnun skólans, m.a. ráðningu starfsfólks
- Veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu sveitarfélagsins og aðalnámskrá leikskóla

Menntun og hæfnikröfur

- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða kennslu ungra barna er mikill kostur
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Skólastjóri nýs grunnskóla á Selfossi

Meginverkefni

- Stýra og bera ábyrgð á undirbúningi á stofnun skólans, m.a. ráðningu starfsfólks
- Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu sveitarfélagsins, skýrslu undirbúningshóps og aðalnámskrá grunnskóla

Menntunar- og hæfnikröfur

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla í grunnskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er mikill kostur
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á teymiskennslu og sveigjanlegu skólastarfi er mikill kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar um störfin

Umsóknarfrestur er til 13. september 2020. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/SÍ og FSL. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Árborgar um að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is Sími 480-1900. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/

B.Ó. SMIÐIR

B.Ó. Smiðir ehf. óska eftir að ráða smiði í vinnu

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á **bosmidir@bosmidir.is**

Vélstjóri

Rammi hf óskar eftir að ráða 1. Vélstjóra á skuttogarann Múlaberg SI22 sem gerður er út til rækjuveiða frá Siglufirði .
Stærð aðalvélar skipsins er 1325 KW og þarf viðkomandi að hafa réttindi fyrir þá stærð.

Umsóknir má senda á: ragnar@rammi.is en einnig eru veittar upplýsingar í síma 862 0069.

RAMMI

TRAUSTI fasteignasala

Fasteignasali óskast!

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema til löggildingar fasteignasala til starfa.

Vaxandi fasteignasala í léttu og skemmtilegu starfsumhverfi. Góðir tekjumöguleikar. Reynsla af sölu fasteigna kostur.

Fáið frekari upplýsingar hjá Kristjáni Baldurssyni í síma 867-3040 eða kristjan@trausti.is

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

Yfirlæknir á tauga- og hæfingarsviði

Staða yfirlæknis á tauga-og hæfingarsviði Reykjalundar er laus til umsóknar frá og með 1. október 2020 eða samkvæmt nánara samkomulagi. Um er ræða fullt starf auk gæsluvakta.

Gerð er krafa um íslenskt lækningaleyfi og sérfræðiréttindi í endurhæfingarlækningum eða annarri sérgrein ásamt reynslu sem nýtist vel í verkefnum tauga- og hæfingarteymis. Í starfinu felst fagleg ábyrgð lækninga, samstarf við aðra stjórnendur og þátttaka í öflugu teymisstarfi sem einkennist af einstaklingsmiðaðri nálgun. Teymið þjónar fjölbreyttum hópi sjúklinga með færniskerðingu á grunni sjúkdóma eða áverka á taugakerfi. Í starfinu felast ennfremur störf á göngudeild, þátttaka í fræðslustarfi og handleiðslu yngri lækna.

Laun byggja á kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra auk samkomulags milli Reykjalundar og starfandi lækna á Reykjalundi.

Upplýsingar um starfið veita Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga í síma 585-2000 stefan@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585-2143 gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 13. september 2020

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is
Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



Spennandi störf hjá EFLU

EFLA vill fá til liðs við sig kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk sem skarar fram úr á sínu sviði. Við leitum að ólíkum en öflugum einstaklingum í hóp okkar sérfræðinga sem sinna fjölbreyttum verkefnum í teymum þvert á svið fyrirtækisins. Við bjóðum upp á afbragðs starfsumhverfi, sveigjanlegan vinnutíma og góðan starfsanda.

FORRITARI Í HUGBÚNAÐARÞRÓUN

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni í hugbúnaðargerð og sjálfvirknilausnum fyrir viðskiptavini sem og þátttaka í vöruþróun innan fyrirtækisins. Fagteymi gagnagrunns- og veflausna er hluti af sviði iðnaðar hjá EFLU og starfsstöð þess er í Reykjavík.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verkfræði eða annarra raungreina sem nýtast í starfi
- Mikil þekking og/eða reynsla í þróun á þremur eða fleiri af eftirtöldum forritunarmálum: Type Script, JavaScript, Python, C# og/eða Java
- Brennandi áhugi á hugbúnaðarþróun
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Áhugi og leikni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti

VERKEFNASTJÓRI GÆÐA OG ÞJÓNUSTU

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni í gæða- og þjónustustjórnun við þróun hugbúnaðar og veflausna. Meðal verkefna væri gæðaeftirlit, skjölun og samskipti við viðskiptavini og sérfræðinga innanhúss. Fagteymi gagnagrunns- og veflausna er hluti af sviði iðnaðar hjá EFLU og starfsstöð þess er í Reykjavík.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verkfræði eða annarra raungreina sem nýtast í starfi
- Haldbær tækniþekking á forritun, gagnagrunnum og landupplýsinga kerfum
- Metnaður fyrir vandaðri vöruþróun
- Nákvæmni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Áhugi og leikni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti

SÉRFRÆÐINGUR Í RAFLAGNAHÖNNUN

Starfið felur í sér fjölbreytt og sérhæfð verkefni á sviði raflagnahönnunar m.a. hönnun rafkerfa, gerð verklýsinga og kostnaðaráætlana. Fagteymi tæknikerfa er hluti af byggingasviði EFLU og hefur aðsetur í Reykjavík.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í rafkerfum, rafmagnsverk- eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af raflagnahönnun er kostur
- Reynsla í notkun AutoCad og Revit
- Nákvæmni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Áhugi og leikni í mannlegum samskiptum

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Hjá EFLU starfa fleiri karlar en konur og hvetjum við því konur sérstaklega til að sækja um störfin.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt gegnum vefsíðu EFLU, efla.is/laus-storf fyrir 15. september 2020. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

NÁNARI UPPLÝSINGAR: mannaudur@efla.is
UMSÓKN: efla.is/laus-storf
FRESTUR: 15. september

412 6000 efla.is

Deildarstjóri á heimili fyrir fatlað fólk

Ertu fullur af eldmóði? Ertu framsækin? Berðu virðingu fyrir allskonar fólki? Þá gæti verið að þú sért fullkomin í okkar starfshóp.

Reykjanesbær leitar að deildarstjóra á heimili fyrir fatlað fólk. Við leitum að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Um 100% starf er að ræða.

Gildi Reykjanesbæjar eru virðing, eldmóður og framsækni og mikilvægt er að viðkomandi endurspegli þau gildi í sínum störfum.

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á faglegu starfi og verkefnum í samvinnu við forstöðumann
- Setur upp markmið og einstaklings- og þjónustuáætlanir og fylgir þeim eftir
- Er staðgengill forstöðumanns og sinnir daglegri stjórnun í fjarveru forstöðumanns

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði iðju- eða þroskaþjálfunar eða á öðru viðurkenndu fagsviði sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi í málefnum fatlaðs fólks mikilvæg
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Æskilegt er að viðkomandi þekki það lagaumhverfi sem starfað er eftir
- Góð íslenskukunnátta í mæltu og rituðu máli
- Hreint sakavottorð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. október 2020. Launakjör eru í samræmi við samning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar má sjá á vef Reykjanesbæjar, **www.reykjanesbaer.is**, undir Laus störf eða hjá Þorkötlu Sigurðardóttur, í gegnum netfangið **thorkatla.sigurdardottir@reykjanesbaer.is** og í síma 420 3265.

Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2020.

Sótt erum á vef Reykjanesbæjar undir Laus störf. Umsóknum skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

JAFNLAUNAVOTTUN

Stýrimann

Stýrimann vantar á tæplega 200 t. netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum.

Vinsamlegast hafið samband í s. 892 5522.

Stólpi ehf.

Stólpi ehf. óskar eftir smiðum til starfa

Stólpi ehf. er traust og rótgróið fyrirtæki sem býður gott starfsumhverfi og sinnir fjölbreyttum verkefnum.

Við leitum að smiðum með reynslu sem geta unnið sjálfstætt.

Um er að ræða framtíðarstörf.

Hæfniskröfur:

- Sveinsbréf í húsasmíði
- Vönduð vinnubrögð
- Kurteisi og lipurð í mannlegum samskiptum
- Ökuréttindi
- Góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð

Áhugasamir hafi vinsamlega samband með tölvupósti: hjorvar@stolpiehf.is

Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir starf til umsóknar

Tómstundafulltrúi

Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir laust til umsóknar starf tómstundafulltrúa. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir skapandi og skipulagðan einstakling sem hefur unun af samskiptum. Um 75% starf er að ræða.

Helstu verkefni

- Verkefnavinna og stefnumótun á sviði tómstunda-, íþrótta- og menningarmála í Strandabyggð
- Samvinna með skólastjóra Grunn-, leik- og tónskóla Hólmavíkur að málefnum á sviði menntunar og tómstunda
- Vinna með Tómstunda-, íþrótta og menningarnefnd sveitarfélagsins
- Umsjón með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Ozon og ungmennahússins Fjóssins
- Umsjón með Ungmennaráði Strandabyggðar
- Umsjón með skipulögðu starfi eldri borgara í Strandabyggð
- Verkefnastjórnun við hátíðahöld og viðburði á vegum Strandabyggðar
- Undirbúningur vegna verkefna vinnuskóla, menningardvalar og sumarnámskeiða
- Stuðningur við félagastarf á sviði tómstunda, íþrótta og menningar
- Sérstök nýsköpun og stuðningur við þá hópa sem hafa lítið framboð við hæfi í Strandabyggð
- Samvinna við nágrannasveitarfélög og á landsvísu á sviði tómstundamála
- Samstarf við íþróttafélög, starfsfólk íþróttamiðstöðvar og félagasamtök á svæðinu

Æskileg menntun, færni og eiginleikar

- Háskólapróf á sviði tómstunda- og félagsmálafræði eða skyldum greinum sem nýtast í starfi
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Reynsla af félagsstörfum með börnum og ungmennum
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi
- Er hvetjandi og góð fyrirmynd

Umsóknarfrestur er til miðnættis 6. september 2020.
Umsóknum skal skilað á skrifstofu Strandabyggðar að Höfðagötu 3, eða á netfangið: strandabyggd@strandabyggd.is
Allar frekari upplýsingar um starfið veitir Þorgeir Pálsson sveitarstjóri, í síma 451-3510 eða 899-0020, eða á netfangið thorgeir@strandabyggd.is

---

Í Strandabyggð búa um 450 manns og er Hólmavík þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt. Boðið er upp á leikskólapláss fyrir börn frá 9 mánaða aldri og auk grunnskóla fyrir börn frá 1.-10. bekk er á staðnum dreifnámsbraut frá FNV fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Öflugt tómstunda-, íþrótta- og menningarstarf er í sveitarfélaginu, s.s. skíðafélag, tveir kórar fyrir fullorðna, tónlistarskóli og áhugaleikfélag og hugað er að því að sem flestir aldurshópar fái notið sín.

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Ríkáhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

We're growing!

awareGO | Simple & Effective Security Awareness

AwareGO is a young and innovative software company, with headquarters in Reykjavík and offices in Prague and the US, dedicated to improving cyber security awareness for safer workplaces. We use the tools and techniques of the advertising world to create short, story driven, and effective cyber security lessons and offer a state of the art learning management software to deliver these lessons to our global customers. Due to recently acquiring two large international clients we are looking for new people to join our team of awesome professionals.

Localization specialist

We need a localization specialist with a good eye for content, to be responsible for maintaining the ever-growing catalogue of languages within our software solution.

Client success representative

We are looking for a client success representative, who's fluent in both English and Danish, to onboard and service our growing client list and ensure customer satisfaction.

Quality assurance and technical support

We need a technical person, preferably with a background in software development, to be responsible for our quality assurance program and give technical support to our team and customers.

What we offer

AwareGO has an inclusive culture where all employees are valued and where individual differences and contributions are recognized and respected.

We offer competitive salaries, great in-house culture and opportunities for development within a successful SaaS company.

Our recruitment selection and assessment process will be transparent and based entirely on skills and competencies of the specific roles and appointments. All applicants will receive a reply.


Where to apply

More information about job requirements and responsibilities and an application link can be found at:

awarego.com/careers

job

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

vök baths

Vök baths leitar að drífandi leiðtoga fyrir spennandi og ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki á Egilsstöðum.

Vök baths er einstakur baðstaður við Urriðavatn sem býður upp á upplifun í heitum, fljótandi laugum, gufubað, veitingastað og bar. Staðurinn opnaði í júlí 2019 og hefur því verið ár í rekstri og fengið frábærar viðtökur.

Framkvæmdastjóri hefur yfirsýn yfir daglega starfsemi og rekstur og vinnur náið með öðru starfsfólki í stoð- og þjónustuhlutverkum.

Verkefni framkvæmdastjóra eru m.a.:

- Umsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins, þ.m.t. skipulag, mannauðsmál, fjármál og mælikvarðar
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Þróun staðarins og framtíðarsýn
- Markaðs- og sölumál
- Samskipti við samfélag og alla hagaðila
- Yfirsýn yfir tæknimál og framkvæmdir


Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í forystuhlutverki, leiðtogahæfni og drifkraftur
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Björn Gíslason í síma 8627401 og Magnús Þór Ásmundsson í síma 8437724.

Umsóknum með ferilskrá skal senda með tölvupósti á starf@vok-baths.is í síðasta lagi 7. september 2020.

www.vok-baths.is



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

Bókasafn Seltjarnarness

**Seltjarnarnesbær auglýsir eftirfarandi störf á Bókasafni Seltjarnarness laus til umsóknar.
Um er að ræða 70-100% stöður og skipta starfsmenn bókasafnsins með sér vöktum.
Opið er alla daga nema sunnudaga.**

Bókasafns- og upplýsingafræðingur – Umsjón með starfsemi fyrir börn og ungmenni

Leitað er að hugmyndaríkum, öflugum og barngóðum einstaklingi sem hefur áhuga á verkefnum tengdum börnum, bókum og barnamenningu. Starfið felur í sér umsjón með starfsemi og viðburðum fyrir börn og ungmenni auk annarra verkefna er tengjast grunnstarfsemi og rekstri safnsins í samstarfi við aðra starfsmenn s.s. upplýsingamiðlun, viðburðahald og almenna þjónustu við gesti safnsins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með barna- og unglingastarfi safnsins
- Almenn þjónusta og ráðgjöf til gesta og notenda
- Uppbygging og viðhald safnkosts fyrir börn og unglinga
- Skipulagning og eftirlit með útliti barnasvæðis
- Skipulagning og umsjón með viðburðum fyrir börn og fjölskyldur
- Samstarf við menntastofnanir og félagasamtök
- Móttaka skólahópa og lestrarstundir
- Þátttaka í stefnumótun og teymisvinnu
- Aðkoma að kynningu á barna- og viðburðastarfi safnsins
- Ýmis verkefni er snúa að innra og ytra starfi safnsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum
- Reynsla af skipulagningu og umsjón viðburða er kostur
- Góð tölvukunnátta og færni auk þekkingar á bókasafnskerfinu Gegni
- Gott vald á íslensku og á ensku
- Skapandi hugsun, sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður og jákvæðni í starfi, þjónustulund og lipurð í samskiptum

Bókavörður

Í boði er líflegt starf fyrir einstakling sem býr yfir mikilli þjónustulund, er vel lesinn og áhugasamur um bækur, menningu og samskipti við fólk á öllum aldri. Starfið felur í sér þjónustu við gesti safnsins, upplýsingamiðlun og aðstoð sem og annað er við kemur safninu og þörfum notenda.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með útlánum og skilum gagna
- Almenn ráðgjöf, afgreiðsla og aðstoð við sjálfsafgreiðslu
- Frágangur safnefnis til útláns s.s. plöstun og uppröðun í hillur
- Umsjón með daglegri ásýnd safnsins
- Ýmis skilgreind sérverkefni og teymisvinna
- Aðkoma að viðburðastarfi safnsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Áhugi og almenn grunnþekking á bókmenntum
- Reynsla af starfi á bókasafni er kostur
- Þekking á bókasafnskerfinu Gegni er kostur
- Góð tölvufærni og gott vald á íslensku og ensku
- Ríkþjónustulund, mikil samskiptafærni og jákvæðni í starfi
- Frumkvæði í starfi, sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 3. september 2020. Miðað er við að viðkomandi aðilar geti hafið störf sem fyrst.

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar **www.seltjarnarnes.is**.
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri Þjónustu- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar, maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is.

Bókasafn Seltjarnarness er almenningsbókasafn og starfar samkvæmt lögum um bókasöfn frá árinu 2012. Safnið er ennfremur menningarmiðstöð Seltjarnarnesbæjar þar sem fram fer fjölbreytt menningarstarf og viðburðir. Nánari upplýsingar um starfsemi safnsins má sjá á seltjarnarnes.is/bokasafn

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störfin.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags.
Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



Stígamót

Viltu þú taka þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi?

Við á Stígamótum leitum að ráðgjafa í fullt starf til eins árs með möguleika á framtíðarstarfi. Um er að ræða viðbót í starfshópinn vegna aukinnar aðsóknar.

Á Stígamótum tökum við á móti brotaþolum kynferðisofbeldis með það að markmiði að vinna úr áföllum og valdefla þá einstaklinga sem til okkar koma. Einnig sinnum við fræðslustarfi og vitundarvakningu um málaflokkinn.

Starfshópurinn á Stígamótum er samansettur af fagaðilum á ýmsum sviðum svo sem sálfræði, félagsráðgjöf, fjölskyldumeðferð, kynjafræði, listmeðferð, náms- og starfsráðgjöf og fleira. Vinnustaðurinn er lifandi, skemmtilegur og í stöðugri þróun. Starfið byggist á reynslu okkar af vinnu með brotaþolum þar sem femínísk hugmyndafræði er höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að nýta styrkleika og hæfni hvers og eins starfskrafts.

Helstu verkefni:
- Ráðgjafarviðtöl við brotaþola þar sem unnið er úr afleiðingum kynferðisofbeldis
- Stuðningur við aðstandendur

Hæfni:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ráðgjafarstarfi mikilvæg
- Grunnþekking á femínískri hugmyndafræði
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji til að leggja baráttunni lið
- Drifkraftur og frumkvæði
- Góð íslenskukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsókn sendist til Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttur á netfangið steinunn@stigamot.is. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 7. september.

ÁSKORUN UM KRÖFULÝSINGU FÓTBOLTAFERÐIR EHF.

Ferðaskrifstofuleyfi ferðaskrifstofunnar Fótboltaferðir ehf. / Global, kt. 5311170850, Langalínu 21, 210 Garðabær, hefur verið fellt úr gildi þar sem ferðaskrifstofurekstri hefur verið hætt.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu pakkaferðar og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt VII. kafla laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Samkvæmt 25. gr. er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar.

Með vísan til 27. gr. er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð fyrir **27. október n.k.**

Kröfulýsingu skal senda inn rafrænt í gegnum þjónustugátt á vefsíðu Ferðamálastofu. Þar er að finna sérstakt form sem þarf að fylla út. Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem lýsingu á ferð, kvittanir fyrir greiðslu eða millifærslu. Ef kröfuhafi hefur ekki íslenska kennitölu skal senda formlega kröfu á krofur@ferdamalastofa.is. Nánari upplýsingar á ensku má finna á vef Ferðamálastofu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5500, á netspjalli stofnunarinnar eða á netfanginu krofur@ferdamalastofa.is

Ferðamálastofa

FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD



Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2020 er til 15. október n.k.

MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2020.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á Mitt LÁN sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is eða island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.menntasjodur.is).

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd

Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda skólaárið 2021–2022

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2021–2022. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist:
- kennslu í skýjunum
- vellíðan nemenda og foreldrasamvinnu
- teymiskennslu og samþættingu námsgreina

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.
Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is. Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið við viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni.
Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2020.

Umsækjandi sem æskir námsleyfis skal að lágmarki fullnægja eftirfarandi skilyrðum, sbr. reglur um Námsleyfasjóð:
a) Hafa, þegar sótt er um námsleyfi, gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla á Íslandi, í eigi minna en hálfu starfi, og verið samfellt í starfi sl. fjögur ár, enda hafi verið greitt fyrir umsækjanda í sjóðinn.
Helgi
Fasteignasali
780 2700


Jóhanna
Fasteignasali
837 8889


Hafdís
Fasteignasali
820 2222


Sigurður
Fasteignasali
898 6106

Skráðu þig á póstlistann og fáðu Fréttablaðið sent rafrænt á hverjum morgni



Skráðu þig á frettabladid.is, á Facebook síðu Fréttablaðsins eða skannaðu QR kóðann

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins



Við leggjum mikið upp úr því að byggja upp langtíma-samband við viðskiptavini og tryggja sam-fellu í þekkingu á verkefnum sem við vinnum þannig að viðskiptavinir geti leitað til okkar aftur þegar kemur að viðhaldi og frekari þróun á eldri kerfum," segir Erling Brynjólfsson, framkvæmda-stjóri Kvikna Consulting.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mörg ónýtt tækifæri bíða úrlausnar

Um tólf ára skeið hefur hugbúnaðarfyrirtækið Kvikna sérhæft sig í tæknilegum hugbúnaði. Mörg spennandi verkefni bíða úrlausnar á innlendum og erlendum mörkuðum.


Hugbúnaðarfyrirtækið Kvikna er tólf ára gamalt og sérhæfir sig í tæknilegum hugbúnaði. Fyrir tveimur árum var Kvikna skipt upp í tvö fyrirtæki: Kvikna Medical og Kvikna Consulting, þar sem starfsemi fyrirtækisins var í raun tvíþætt, segir Erling Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Kvikna Consulting. „Kvikna Medical vinnur að þróun og sölu á skýjalausn fyrir heilaritsupptökukerfi. Kerfið gerir sjúklingum kleift að vera heima hjá sér meðan heilarit er tekið upp, á meðan læknar fá aðgang að öllum gögnum með skýjalausninni. Kvikna Consulting einbeitir sér hins vegar að þróun hugbúnaðar fyrir önnur fyrirtæki, þá helst norsk tæknifyrirtæki sem eru tengd olíuiðnaðinum, en einnig fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum."

Þær lausnir sem hann og aðrir starfsmenn Kvikna Consulting eru að vinna að, eru oft og tíðum að meðhöndla stóra gagnastrauma, til dæmis af myndböndum og sónarmyndum. Þá þarf að beita sérhæfðum aðferðum við geymslu og greiningu gagnanna segir hann. „Aðkoma okkar hefur verið að þróa hugbúnað sem notaður er til samskipta við tæki og gagnasöfnunar frá þeim. Dæmi um vörur sem við höfum komið að, er búnaður til myndunar á olíuborholum að innan, neðansjávarsónar og upplýsingakerfi til að ná tökum á olíuleka á sjó. Einnig má nefna að við erum í nánu samstarfi við norskt fyrirtæki, Norbit, sem þróar og framleiðir rafeindatækni, en vörur á þeirra vegum eru t.d. neðansjávarfjölgeislasónar og vegatollamerki fyrir bíla."


Árangursríkt samstarf

Hann segir að þeir geirar sem fyrirtækið starfi í leggi mikið upp úr áreiðanleika og gæðum og til að mynda hafi verið byggt upp gæðakerfi í fyrirtækjunum, til að uppfylla staðla um þróun og framleiðslu á lækningatækjum. „Við leggjum mikið upp úr því að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini og tryggja samfellu í þekkingu á verkefnum sem við vinnum að, þannig að viðskiptavinir geti leitað til okkar aftur þegar kemur að viðhaldi og frekari þróun á eldri kerfum."

Fyrir ári síðan hófst samstarf Kvikna Consulting og Trefja í Hafnarfirði. „Samstarfið hefur verið mjög árangursríkt og er gott dæmi um það þegar tvö fyrirtæki úr ólíkum geirum leggja saman reynslu sína. Afraksturinn er heitapottsstýring fyrir snjalltæki sem kemur á markað bráðlega, en einnig stærra þróunarverkefni fyrir sjálfvirkan andveltitank fyrir báta en saman fengu fyrirtækin úthlutað styrk frá Tækniþróunarsjóði í vor vegna þess verkefnis."



Kvikna hannar sérhæfð rafeindatæki til stýringar og gagnaöflunar.



Hugbúnaður sem safnar og greinir mikið magn af sónarmyndum.

Mörg tækifæri ónýtt

Erling segist sjá fram á fjölgun íslenskra viðskiptavina á næstu árum, með því að vinna með þeim hugbúnaðarlausnir sem krefjast tækniþekkingar á háu stigi. Um er að ræða verkefni sem krefjast gæðahugbúnaðar, skilnings á líkönum og reiknitum, sem og sérhæfðri rafeindatækni. „Tækniframfarir hafa átt sér stað á síðustu árum, ekki bara sem auðvelda skýjalausnir hvers konar, heldur einnig á sviði rafeindatækni. Nú er unnt að búa til stýringar og gagnasöfnunartæki sem hafa miklu meira reikniafl en áður, eru mun minni og þurfa mun minni orku. Með því að samþætta þessa nýju tækni er hægt að gera hluti sem voru aðeins draumur fyrir bara fimm árum síðan. Mjög mörg tækifæri eru ónýtt á þessu sviði og við munum virkja þá reynslu og sérþekkingu sem safnast hefur hjá starfsmönnum fyrirtækisins til þróunar á nýjum vörum og tækni. Hjá okkur starfar vel menntað fólk og með mikla reynslu af hugbúnaðargerð, líkanagerð, gagnagreiningu og gervigreind, auk þess að vera með bakgrunn í verkfræði, eðlisfræði og stærðfræði."

Áskoranir fram undan

Erling segir mörg íslensk fyrirtæki eiga eftir að laga sig að breyttum heimi samfara fjórðu iðnbyltingunni. „Í heimi sem er samtengdur er möguleiki á að safna miklu magni gagna víða að á einn stað, til dæmis um framleiðsluferli eða rekstur. Gögnunum er síðan breytt í upplýsingar með nýjustu gagnagreiningaraðferðum og skýrri framsetningu, til að bæta ferla og auka hagkvæmni. Þetta verður áskorun fyrir atvinnulífið og hugbúnaðargeirann hér á landi á næstu misserum."

Margt vel gert

Erling er nokkuð ánægður með starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. „Þar má nefna framboð af vel menntuðu starfsfólki, aukin framlög í styrkjasjóði Rannís og það nýjasta, hækkað endurgreiðsluhlutfall af þróunarkostnaði í gegnum skattkerfið, sem munar mikið um. Það sem er verst í starfsumhverfinu er óstöðugur gjaldmiðill. Tæknifyrirtæki hafa flest stærstan hluta tekna sinna erlendis frá, á meðan kostnaðurinn er í íslenskum krónum, sem skapar óvissu í rekstrinum og mikinn kostnað sem kemur ekki síst fram í glötuðum tækifærum og minni samkeppnishæfni."

Styrkir Tækniþróunarsjóðs hafa skipt marga sköpum

Stjórn Tækniþróunarsjóðs valdi í vikunni hvaða verkefni úr umsóknarfresti sumarsins yrðu styrkt. Lauk þar úthlutun ársins 2020 til nýrra verkefna. Að öllu jöfnu er tilkynnt um seinni úthlutun ársins í desember, en óvenjulegar aðstæður nú kalla á óvenjuleg viðbrögð.

Tækniþróunarsjóður veitir styrki til nýsköpunarverkefna. Hann er opinn öllum atvinnuvegum, leggur áherslu á fjölbreytt nýsköpunarverkefni og að ýta undir alþjóðlegt samstarf í nýsköpun. Fréttablaðið tók starfsmenn Tækniþróunarsjóðs tali og ræddi við þá um stöðu og stefnu sjóðsins, auk nokkurra fulltrúa á meðal núverandi og fyrri styrkþega.

„Í dag er mikil gróska í nýsköpunarumhverfinu. Það endurspeglast í fjölda góðra umsókna til sjóðsins, en umsóknafjöldinn hefur margfaldast á undanförnum árum," segir Lýður Skúli Erlendsson, sérfræðingur hjá Rannís, og heldur áfram: „Fjölmörg sprotafyrirtæki, sem á sínum fyrstu skrefum hlutu styrk frá Tækniþróunarsjóði, hafa náð eftirtektarverðum árangri. Þar má nefna Kerecis, Valka, Nox medical, GRID, Meniga og Orf líftækni."

Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs hjá Rannís, hefur orðið:

„Fjölmörg efnileg sprotafyrirtæki sem nú eru styrkþegar sjóðsins, gætu fylgt í kjölfar þessara fyrirtækja og náð góðum árangri á markaði. Samkvæmt áhrifamati á Tækniþróunarsjóði er ljóst að sum þessara verkefna hefðu ekki farið af stað, eða væru mun smærri í sniðum, og gætu þar með jafnvel hafa misst af „tækifærinu", ef ekki hefði komið til opinber stuðningur frá Tækniþróunarsjóði," segir Sigurður.



Sigurður Björnsson, Kolbrún Bjargmundsdóttir, Lýður Skúli Erlendsson og Svandís Unnur Sigurðardóttir.

Hratt brugðist við

Í maí var bætt í hefðbundna vorúthlutun Rannís.

„Það gerðum við til að ná því markmiði að koma fjármunum sjóðsins í vinnu fyrir sumarlok og eins var haustúthlutun ársins flýtt, til að bregðast hratt við nýjum forsendum í nýsköpunarsamfélaginu, enda er nýsköpun nauðsynleg til að takast á við samfélagslegar áskoranir," upplýsir Svandís Unnur Sigurðardóttir, sérfræðingur hjá Rannís.

Á árinu er ný Markáætlun Rannís meðal annars helguð rannsóknum og nýsköpun í tæknibreytingum og sjálfbærni.

„Samfélagslegar áskoranir eru því mikilvægar í umræðu um nýsköpun þessi misserin – og þar munu stóru samkeppnissjóðirnir, Tækniþróunarsjóður og Rannsóknasjóður, spila stóra rullu," segir Kolbrún Bjargmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís, og heldur áfram:

„Önnur ekki síður mikilvæg aðgerð stjórnvalda er réttindi til skattendurgreiðslu til fyrirtækja vegna rannsókna og nýsköpunarverkefna. Þar verður bætt verulega í skattalegan hvata fyrirtækja á þessu ári til að auka nýsköpun. Lítil og meðalstór fyrirtæki geta fengið allt að 35 prósenta endurgreiðslu af kostnaði við verkefni og stór fyrirtæki 25 prósent."

Fjölbreytt atvinnulíf

Það er viðurkennd staðreynd að nýsköpun er lykill að styrkari stoðum efnahagslífsins.

Hjálmar Gíslason er forstjóri fyrirtækisins Grid, sem er styrkþegi hjá Tækniþróunarsjóði:

„Í einhverjum skilningi er hlutverk nýsköpunar að láta reyna á hluti sem hingað til hafa ekki verið gerðir og jafnvel þótt ómögulegir. Flestar þessara tilrauna mistakast, en þær sem takast færa út mörk hins mögulega og stækka þar með kökuna margfrægu. Í íslensku samhengi er nýsköpun einfaldlega nauðsynleg til að auka fjölbreytni atvinnu- og efnahagslífsins. Samsetning íslenska hagkerfisins er fábreytt og við höfum þess vegna ítrekað lent í að áföll í einstökum greinum hafa því sem næst sett samfélagið á hliðina. Fjölbreyttara atvinnulíf stendur betur af sér slík áföll og minnkar þannig áhrif slíkra áfalla á samfélagið í heild."

Hjálmar er stofnandi fyrirtækjanna Grid og Datamarket.

„Datamarket náði góðum árangri og var selt árið 2014, með góðri útgöngu fyrir alla sem að því komu. Tækniþróunarsjóður hefur verið mjög mikilvægur stuðningsaðili í íslenskri nýsköpun síðan ég hóf minn feril og sennilega sá allra mikilvægasti þegar kemur að fjármögnun fyrstu stiga nýsköpunar."

Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir er stjórnarformaður Laka Power, sem frá árinu 2015 hefur þróað einstaka lausn, PowerGRAB, sem vinnur raforku úr rafsegulsviði



Hjálmar Gíslason er stofnandi og forstjóri fyrirtækisins Grid.

sem umlykur háspennulínur.

Hún tekur undir orð Hjálmars.

„Það verður ekki hjá því komist að heimurinn er síkvikur. Eina vitið er að líta á breytingar sem tækifæri og bregðast við þeim með nýsköpun. Hvernig okkur tekst til með innlenda nýsköpun, mun skilja milli þess hvort lífsgæði hér munu visna eða blómstra á næstu árum og áratugum," segir Ásta Sóllilja.

Kerecis fékk Vaxtarsprotann

Kerecis er í dag eitt áhugaverðasta nýsköpunarfyrirtæki landsins. Það hlaut á dögunum Vaxtarsprotann sem er viðurkenning fyrir það nýsköpunarfyrirtæki sem er í mestum vexti innanlands, ásamt því að vera handhafi Nýsköpunarverðlauna Íslands sem voru veitt í fyrrahaust.

„Það er engum blöðum um það að fletta að eitt það mikilvægasta, ef ekki það mikilvægasta, fyrir blómstrandi efnahagslíf og fyrir uppbyggingu nútíma þjóðfélags, er öflugt nýsköpunarstarf," segir Klara Sveinsdóttir, framkvæmda-

Þrír milljarðar til nýsköpunar

Tækniþróunarsjóður úthlutar um þremur milljörðum króna til nýsköpunar á árinu. Sjóðnum bárust nærri 900 umsóknir, sem er um 40% aukning milli ára.

Yfir 130 fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar eru að fá nýja styrki auk þeirra sem þiggja framhaldsstyrki frá fyrra ári.



Tækniþróunarsjóður er mikilvægur stuðningsaðili nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Nánari upplýsingar eru á tths.is

stjóri framleiðslu- og gæðasviðs hjá Kerecis.

Hún segir afar mikilvægt að skapa umhverfi sem hvetur og styður við nýsköpun.

„Í því samhengi er gaman að tala um að við erum náttúrulega fiskveiðiþjóð sem hefur lifað af fiskveiðum árum saman. Nú í dag erum við virkilega farin að huga að því að nýta allar þær afurðir sem við fáum frá sjónum og erum farin að nýta þessar aukaafurðir mun betur. Rekstur okkar byggir á því að nýta fiskafurðir sem ekki hafa verið nýttar og koma þeim í verð með íslensku hugviti," segir Klara.

Afurðir Kerecis eru affrumað þorskroð, sem er notað til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum, einkum hjá fólki með sykursýki um allan heim.

„Það er okkur afar mikilvægt að taka þátt í uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs á Íslandi. Styrkur Tækniþróunarsjóðs var lykilatriði þess að hægt var að þróa fyrstu skref vinnslunnar á Ísafirði, og í kjölfar styrksins vaknaði áhugi fjárfesta og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfesti í fyrirtækinu, vegna gæðastimpils Tækniþróunarsjóðs. Fjárfesting Nýsköpunarsjóðs varð svo til þess að tvö öflug fiskverkunarfyrirtæki á Vestfjörðum fjárfestu í fyrirtækinu og svo hefur umfang rekstursins aukist ár frá ári og nýjasti fjárfestir fyrirtækisins er leiðandi tæknifjárfestir í Sílikondalnum í Bandaríkjunum. Nú starfa vel yfir 100 manns hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík, Sviss og Bandaríkjunum og við eigum yfir 50 útgefin einkaleyfi og markaðsleyfi í Asíu, Bandaríkjunum og Evrópu."

Nýsköpun efst í huga

Frá árinu 1999 hefur fyrirtækið Primex framleitt kítósan úr rækjuskel og hlaut árið 2012 Nýsköpunarverðlaun fyrir að breyta úrgangi í verðmæti. Í vísindaheiminum er talað um kítósan sem undraefni, því það hefur margvíslega eiginleika og þar með óteljandi notkunarmöguleika.

Nýsköpun hefur alla tíð verið efst í huga stjórnenda og starfsmanna fyrirtækisins og hefur Primex fest sig í sessi sem leiðandi framleiðandi á heimsvísu og einblínt á þróun og tækni til að framleiða hágæða kítósan.

„Okkar hráefnismarkaðir eru aðallega sárameðferðir, fæðubótarefni og snyrtivörur," upplýsir Hélène Liette Lauzon, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunar hjá Primex.

„Til að ná árangri höfum við tekið þátt í nýsköpunarumhverfinu hér heima og sótt um styrki til Átaks til atvinnusköpunar og Tækniþróunarsjóð, en einnig í öðrum innlendum og ESB-sjóðum,



Þrjár konur í ábyrgðarstöðum: Sigríður V. Vigfúsdóttir framkvæmdastjóri, Hélène L. Lauzon framkvæmdastjóri og Guðný Kristjánsdóttir gæðastjóri.



Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir er stjórnarformaður Laka Power.



Klara, framkvæmdastjóri framleiðslu -og gæðasviðs Kerecis.

ráðið til okkar sumarnema, auk þess að vera í samstarfi við rannsóknaraðila og háskóla hérlendis sem erlendis. Slíkir styrkir eru mikilvægir til að tryggja hraðari vöruþróun," segir Hélène. „Tækniþróunarsjóður hefur verið hvatning til rannsókna og þróunar nýrra vara hjá Primex og stuðlað að jákvæðri og sjálfbærri byggðaþróun. Ávinningurinn er enn fremur aukin þekking, nýting auðlinda, verðmætasköpun og atvinnusköpun fyrir íslenskt samfélag."

Uppskorið eins og sáð er

Nýsköpunarferlar í öllum geirum efnahagslífs eru undirstaða áframhaldandi þroska og vaxtar innan hvers geira fyrir sig, að mati Þorbjargar Jensdóttur, framkvæmdastjóra IceMedico, sem framleiðir Happ+ mola.

„Það hefur margsannað sig að lönd sem hafa forgangsraðað nýsköpun og rannsóknum í samdrætti, hafa uppskorið samkvæmt því með tímanum, en nýsköpun tekur tíma og er þolinmæðisverk. Þannig, að eins freistandi og það kann að vera að skera niður nýsköpunarferla þegar það harðnar á dalnum, er jafnframt mikil áhætta fólgin í því að missa af dýrmætum tækifærum framtíðar fyrir land og þjóð," segir Þorbjörg.

Ein helsta ógn nýsköpunar, að mati Þorbjargar, er skortur á þolinmóðu fjármagni. „Ég finn það í nýsköpunarumhverfinu á Íslandi, en einnig sést það vel á markvissri aukningu umsókna til Tækniþróunarsjóðs á milli umsóknarfresta. Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er því gríðarlegt fyrir uppbyggingu nútímaþjóðfélags," segir Þorbjörg.

„Styrkir sem IceMedico hefur hlotið frá Tækniþróunarsjóði í gegnum tíðina, hafa alltaf skipt sköpum í verkefnum sem sótt var um. Bæði hafa styrkirnir náð að verja mikilvæg störf hjá félaginu, sem og að leyfa félaginu að hreyfa tiltekin verkefni hraðar en annars hefði verið hægt og það hefur styrkt samkeppnistöðu félagsins, ekki síst erlendis. Styrkirnir hafa einnig, og munu halda áfram með nýveittum styrk, nært samstarf við önnur fyrirtæki og Háskóla Íslands í okkar tilviki."

Vantar umsóknir frá konum

Í þjóðfélagsumræðunni er gjarnan talað um að halli á konur og landsbyggðina þegar kemur að stuðningi við nýsköpun.



Þorbjörg Jensdóttir er framkvæmdastjóri IceMedico.

> **Í íslensku samhengi er nýsköpun einfaldlega nauðsynleg til að auka fjölbreytni atvinnu- og efnahagslífsins.**
>
> **Hjálmar Gíslason**

„Ég er harður talsmaður jafnréttis og réttlætis á öllum sviðum. Að því sögðu tel ég ekki að lausnin á þeim vanda sem í því felst að lægri hluti fjármagns Tækniþróunarsjóðs fari út á land, eða til verkefna sem leidd eru af konum, sé að líta öðruvísi til þeirra verkefna. Þvert á móti held ég að mikilvægt sé að horfa til allra verkefna út frá gæðum þeirra, óháð því hvaðan þau koma, enda skilst mér þegar litið er á gögnin að komi í ljós að hlutfall verkefna sem hljóta styrk og koma frá þessum hópum sé sambærilegt við önnur verkefni," segir Hjálmar hjá Grid

Vandinn sé að ekki berist nógu margar umsóknir af landsbyggðinni, eða konum.

„Lausnin hlýtur að felast í að finna orsök þess og ráðast að henni, hvort sem það felst í að hvetja konur og fólk á landsbyggðinni enn frekar til að sækja um, eða – það sem mér finnst líklegra – að það sé eitthvað í umhverfi þessara hópa sem dragi úr nýsköpunarstarfi á meðal þeirra. Þetta þarf að greina og ráðast að rótum vandans þar," segir Hjálmar.

Ásta Sóllilja hjá Laka Power segir mikilvægt fyrir sprotafyrirtæki með lítil fjárráð að velja hæfustu einstaklingana til starfa, óháð kyni.


„Á sama tíma þarf að hafa í huga að fjölbreytni skiptir máli fyrir nýsköpun. Það er mikilvægt að Tækniþróunarsjóður styrki bestu verkefnin, óháð kyni verkefnastjóra. Það má hins vegar velta því fyrir sér hvað sé hægt að gera til að kveikja áhuga fleiri öflugra kvenna á nýsköpun. Þar skipta sterkar fyrirmyndir án efa mjög miklu máli. Stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi er að miklu leyti stýrt af konum og við eigum nýsköpunarráðherra sem er kona. Svo gott sem jafnmargar konur og karlar stýra fjárfestingum vísisjóða á Íslandi, og það er einstakt í þeim geira. En eflaust má gera enn betur til að auka hlut kvenna í nýsköpun á Íslandi," segir Ásta Sóllilja.

Landsbyggðin stendur sig vel

Brýnt er að átta sig á að nýsköpun af landsbyggðinni er mikilvæg. Mörg sterk fyrirtæki úti á landi standa framarlega á sínum markaði á heimsvísu eins og Primex, Kerecis, Genís og Skaginn/3X. Sem dæmi hefur Primex verið brautryðjandi í verðmætasköpun í fullnýtingu sjávarafurða á síðastliðnum árum og lagt áherslu á kynjasjónarmið, þar sem yfir helmingur stjórnenda félagsins eru konur. Þar starfa tvær konur með doktorsgráðu og sumarnemar hafa verið ríkjandi kvenkyns á undanförnum árum.

Þorbjörg hjá IceMedico hefur orðið: „Kynjahlutföll hafa lengi verið viðkvæmt mál. Ég hefði sjálf viljað sjá fleiri konur í forsvari fyrir stórum styrkumsóknum hjá meðal annars Tækniþróunarsjóði. Ég hjó eftir því í nýafstaðinni úthlutun, að ég var eini kvenkyns verkefnastjórinn í styrktarflokknum Vöxtur sem hlaut styrk og mér fannst það furðulegt í fyrstu, þar sem ég veit að við eigum flotta kvenkyns framkvæmdastjóra hjá öflugum nýsköpunarfyrirtækjum hér á landi og sem ættu fullt erindi að sækja í sjóðinn. En þegar tölurnar eru skoðaðar virðist vera samhengi milli hlutfalls kvenkyns verkefnastjóra sem fá veitingu og hlutfalls innsendra umsókna heilt yfir hjá sjóðnum. Af hverju eru ekki fleiri konur að sækja um?" veltir Þorbjörg fyrir sér.

„Mín skoðun er einfaldlega sú að vandamálið byrjar annars staðar. Konur veigra sér gjarnan við að sækja um út af alls konar ástæðum og mögulega eru verkefni kvenna þannig skrúfuð saman að þau henta ekki viðmiðum sjóðsins. Ástæðan getur verið margþætt, en hér mætti leggja vinnu í að greina betur hvað verður til þess að konur nái ekki almennilegu flugi í styrkumhverfinu á Íslandi og hvað sé hægt að gera til að bæta það."



Íslenskur markaður leggur línurnar

Trackwell byggir á íslensku hugviti og samstarfi við fyrirtækin í landinu. Fyrstu árin einkenndust af vöruþróun og sprotastarfsemi og naut fyrirtækið aðstoðar íslenskra rannsóknasjóða.

Trackwell hefur verið starfandi í tæpan aldarfjórðung og sérhæft sig í hugbúnaðarlausnum sem auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja. Áherslan er á lausnir sem tengja saman mannauð og notkun tækja og búnaðar við starfsemi fyrirtækja og stofnana.

Lækkaður rekstrarkostnaður með Trackwell

Lausnir Trackwell eru aðallega sniðnar að stærstu atvinnugreinum Íslands, sjávarútvegi, byggingariðnaði, verslun, þjónustu og ferðaþjónustu. Helstu viðskiptavinir eru framsækin fyrirtæki sem hafa lagt áherslu á að einfalda ferla og lækka rekstrarkostnað með nýjustu aðferðum upplýsingatækni. Þá er lögð áhersla á að bjóða upp á lausnir sem henta öllum gerðum og stærðum fyrirtækja. Trackwell er með yfir 600 viðskiptavini. Kerfi frá Trackwell sjá daglega um tíma- og verkskráningar 40 þúsund starfsmanna, rauntímavöktun staðsetninga og ferla um 1.500 farartækja og yfir 10 þúsund skipa.

Fjórar vörur

„Vörurnar sem við bjóðum upp á eru fjórar í grunninn. Það eru mannauðslausnir Tímon, Floti, sem snýr að almennri vöktun á farartækjum, Hafsýn er með lausnir fyrir útgerðarfyrirtæki og fjórða



Á myndinni frá vinstri til hægri eru þau: Guðjón Ýmir Lárusson, viðskiptastjóri flotalausna, Þórunn K. Sigfúsdóttir, yfirmaður mannauðslausna hjá Trackwell og Steingrímur Gunnarsson, sölustjóri Hafsýnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

varan, Trackwell VMS, er þróuð út frá samstarfi við fiskveiðiyfirvöld og Landhelgisgæsluna," segir Þórunn K. Sigfúsdóttir, yfirmaður mannauðslausna hjá Trackwell.

Sérstaðan er samþætting gagna í samþætt kerfi

Trackwell gerir stjórnendum fyrirtækja kleift að nýta rauntímagögn úr daglegum rekstri til að taka betri rekstrarákvarðanir. „Sérstaðan sem Trackwell býður upp á er söfnun upplýsinga um alla rekstrarþætti, samþætt í gagnagrunnskerfi. Kosturinn við að hafa allar upplýsingar á einum stað er sá að fyrirtækið öðlast betri yfirsýn yfir reksturinn en ella. Auk þess felast heilmikil verðmæti í sögulegum gögnum, sem meðal annars hjálpa stjórnendum að greina frávik og koma í veg fyrir þau í framtíðinni. Einnig gefa söguleg gögn vísbendingar um hvort reksturinn sé á réttri leið og hvað má bæta" segir Steingrímur Gunnarsson, sölustjóri Hafsýnar.

Sprottið úr þörf markaðarins

Meirihluti viðskiptavina Trackwell eru innlend fyrirtæki, en þó kemur tæpur helmingur af tekjum Trackwell erlendis frá. „Nýsköpun okkar er sprottin úr þörfum íslensks markaðar og hafa lausnir okkar verið þróaðar í samstarfi við, og fyrir, kröfuharðan, innlendan markað. Íslensk fyrirtæki eru smá með dreifða starfsemi um allt land. Þau gera jafnframt kröfu um góða þjónustu og sveigjanleika og það höfum við haft í huga. Við höfum byggt upp mikla þekkingu á íslensku atvinnulífi og umhverfinu sem þau búa við. Þar má nefna kjarasamninga, reglugerðir og persónuverndarlög. Útkoman er hugbúnaðarlausnir í fremstu röð í heiminum," segir Guðjón Ýmir Lárusson, viðskiptastjóri flotalausna.

„Okkur hefur gengið mjög vel að selja lausnir okkar til fiskveiðiyfirvalda úti í heimi, meðal annars í Ástralíu og á Kyrrahafssvæðinu. Þetta sýnir að Trackwell lausnirnar eiga fullt erindi á fleiri markaði en Ísland. Lausnirnar frá okkur eru alla jafna það vel hannaðar að þær henta flestum fyrirtækjum í staðlaðri útgáfu. Annars erum við í beinum viðskiptum við viðskiptavini okkar án tilkomu þriðja aðila. Því getum við boðið upp á sérsniðnar lausnir ef þarf," segir Steingrímur.

Kynntu þér lausnina á trackwell.com Sími: 5100 600 Tölvupóstur: info@trackwell.com

TrackWell
FLOTA- OG FORÐASTÝRINGARLAUSNIR
tímon floti hafsýn
www.trackwell.is www.timon.is www.floti.is www.hafsyn.is

Gleymt svið gæti skipt sköpum fyrir mannkynið

Síðustu ár hefur Háskóli Íslands lagt æ meiri áherslu á nýsköpun innan skólans. Með því vill skólinn stuðla að því að rannsóknir og vinna starfsfólks og nemenda skili sér út í samfélagið.



Egill Skúlason, prófessor í efnaverkfræði við Háskóla Íslands, hefur átt í gjöfulu samstarfi við Háskóla Íslands á sviði nýsköpunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Háskóli Íslands veitir öflugt stuðningsumhverfi fyrir nýsköpunarstarf á Íslandi og má sem dæmi nefna Vísindagarða Háskóla Íslands. Þá átti Háskólinn frumkvæði að stofnun Auðnu Tæknitorgs. Skólinn er enn fremur einn af eigendum Icelandic Startups og bakhjarl Gulleggsins, Snjallræðis og MenntaMaskínu.

Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands í samstarfi við Hugverkanefnd Háskóla Íslands, Landspítala og Auðnu Tæknitorg, vinnur öflugt starf með starfsfólki háskólans þegar kemur að yfirfærslu hagnýtra rannsókna út í samfélagið. Að sögn Ólafar Vigdísar Ragnarsdóttur, verkefnastjóra nýsköpunar hjá HÍ, getur þetta verið löng leið.

„Leiðin hefst í flestum tilfellum á því að Hugverkanefnd og starfsmaðurinn í samstarfi við Auðnu, leggja inn einkaleyfisumsókn á uppfinningunni. Síðan er annað hvort stofnað fyrirtæki sem vinnur að því að koma hugmyndinni á markað, eða gerður samningur við starfandi fyrirtæki sem tekur að sér þróun uppfinningar. Ákveði Hugverkanefnd að sækja um einkaleyfi á uppfinningu, greiðir nefndin kostnaðinn, sem felst í skrifum og innlögn einkaleyfisumsóknar hér á landi og alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar (PCT)," segir Ólöf.

Tækniyfirfærsluskrifstofan Auðna Tæknitorg tók til starfa árið 2019, en slíkar skrifstofur finnast víðast hvar erlendis. „Hlutverk Auðnu er að taka við boltanum af hugverkanefndum og vísinda- og nýsköpunarsviðum háskólanna í landinu og tengja rannsakendur við fyrirtæki hér heima eða erlendis og tryggja að verkefnið fái sem bestan farveg. Þá veitir Vísinda- og nýsköpunarsvið einnig ýmiss konar aðstoð við hagnýtingu, svo sem lögfræðilega aðstoð sem vísindafólk hefur yfirleitt litla kunnáttu á.

Starfsfólk Háskóla Íslands tekur virkan þátt í nýsköpun og er lítill hluti hennar tengdur einkaleyfum og stofnun sprotafyrirtækja. Þess má þó geta að Hugverkanefnd hefur lagt inn á þriðja tug einkaleyfisumsókna og skólinn á hlut í 20 sprotafyrirtækjum sem byggja á rannsóknum starfsfólks, Atmonia er eitt þeirra fyrirtækja," segir Ólöf.

Farsælt samstarf

Egill Skúlason er prófessor í efnaverkfræði við Háskóla Íslands og segist hafa átt í löngu og góðu samstarfi við Vísinda- og nýsköpunarsvið skólans. „Samstarfið hefur komið sér vel vegna nokkurra verkefna minna sem hafa þótt það hagnýtanleg að við höfum lagst í einkaleyfagerð og fleira," segir Egill.

Að hans sögn er Háskóli Íslands í samstarfi við fjölmarga aðra skóla á mismunandi sviðum. „Hver og einn kennari og vísindamaður við skólann á samstarf við ýmsa aðra fræðimenn við erlenda skóla. Sjálfur er ég í samstarfi við ýmsa vísindamenn við skóla í fjölmörgum Evrópulöndum, Bandaríkjunum og Nýja-Sjálandi. Slíkt samstarf er iðulega mjög gjöfult. Því með samstarfi má sameina bæði þekkingu og kunnáttu, sem og tækjabúnað til að vinna að stærri verkefnum, sem oft og tíðum eru þverfræðileg."

Gleymt svið frá miðri 18. öld vekur verðskuldaða athygli

Nánast öll verkefni sem Egill vinnur að byggja á svokallaðri rafefnafræði. Um er að ræða tveggja alda gamalt rannsóknasvið, sem lofaði góðu um miðja 18. öld þegar fyrsti efnarafallinn var fundinn upp. „Þetta rannsóknasvið féll í gleymsku með tilkomu bensínvélarinnar. Fyrir örfáum áratugum jukust rannsóknir í rafefnafræði ört aftur eftir að við gerðum okkur grein fyrir því að bæði verði olían upp urin eftir einhverja áratugi, sem og skaðsemi CO2 útblásturs fyrir jörðina."

Rafefnafræðin býr yfir spennandi möguleikum. Með endurnýjanlegri orku frá til dæmis sól og vindi er hægt að knýja efnaferli áfram, sem annars þyrftu mikinn hita og þrýsting. Þá er rafefnafræði einnig notuð til að breyta efnaorkunni í efnatengjum sameinda yfir í raforku, sem til dæmis er hægt að nota til að knýja farartæki áfram," segir Egill.

Tilraun til útrýmingar hungursneyðar á heimsvísu

Sérsvið Egils innan rafefnafræðinnar tengist efnahvötunum, en réttu efnahvatarnir láta efnahvarf eiga sér stað, sem annars myndi aldrei gerast. „Stærsta rannsóknarverkefnið mitt síðustu árin hefur með ammóníak að gera, en þar höfum við fundið ýmsa efnahvata á borð við málmnítríð, málmoxíð og málmsúlfíð, sem lofa mjög góðu."

Verkefnið hefur rutt af stað fyrirtækinu Atmonia, en aðalmarkmið fyrirtækisins er sjálfbær framleiðsla ammoníaks fyrir umhverfisvæna áburðarframleiðslu. „Fram til þessa hefur svokölluð Haber-Bosch aðferð verið notuð til þess að búa til ammóníak til framleiðslu á nituráburði fyrir matvælaframleiðslu. Þetta er gríðarlega orkukræft ferli sem fer fram undir miklum hita og þrýstingi og krefst um 1% af allri orkunotkun mannkyns. Ferlið er einnig mjög óumhverfisvænt og veldur um 2% af allri CO2 losun mannkyns á heimsvísu. Þar að auki krefst ferlið þess að vetnisgas sé búið til sem hvarfefni, en það er iðulega búið til frá jarðgasi, sem er tæmandi orkulind.

Nýsköpunin í Atmonia verkefninu felst í að nota rafefnafræði til að knýja framleiðslu ammóníaks með notkun raforku við herbergishita og -þrýsting. Eins og staðan er í dag er nituráburður fluttur inn frá örfáum stöðum í heiminum þar sem hann er framleiddur. Með aðferðum Atmonia gætu bændur framleitt eigin áburð á staðnum. Margir bændur eru jafnvel með eigin sólarsellur eða vindmyllur sem myndu knýja áburðarframleiðsluna með umhverfisvænum hætti. En það eina sem þarf til framleiðslunnar er rafmagn, vatn og andrúmsloft sem er 78% nitur.

Fyrst munum við einblína á vesturlöndin en þegar reynsla er komin á tæknina munum við leita leiða til þess að koma tækninni á fleiri staði í heiminum. Á mörgum stöðum hafa bændur ekki efni á að flytja inn áburð og uppskeran er þar af leiðandi að skornum skammti. Tæknin frá Atmonia

> **Eins og staðan er í dag er niturá-burður fluttur inn frá örfáum stöðum í heiminum þar sem hann er framleiddur. Með aðferðum Atmonia gætu bændur framleitt eigin áburð á staðnum.**

býður upp á möguleika á að útrýma hungursneið á heimsvísu," segir Egill.

Vakti athygli á byrjunarstigi

Egill fékk veður af því árið 2013 að verkefnið þótti bæði áhugavert og hagnýtanlegt og var honum ráðlagt að taka þátt í Hagnýtingarverðlaunum HÍ (nú Vísinda- og nýsköpunarverðlaun HÍ) sem hann og gerði. „Þetta verkefni var á byrjunarstigi á þeim tíma og við vorum til að mynda ekki búin að birta neina vísindagrein um rannsóknirnar. Út frá þessu var tekin ákvörðun um að sækja um einkaleyfi.

Þó svo verkefnið hafi verið stutt á veg komið, þótti hugmyndin og vinnan það áhugaverð, og möguleikarnir það miklir, að verkefnið hreppti 1. sætið þetta árið. Verðlaunin skiptu sköpum, verkefnið fékk mikla kynningu í kjölfarið og fyrirtækið Atmonia var stofnað þremur árum síðar," segir hann.

Hvergi nærri hættur

„Annað stórt verkefni sem ég hef unnið í síðustu árin er rafefnafræðileg afoxun CO2 í eldsneyti, til dæmis metan, metanól og maurasýru. Eini hreini málmefnahvatinn sem getur afoxað CO2 að einhverju ráði er kopar, en hann myndar súpu af fimmtán mismunandi myndefnum, aðallega metan og nánast ekkert metanól sem væri mjög hentugt eldsneyti fyrir farartæki. Okkar rannsóknir sýna hins vegar að málmoxíð efnahvatar geta afoxað CO2 í bæði metanól og maurasýru en mynda ekkert metan.

Þriðja nýsköpunarverkefnið tengist efnarafölum fyrir vetnisbíla en þar þarf að afoxa súrefni í vatn á öðru af tveimur rafskautunum. Platína hefur hingað til verið langbesti efnahvatinn fyrir það rafefnahvarf en platína var einmitt notuð í fyrsta efnarafalanum fyrir 200 árum. Hins vegar er platína bæði mjög dýr og sjaldgæfur málmur og því væri engan veginn hægt að nota hana til að búa til vetnisbíla fyrir allan heiminn. Í því verkefni höfum við skoðað kolefnis nanórör sem innihalda enga málma, en þar leynast sérstakar gerðir af rörum sem eru mun betri en platínan sjálf." Þess má geta að Auðna-tæknitorg er að vinna að hagnýtingu framangreindra verkefna í samstarfi við Hugverkanefnd.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nýr efniviður sem lausn á samfélagslegum vanda

Vöruhönnuðurinn Valdís Steinarsdóttir er einn af allra okkar frambærilegustu vöruhönnuðum í dag. Á hönnunarferli sínum hefur hún verið óhrædd við að taka af skarið og varpa ljósi á og finna lausnir á ýmislegum vanköntum í samfélaginu og viðhorfi þess til umhverfisins.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Fyrir stuttu hlaut hún sænsku hönnunarverðlaunin Formex Nova 2020, fyrir verkefni sín Bioplastic Skin og Just Bones. Bæði verkefnin eru þróun hennar á nýjum efnum og möguleikum til þess að koma með einstakar lausnir á samfélags- og umhverfislegum vandamálum í opnu samtali við áhorfendur.

„Sem hönnuður tel ég eitt af mínum stærstu verkefnum vera að takast á við málefni sem mikilvæg eru fyrir samfélagið," segir Valdís, sem útskrifaðist frá vöruhönnunardeild Listaháskóla Íslands árið 2017. Ferill Valdísar er ótrúlega stuttur miðað við þann fjölda viðurkenninga sem hún hefur hlotið á alþjóðavísu fyrir verkefni sín og að sögn er hennar markmið í framtíðinni að halda einfaldlega áfram að skapa.

Sterkt efni úr beinum

Just Bones þróaði Valdís sem hugvekju um að taka samfélagslega ábyrgð við að fullnýta allt það efni sem verður til við kjötframleiðslu. Þá skoðar hún einnig hvernig vinna má vannýtt hráefni úr nærumhverfi okkar með því að skoða þau út frá nýju sjónarhorni og finna þeim þannig nýtt hlutverk og gildi.

„Nú til dags er stórum hluta dýraskrokka fargað ónýttum eftir slátrun. Þar með er dýrmætum hráefnum eins og beinum sóað. Just Bones er þróun á sterku náttúrulegu efni sem eingöngu er unnið úr beinum. Beinin eru möluð niður og mismunandi eiginleika þeirra nýti ég til að þróa og vinna efni sem hefur aflfræðilega eiginleika á við MDF timbur. Efnið er fljótandi þegar því er blandað saman. Því hægt að móta það í hvaða form sem er og einnig er hægt að vinna það þegar það hefur þornað. Möguleikar efnisins eru því afar margvíslegir," segir Valdís.

> **Nú til dags er stórum hluta dýraskrokka fargað ónýttum eftir slátrun. Þar með er dýrmætum hráefnum eins og beinum sóað.**
>
> **Valdís Steinarsdóttir**

Náttúrulegt umbúðaefni

Verkefnið Bioplastic Skin felst í því að búa til umhverfisvænar umbúðir úr dýrahúðum fyrir kjötvörur. Meginmarkmiðið segir Valdís að sé tvíþætt. „Annars vegar skapa ég náttúrulegt umbúðaefni til að nota í stað mengandi plasts. En einnig vil ég vekja almenning til umhugsunar um fullnýtingu kjötafurða," segir Valdís og spyr: „Erum við tilbúin að ögra venjum okkar og taka ábyrgð á fullnýtingu þegar kemur að þeim afurðum sem verða til við kjötneyslu?"

Einn stærsti kostur Bioplastic Skin, segir Valdís að sé umræðan sem efnið skapar varðandi neysluvenjur samfélagsins. „Þar má helst nefna nýtingu á þeim úrgangi sem fellur til við kjötframleiðslu og hina gegndarlausu notkun á einnota plastumbúðum." Í verkefninu ögrar Valdís hefðbundnum venjum með því að klæða kjötvörur í plastlíki (e.bioplastic) sem er búið til úr skinni dýrsins sem kjötið kemur af. Efnið er fullkomlega náttúrulegt og brotnar eðlilega niður í náttúrunni og er því frábær lausn á plastvandanum, sem við sem samfélag stöndum nú frammi fyrir.

Einnig vill Valdís vekja athygli á kjötneyslu almennt og stofna til samtals. „Í dag þykir oft viðkvæmt málefni að fjalla um kjötneyslu. Fólk vill þá gjarnan skiptast í tvær fylkingar, með og á móti, þegar kemur að því málefni. En þegar öllu er á botninn hvolft þá erum við öll í sama liði. Við verðum að skapa svigrúm til að ræða málin frá fleiri sjónarhornum og hönnuðir verða að þora að blanda sér í þá umræðu. Með Bioplastic Skin vil ég opna fyrir umræðu um mögulegar leiðir í meðferð matvæla til framtíðar."



Valdís Steinarsdóttir er óhrædd við að nýta rödd sína til þess að varpa ljósi á samfélagsleg og umhverfisleg vandamál. MYNDIR AÐSENDAR.



Just Bones verkefnið stuðlar að betri nýtingu dýraskrokka. Bein eru mulin niður og notuð í efnivið.



Just Bones efnið er hönnun Valdísar og býður upp á gífurlega fjölbreytta möguleika.



Meginmarkmið Valdísar er ætið að takast á við málefni sem eru mikilvæg fyrir samfélagið.

ChitoCare®
Natural HEALING of Iceland

Grædandi á ör
Klínískt sönnuð virkni



Við upphaf meðferðar með ChitoCare græðandi geli.

Eftir tvær vikur af meðferð með ChitoCare græðandi geli.




ChitoCare eru náttúrulegar vörur sem hafa reynst vel á húð, væga bruna, sólbruna og ýmsa húðkvilla.

ChitoCare er íslensk vara sem fæst í apótekum, Hagkaup og á chitocare.is

primex ICELAND

chitocare.is
/PrimexIceland

Wound – Omega sáraúði frá Kerecis



Kerecis kynnir Wound sáraúðann sem inniheldur fitusýrur úr jurtaríkinu og flýtir fyrir náttúrulegri sáragræðslu.



Wound sáraúðinn inniheldur bæði Jóhannesarjurtarolíu og Neem-olíu, en báðar þessar olíur eru þekktar fyrir græðandi eiginleika og innihalda fjölómettaðar fitusýrur. Úðinn er til dæmis hentugur til að meðhöndla núningssár, hruflsár, væg brunasár, sár eftir blöðrur, sár eftir inngróna nögl, litla skurði og skrámur. Wound sáraúðann er einnig hægt að nota á lítil sár á dýrum.

Úðinn er 100 prósent náttúrulegur og án rotvarnarefna. Hann hefur bakteríuhemjandi eiginleika og samverkandi áhrif olíanna flýta fyrir sáragræðslunni.

Sáraúðinn er CE-merkt lækningavara og er nú þegar fáanlegur í apótekum.

Wound sáraúðinn er einfaldur og þægilegur í notkun:

Hreinsið sárið vel með hreinu vatni og hristið brúsann vel.Úðið úr fimm til tíu sentimetra fjarlægð á húð og umhverfis sárið.Hyljið með sáraumbúðum sem henta hverju sinni.

MariCell™ – íslensk húðvörulína frá Kerecis

Kerecis kynnir MariCell, íslensk húðkrem sem framleidd eru á Ísafirði og innihalda Omega-3 fjölómettaðar fitusýrur. Húðlæknirinn Baldur Tumi Baldursson stendur að baki MariCell kremunum sem fást í fjórum mismunandi gerðum og gefið hafa góða raun.

Kremin eru CE-merkt og flokkast því ekki sem snyrtivörur heldur lækningavörur. Þau innihalda hvorki stera né paraben og með ávísun læknis greiða Sjúkratryggingar Íslands hluta kostnaðarins.

FOOTGUARD mýkir og fegrar fætur

FOOTGUARD er sérstaklega þróað fyrir fætur og hentar einstaklega vel þeim sem eiga við þrálát sprunguvandamál á fótum að stríða og einnig þeim sem þurfa að standa mikið við vinnu og eru með slæma fótaheilsu. Jafnframt er kremið tilvalið til þess að mýkja og fegra fæturna fyrir sumarið og opnu skóna. Auk Omega-3 fitusýra inniheldur kremið ávaxtasýru sem brýtur niður sigg og þykka húð og karbamíð, sem er rakagefandi.

XMA fyrir viðkæma húð

MariCell XMA er einstaklega virkt krem, sérþróað til meðhöndlunar á aumri, rauðri og bólginni húð og einkennum exems. Kremið inniheldur Omega3 fjölómettaðar fitusýrur og byggir á íslenskri einkaleyfavarinni tækni. Kremið hefur eftirfarandi eiginleika:

- Slakar á húðinni og eykur fyllingu
- Meðhöndlar auma, rauða og bólgna húð
- Dregur úr kláða
- Sefar húð



Dagur 1.



Dagur 14.

Ég hef ekki verið eins góð síðan ég var barn



Þórey Sigrún Leifsdóttir hefur upplifað það frá 9 ára aldri að vera með sigg á hælum og tábergi. „Amma kenndi því um að ég gengi um berfætt en seinna kom í ljós að þetta var sóriasis," segir Þórey. Sigg og sprungur ágerðust með aldrinum hjá Þóreyju. „Þegar verst lét var ég komin á það stig að vakna á nóttunni vegna kláða og pirrings í fótum, oft með blæðandi sprungur í sigginu. Stundum brá ég á það ráð að raspa fæturna um miðjar nætur og smyrja þá með smyrsli og vanlíðanin var mikil," segir Þórey, sem fyrir tveimur árum fór til húðlæknis sem benti henni á kremið MariCell FOOTGUARD frá Kerecis.

„Hann mælti eindregið með kreminu, bar það á annan fótinn til prufu og eftir aðeins sólarhring fann ég stóran mun. Ég ber nú kremið á mig eftir þörfum og tek skorpur, en sprungurnar eru horfnar og ég hef ekki vaknað út af kláða og blæðandi sprungum í tvö ár. Ég hef í raun ekki verið jafn góð síðan ég var barn," segir Þórey, sem hefur ekki tölu á hversu mörgum hún hefur bent á MariCell FOOTGUARD. „Ég mæli með því fyrir alla sem kljást við sprungur og sigg, því það er það besta sem ég hef notað á mitt vandamál."



XMA-kremið virkar langbest og heldur mér góðum



Friðbert Elí Friðbertsson hefur glímt við exem frá eins og hálfs árs aldri.

„Ég hef prófað öll möguleg krem í gegnum tíðina en XMA kremið frá MariCell virkar langbest af þeim ólyfseðilsskyldu kremum án stera sem ég hef prófað."

Friðbert hóf að nota kremið fyrir tæpu ári og hefur notað það á hverjum degi síðan. Exemið er hvað útbreiddast á höndum og andliti og hefur hann hingað til ekki fundið krem sem er jafn rakagefandi og mýkir húðina jafn vel. Friðbert er 38 ára og ánægður að hafa loks fundið krem sem virkar.

„Það gerir það líka að verkum að ég get látið líða lengra á milli sterakúra, en þá þarf ég yfirleitt að taka þegar verða miklar hitabreytingar í veðri. XMA heldur mér hins vegar góðum á milli."



Fyrir auma, rauða og bólgna húð með kláða



XMA

Meðhöndlar erta húð og einkenni exems

með mOmega3™

Fyrir þykka og hreistraða húð með kláða



PSORIA

Meðhöndlar hreistraða húð og einkenni sóríasis

með mOmega3™

Fyrir sprungna hæla og fótasigg



FOOTGUARD™

Meðhöndlar og kemur í veg fyrir sigg, þykka húð og sprungna hæla

með mOmega3™

Fyrir bólur á upphandlegg, rakstursbólur og inngróin hár



SMOOTH

Meðhöndlar bólur á upphandlegg, lærum eða lendum. Minnkar líkur á inngrónum hárum.

með mOmega3™

Nýsköpun spyr hvorki um stað né stund

Frumkvöðlakeppnin Gulleggið, verkefni Icelandic Startups, er nú haldin 13. árið í röð. Vegna COVID-19 fara allar vinnusmiðjur fram á netinu.

Frumkvöðlakeppnin Gulleggið hóf göngu sína vorið 2008 og er eitt rótgrónasta verkefni Icelandic Startups. Keppnin er vettvangur fyrir unga frumkvöðla og hugmyndasmiði sem vilja koma hugmyndum sínum á framfæri og gera úr þeim markvissar áætlanir sem miða að stofnun fyrirtækis, segir Edit Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups, sem nú heldur keppnina í þrettánda sinn. „Skráningarfrestur er til og með fimmtudags 3. september, en skráningin tekur einungis nokkrar sekúndur og það geta allir tekið þátt. Hægt er sækja um með eða án hugmyndar, ef sótt er um þátttöku án hugmyndar fá einstaklingar tækifæri á að bjóða fram þekkingu sína og reynslu til annarra teyma."

Tíu hugmyndir valdar áfram

Þátttakendum keppninnar býðst að sækja þrjár vinnusmiðjur á netinu sem haldnar eru á laugardögum. „Þar er farið yfir ýmsa nytsamlega hluti sem þarf að hafa í huga þegar viðskiptahugmynd er mótuð og fyrirtæki stofnað, svo sem áætlanagerð, hönnun og markaðsmál. Teymin fá einnig aðstoð við að undirbúa sig fyrir lyftukvöld Gulleggsins, en það er vísan í það að þú eigir að geta sagt skýrt og skilmerkilega frá hugmynd þinni í einni lyftuferð. Að lokum skila þátttakendur viðskiptaáætlun á einu A4-blaði."

Rýnihópur, sem skipaður er breiðum hópi bakhjarla og samstarfsaðila Gulleggsins, fer yfir viðskiptaáætlanirnar og velur þar úr tíu bestu hugmyndirnar, sem komast svo áfram í keppnina sjálfa. „Teymin hefja þá strax að undirbúa sig fyrir lokadag Gulleggsins, þar sem þau kynna hugmyndir sínar fyrir dómnefnd. Vinningsteymið hlýtur að launum 1.000.000 kr."



Edit Ómarsdóttir er verkefnastjóri hjá Icelandic Startups. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alið af sér verðmæti og störf

Gulleggið hefur alið af sér fjöldann allan af sprotafyrirtækjum og eru mörg þeirra orðin að stórum fyrirtækjum á heimsmælikvarða, segir Edit. „Hugmyndirnar eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar og hafa skilað sér margfalt til baka út í samfélagið í formi atvinnu- og verðmætasköpunar. Sem dæmi má nefna fjártæknifyrirtækið Meniga, sem tók þátt í Gullegginu árið 2009 en í dag starfa hjá þeim um 160 starfsmenn í sjö löndum. Leikjafyrirtækið Solid Clouds tók einnig þátt í Gullegginu sem og fyrirtækið Róró sem framleiðir dúkkuna LullaDoll. Hátæknifyrirtækið Videntifier hóf einnig sín fyrstu skref í Gullegginu, en það sér meðal annars alþjóðalögreglunni Interpol fyrir myndgreiningartækni."

Breytt skipulag í ár

Gulleggið verður með breyttu sniði í ár vegna COVID-19 en Icelandic Startups snaraði keppninni yfir á vefform og munu því allar vinnusmiðjur Gulleggsins fara fram á netinu. „Þetta fyrirkomulag gefur fólki á landsbyggðinni og víðar tækifæri á að taka þátt í Gullegginu í fyrsta sinn, án þess að þurfa að mæta á fýsískan stað, sem eru virkilega jákvæðar fréttir og skref í rétta átt þar sem nýsköpun spyr hvorki um stað né stund."

Edit segir að þegar staðið er frammi fyrir stórum áskorunum, t.d. heimsfaraldri, kreppum eða loftslagsbreytingum, myndist gjarnan ný tækifæri. „Á slíkum tímum fer fólk að leita lausna á þeim vandamálum sem koma upp og í þannig aðstæðum blómstrar nýsköpun. Meniga var t.d. stofnað í kjölfar kreppunnar til að aðstoða fólk við að halda utan um fjármál heimilisins. Um þessar mundir sjáum við nýjar lausnir í heilbrigðis- og menntamálum sem og spennandi lausnir í umhverfis- og loftslagsmálum, líkt og staðgengil einnota plasts, rafdrifin farartæki og margt fleira. Hugmyndaflugið er það eina sem stoppar. Ég vil því hvetja alla sem ganga með hugmynd í maganum að sækja um í Gullegginu fyrir miðnætti þann 3. september."

Nánari upplýsingar um keppnina má finna á www.gulleggid.is.

OPIÐ FYRIR SKRÁNINGAR TIL
03.09.20

Kynntu þér málið
www.gulleggid.is

GULLEGGIÐ
/ONLINE

POWERED BY ICELANDIC STARTUPS

ÍSLANDSHÓTEL

Sjá nánar á islandshotel.is/tilbod

TILBOÐ HJÁ ÍSLANDSHÓTELUM

GÆÐASTUND Á GRAND



HÓTELGISTING
KVÖLDVERÐUR
REYKJAVÍK SPA

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Gisting fyrir tvo í
Tower View herbergi
á Grand Hótel Reykjavík

Morgunverðarhlaðborð

Tveggja rétta kvöldverður
á Grand Brasserie

Aðgangur fyrir tvo
í Reykjavík Spa

Tilboðsverð: 29.900 kr.

Bókaðu í síma 514 8000
eða info@grand.is

ÖLL TILBOÐIN ER HÆGT AÐ FÁ SEM GJAFABRÉF

Rómantík í REYKHOLTI

Gisting fyrir tvo með morgunmat
á Fosshótel Reykholti,
tveggja rétta kvöldverði
og aðgangi í Krauma

Bókaðu í síma 435 1260
eða reykholt@fosshotel.is





Einstakt tilboð fyrir tvo 29.900 kr.

FOSSHOTEL REYKHOLT



Huggó á Húsavík
sjóböð og slökun

Gisting fyrir tvo
með morgunmat á
Fosshótel Húsavík,
tveggja rétta kvöldverði
og aðgangi í
GeoSea sjóböðin

Tilboð fyrir tvo á 25.900 kr.

FOSSHOTEL HÚSAVÍK

Bókaðu í síma 464 1220 eða husavik@fosshotel.is



FOSSHOTEL

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Réttir á Íslandi í aldanna rás

Hjá mörgum er það árviss viðburður að fara í réttir, en þær eiga sér langa sögu hér á landi. Núna um helgina fara fyrstu réttirnar að hefjast en þær fara fram með öðru sniði í ár vegna COVID.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Í réttum er oft glatt á hjalla. Þar kemur oft margt fólk saman til að hjálpa til eða bara til að fylgjast með fjörinu. En í ár gilda strangari reglur vegna COVID og engum gestum er leyft að koma í réttirnar. Þangað mega bara mæta þeir sem eru beinir þátttakendur. Það er því ljóst að þessi árlega hefð hjá mörgum, að mæta í réttir, verður að sitja á hakanum í ár, eins og svo margt annað.

Þau sem eru svo heppin að geta tekið þátt í réttum í ár eru beðin að gæta fyllstu varúðar og passa upp á tveggja kinda regluna. Það er að hafa alltaf í það minnsta tvær kindur á milli manna. Eins var fólk beðið um að láta ekki söngvatn ganga manna á milli, eins og venjan er í venjulegu árferði.

Réttir eiga sér langa sögu og eru mjög víða á landinu, en elsta réttarstæði landsins er talið vera Skaftholtsréttir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Réttirnar eru hlaðnar úr Þjórsárhraungrýti og taldar vera frá 12. öld, en réttir hafa farið fram í sveitum landsins frá því snemma á Þjóðveldisöld.

Á árum áður voru hinar árlegu réttir ein helsta skemmtun innan sveitanna. Þá hittist fólk úr sveitinni og fólk frá öðrum landshlutum kom einnig og réði sig í vinnu og þannig kynntist fólk gjarnan milli landshluta. Í gegnum árin hafa skapast margar skemmtilegar hefðir í kringum réttir, enda snúast þær orðið um mun meira en að draga kindur í dilka. Fólk syngur saman, borðar nesti og víða eru haldin réttarböll.

Í dag skipta réttir hér á landi tugum. Enda eru kindur hér á landi fleiri en manneskjur. Þó hefur þeim fækkað þó nokkuð á síðustu áratugum. Árið 1978 voru kindur hér á landi rúmlega 890.000 en árið 2018 voru þær um helmingi færri. Vinsældir rétta og fækkun kinda virðast ekki haldast í hendur, en réttir verða sífellt vinsælli. Þær eru raunar svo vinsælar að hróður þeirra hefur borist út fyrir landsteinana og það hefur færst í aukana að ferðamenn sæki í að fylgjast með eða vera þátttakendur í réttum. Sumar ferðaskrifstofur hafa til dæmis boðið upp á skipulagðar ferðir í réttir fyrir ferðamenn.



Ungir sem aldnir hjálpast að við að draga kindur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Réttir verða á nokkrum stöðum um helgina en með örlítið breyttu sniði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vinsældir rétta og fækkun kinda virðast ekki haldast í hendur.



RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær
er drifkraftur nýrra hugsana
og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu
og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Nýir 2020 Mitsubishi Outlander PHEW. Flottur lúxus bíll á lægra verði en jepplingur. 800.000 undir listaverði á kr. 5.890.000,- 5 ára ábyrgð. Til sýnis á staðnum í nokkrum litum.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

PROSTONE

» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Hártoppar-Hárígræðsla-Höfuðrótartatto. 25 ára sérfræðikunnátta. Raunverulegra verður það ekki. Frí ráðgjöf. Apollohar.is, S:552 2099

Keypt & Selt

Til sölu



Eigum til nokkrar gerðir af vönduðum Rokkóló stólum. Nýjum eða uppgerðum. Með áklæði að eigin vali. Formbólstrun, Hamraborg 5, s. 544 5750

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN:IS S. 867 6677



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA
Only/Aðeins 1-3 students/ nemendur/ per course/hvert námskeið! Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk / Also Special Courses for Health Staff. Enska fyrir Leiðsögumenn/English and Icelandic for Tourist Guides. Start/ Byrja: 7/9, 14/9, 5/10, 2/11,30/11. 2021: 4/1, 1/2, 1/3, 29/3, 26/4, 24/5. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. AM & PM/fh. & eh. Price/Verð: 49.500 Labour Unions/Labour Office pay back 50-90 % of price/ Stéttafélög/Vinnumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - facebook.com/ fullordinsfraedslan - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108, s. 8981175/5571155

Heimilið

Barnavörur



SYSTKINA VAGN/KERRA
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Ýmislegt

Samsung sjónvarp 46" 3D til sölu. 80.000 kr. Sími 557 4036

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

AÐSTOÐARONA ÓSKAST
Langveik kona sem búsett er í Kópavogi óskar eftir íslenskri astoðarkonu, ca. 25-55 ára. Umsækjandi þarf að vera líkamlega og andlega hraust, stundvís, hlý, þolinmóð, úrræðagóð og skilningsrík. Vinnutími er sveigjanlegur. Starfið felur í sér ýmis verkefni og erindagjörðir t.d. akstur, versla, elda, aðstoð á heimili, þrif og síðast en ekki síst að veita félagslegan stuðning. Starfshlutfall eftir samkomulagi eða ca 20 - 40% og unnið er í anda NPA og hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Hreint sakarvottorð er skilyrði sem og bílpróf en umsækjandi þarf þó ekki að nýta eigin bíl í vinnunni. Umsóknir berist á adstodarkona@gmail.com fyrir 5. september 2020

JÁRNSMIÐJA
Járnsmiðja í Mosfellsbæ óskar eftir stálsmið eða manni vönum járnsmíði. Starfið felst í smíði og uppsetningu. Uppl. í síma 899 5979 og 894 3945

Tilkynningar

Fundir

AÐALFUNDUR KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN Í HÚSI FÉLAGSINS AÐ STANGARHYL 2, REYKJAVÍK, MIÐVIKUDAGINN 9. SEPTEMBER 2020 KL. 20:00
Dagsskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál, löglega fram borin.

Stjórnin

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.



COACHMEN Camper 30 feta camper



BRAUT BÍLASALA

Árgerð 2000, ekinn 10 þkm
Verð 1.980.000 Rnr.130717.

Bíldshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilabraut.is

Saumanámskeið fyrir konur
4 kvölda saumanámskeið verður haldið í Saumu að Hátúni 12, 105 Reykjavík,

Námskeiðið er einu sinni í viku frá kl. 18-21, og kostar 25.000. kr. þriðjudagana 8. 15. 22. 29. september 2020, og miðvikudagana 9. 16. 23. 30. september 2020.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Helga Rún Pálsdóttir klæðskera-meistari og fatahönnuður, leikmynda-og búningahöfundur og hattahönnuður.

Frekari upplýsingar og skráning, veita Sveinn 892-1170 og Helga 664-1271 eða í sveinndal@sauma.is, einnig á https://www.facebook.com/saumarvk/

Þjónustuauglýsingar


Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Beltone **Amaze**™

Jafnvel þögnin verður verðmætari



Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir þögnina á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Kaffi hættulegt á meðgöngu

Grein eftir **Jack James,** prófessor við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík, sem á dögunum birtist í virtu vísindariti, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að neysla koffíns á meðgöngu sé hættuleg fóstrinu, vekur athygli.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Dr. Jack James er prófessor við Háskólann í Reykjavík, niðurstaða hans er afgerandi, eða að konur eigi einfaldlega ekki að neyta koffíns á meðgöngu.

Greinin birtist í British Medical Journal Evidence-Based Medicine og tekur Jack þar saman fjölmargar alþjóðlegar rannsóknir á áhrifum koffíns og kaffis á meðgöngu.

Niðurstaða hans er afgerandi, eða að konur eigi einfaldlega ekki að neyta koffíns á meðgöngu né heldur á meðan þær eru í barneignahugleiðingum. Samkvæmt niðurstöðum hans eykur neysla koffíns líkur á fósturláti, andvana fæðingu, lágri þyngd nýbura, barnahvítblæði og offitu barna.

Greinin hefur vakið mikla athygli og fjallað hefur verið um hana í erlendum miðlum, meðal annars Guardian, New York Times, Skynews og BBC.

Dr. Jack James tók þátt í stofnun sálfræðideildar Háskólans í Reykjavík og hefur verið prófessor við háskólann frá því 2012. Hann er fæddur og uppalinn í Ástralíu og lauk doktorsprófi frá University of Western Australia árið 1976. Hann hefur gegnt akademískum stöðum við háskóla í Ástralíu og Evrópu og tekið virkan þátt í þróun sálfræðináms, sérstaklega í framhaldsmenntun í klínískri sálfræði og heilsusálfræði.

Endurskoða þarf ráðleggingar

„Þarf ég að hætta að drekka kaffi?“ er sennilega ein algengasta spurningin sem barnshafandi konur bera upp við heilbrigðisstarfsfólk. Í dag er þeim sagt að þær geti haldið áfram að drekka kaffi en ráðlagt að drekka ekki meira en sem nemur 1–2 uppáhelltum kaffibollum, eða 200 milligrömmum á dag. Það er þó brýn þörf á að endurskoða þessar ráðleggingar að mati Jacks.

Jack hefur skoðað áhrif kaffidrykkju í áraraðir. Í síðustu rannsókn sinni tók hann saman þá vísindalegu þekkingu sem liggur fyrir um tengsl kaffidrykkju og ýmissa heilsuþátta ungbarna og áhættuþátta í fæðingu, til að fá úr því skorið hvort verðandi mæðrum sé óhætt að drekka kaffi á meðgöngu. Hann fór yfir 48 rannsóknir og samantektir rannsókna (meta-analysis) á tengslum kaffidrykkju við neikvæða heilsufarsþætti meðgöngu og fæðingar, svo sem fósturlát, fyrirburafæðingu, andvana fæðingu, lága fæðingarþyngd og bráðahvítblæði. Alls fór hann yfir 1.261 ritrýnda vísindagrein í rannsókn sinni.



Jack fór yfir 48 rannsóknir á tengslum kaffidrykkju við neikvæða heilsufarsþætti meðgöngu og fæðingar, svo sem fósturlát, fyrirburafæðingu, andvana fæðingu, lága fæðingarþyngd og bráðahvítblæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fósturlát og fyrirburafæðingar

Í gögnunum sem Jack fór yfir var greint frá 42 niðurstöðum úr 37 rannsóknum. Í 32 niðurstöðum kom fram að kaffineysla jók verulega hættu á fósturláti, andvana fæðingu, fyrirburafæðingu, bráðahvítblæði, ofþyngd og lágri fæðingarþyngd. Tíu niðurstöður sýndu ekki tengsl við þessa þætti eða gáfu ekki ákveðin svör. Gott samræmi var á milli niðurstaðnanna um að koffín yki áhættu fyrir alla þætti sem skoðaðir voru, nema fyrirburafæðingu.

Í ellefu greinum var greint frá niðurstöðum 17 samantekta á rannsóknaniðurstöðum. Í 14 samantektum kom fram að koffínneysla móður sé tengd aukinni hættu á fósturláti, andvana fæðingu, lágri fæðingarþyngd og bráðahvítblæði.

Ekki eins saklaust og talið var

Kaffi er sannarlega vinsælasti drykkur mannkynssögunnar og stór hluti vestrænnar menningar, þar sem fólk hittist yfir kaffibolla og spjallar saman, kíkir á kaffihús, hellir upp á þegar gesti ber að garði og þar fram eftir götunum. Drykkurinn hefur margvísleg áhrif á líkamann sem einmitt orsaka þessar vinsældir. Við hressumst við kaffineyslu og morgunbollinn hjálpar okkur að vakna, síðdegisbollinn skerpir svo á einbeitingunni.

Neikvæð áhrif kaffineyslu eru þó alltaf að verða ljósari og vitað er að neyslan hefur til dæmis neikvæð áhrif á magasýrur og samdrátt æða. Fólk verður háð kaffidrykkju og getur því fundið fyrir fráhvarfseinkennum sem geta verið höfuðverkur, syfja og orkuleysi. Þeir sem hafa reynt að hætta að drekka kaffi vita að það getur einnig haft sálfræðilegar afleiðingar, rétt eins og þegar um aðra fíkn er að ræða.

Þegar kaffis er neytt á meðgöngu fer koffínið í gegnum fylgjuna og þannig óhindrað til fóstursins, sem ekki nær að brjóta það niður, en getan til þess þróast á fyrsta ári barnsins. Rannsóknir hafa sýnt að koffín getur truflað hjartastarfsemi og súrefnismettun fósturs.

> VIÐ ÞURFUM AÐ BREYTA ÞVÍ HVAÐ KONUM ER RÁÐLAGT OG ÞAÐ STRAX.

Afgerandi gögn

„Miðað við að við þekkjum lyfjaverkun kaffis á líkamsstarfsemina og miðað við að kaffis er neytt í miklu magni mjög víða á meðgöngu og með vitneskjuna um allar þær rannsóknir sem hafa verið gerðar síðustu fjóra áratugina, kom mér það ekki á óvart að niðurstöðurnar væru afgerandi þegar þessar rannsóknir væru teknar saman, að þær bentu mjög sterklega til þess að neysla koffíns sé skaðleg á meðgöngu,“ segir Jack.

Hann segir þó að erfitt sé að kenna kaffi einu saman um ofangreinda áhættuþætti, sé mikið samræmi í niðurstöðum rannsókna sem bendi til þess að kaffi valdi skaða á meðgöngu.

Enginn öruggur skammtur

Í gegnum tíðina hefur komið fram gagnrýni á aðferðafræði rannsókna sem benda til skaðsemi koffíns og er sú gagnrýni oft frá rannsóknahópum tengdum kaffiiðnaðinum.

Jack telur þessa gagnrýni ekki standast nánari skoðun. Rannsakendur hafi fylgt afar ströngum reglum í söfnun og túlkun gagna. Það sé því ekki réttmætt að virða þessar rannsóknir að vettugi.

Þvert á móti liggi fyrir mikil þekking úr vel útfærðum rannsóknum sem sýni fram á hættuna sem stafi af kaffineyslu á meðgöngu. Engar vísbendingar séu um jákvæð áhrif kaffineyslu á móður eða barn og því eigi að ráða barnshafandi konum frá því að fá sér kaffibolla.

Jack leggur að lokum áherslu á að það sé enginn öruggur skammtur af kaffi fyrir barnshafandi konur. „Við þurfum að breyta því hvað konum er ráðlagt og það strax.“

Dr. Jack James

Dr. James var prófessor við La Trobe-háskólann í Melbourne 1991–1998 og fyrsti forseti Australian Psychological Society's College of Health Psychologists 1996–1998. Hann var prófessor og forseti sálfræðideildar National University of Ireland í Galway 1998–2012 og stofnandi og ritstjóri vísindatímaritsins Journal of Caffeine Research 2010–2014.

Dr. James hefur ritað þrjár bækur og birt meira en 150 greinar í ritrýndum vísindatímaritum. Helstu viðfangsefni hans eru heilsusálfræði, atferlis-faraldsfræði, alþjóðleg heilbrigðismál, sállífeðlisfræði með áherslu á hjarta- og æðakerfið, sállyfjafræði með áherslu á áhrif koffínneyslu á líkamann og atferlisfræði. Hann hefur verið aðalrannsakandi í rannsóknum sem hafa hlotið stóra rannsóknastyrki í Ástralíu, á Írlandi, Íslandi og frá Evrópusambandinu.

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

ALLT AÐ

50%

AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. ÁGÚST 2020 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

1945 Hafin er bygging húss fyrir Þjóðminjasafn við Hringbraut – „morgungjöf lýðveldisins til þjóðarinnar“.

1948 Baldur Möller er skákmeistari Norðurlanda, fyrstur Íslendinga.

1971 Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd verður eldi að bráð og á sama tíma kviknar í bíl sóknarprestsins.

1992 Kvikmyndin Svo á jörðu sem á himni eftir Kristínu Jóhannesdóttur er frumsýnd. Hún fjallar um strand franska rannsóknaskipsins Pourquoi pas?

1993 Listasafnið á Akureyri tekur til starfa.



†

Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Inga G. Magnúsdóttir

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést miðvikudaginn 26. ágúst.

Friða Sigurðardóttir
Kristinn Jakob Reimarsson
Guðrún Kristín Reimarsdóttir
Inga Snæfells Reimarsdóttir
Linda Reimarsdóttir
Pétur Reimarsson
Gréta R. Snæfells
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Þórður Þ. Þórðarson
Aðalsteinn Víglundsson
Sveinn Ómar Grétarsson
Hera Sigurðardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744


ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .



„Við verðum bara að dansa meira og syngja hærra á næsta ári,“ segir Heiða Guðný sem heldur í hundinn Fífil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekkert réttarball í ár

Sérstakar sóttvarnareglur hafa verið gefnar út í sambandi við göngur og réttir. Bændur þurfa að kynna sér þær og það hefur Heiða fjalldalabóndi á Ljótarstöðum gert.

Mér líst bara vel á þessar reglur. Svo þurfum við bara að laga okkar aðstæður sem best má vera að þeim. Það er gott að fá eitthvað til að miða við,“ segir Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, bóndi á Ljótarstöðum í Skaftártungu, um minnisblað sem Samband sveitarfélaga hefur sent út um sóttvarnir í göngum og réttum haustsins. „Við fáum alltaf einhverja smala sem ekki eru búsettir á svæðinu og í ár hefur verið mælst til þess að það fólk gæti sín afar vel og fari helst í sjálfskipaða sóttkví fyrir safn,“ bætir hún við.

Smalar þurfa jafnan að gista í skálum. Skyldi ekki vera legið þétt þar og þröngt setinn bekkurinn, eða hvað? „Á Skaftártunguafrétti erum við svo heppin að vera með stórt gangnamannahús á tveimur hæðum,“ lýsir Heiða. „Áður var hesthús á neðri hæðinni en þar sem húsið er notað sem gistihús yfir sumartímann var neðri hæðinni fyrir nokkru breytt í gistiaðstöðu með eldhúskrók og langborði, áþekkt því sem er á efri hæðinni. Við munum því geta dreift okkur á tvær hæðir og getum bæði sofið og matast án þess að vera í mikilli nálægð við hvert annað.“

Ekki mega fleiri en 100 manns mæta í hverja rétt, samkvæmt nýju reglunum. Heiða segir fólksfjöldann í Grafarrétt í Skaftártungu fara langt fram yfir það í venjulegu ári – en undir þann leka hafi verið sett. „Fjallskilanefnd hefur gefið út reglur um að ekki mæti fleiri í réttina en fimm fullorðnar manneskjur frá hverju lögbýli í sveitinni og þannig mun fjöldinn verða undir 100 þetta árið,“ útskýrir hún.

> **Við fáum alltaf einhverja smala sem ekki eru búsettir á svæðinu og í ár hefur verið mælst til þess að það fólk gæti sín afar vel og fari helst í sjálfskipaða sóttkví fyrir safn.**

Heiða segir féð búið að vera sex til níu vikur á fjalli núna um mánaðamótin. „Upprekstrarleyfi á Skaftártunguafrétt og heiðarnar komu frá Landgræðslunni rétt fyrir mánaðamót júní, júlí og þá fóru bændur að tína fé í rólegheitum til fjalla. Miðað er við að það taki um tvær vikur svo kindurnar dreifi sér sem best og ekki skapist álag á landið á sleppisvæðunum.“

Þegar kemur fram í ágúst segir Heiða alltaf einhverjar kindur fara að tínast heim aftur. „Í dag, 28. ágúst, förum við nokkur og smölum saman því fé sem var komið hér heim undir efstu bæi. Það er nú komið til síns heima, vænt og vel fram gengið eftir þetta einstaklega góða og hagfellda sumar sem við höfum notið hér á þessu landsvæði.“

Fyrstu smalar halda til fjalla á föstudaginn eftir viku, 4. september, að sögn Heiðu, og allur hópurinn verður kominn inn í afrétt mánudaginn 7. „Til byggða komum við svo, ef ekki verða tafir vegna veðurs, föstudaginn 11. og réttum þann dag og laugardaginn 12.,“ segir hún.

En óttast Heiða að COVID-19 muni spilla gleðinni í göngum haustsins? „Ánægjan sem fylgir skemmtilegri samvinnu fólks í erfiðri en skemmtilegri vinnu í stórkostlegu umhverfi verður söm og vanalega og eins gleðin yfir því að hitta aftur kindurnar sínar,“ svarar hún. „En það verður auðvitað skrýtið að fá ekki á svæðið allt það fólk og þann gleðskap sem alltaf fylgir þessari hátíð, réttarhelginni. Það verður auðvitað miklu færra fólk í lögréttinni og ekki hægt að láta ganga vasapela eða neftóbakshorn. Svo verður ekkert réttarball, sem er nú vanalega ein aðalsamkoma ársins. Það er auðvitað háðölvað, en við verðum þá bara að syngja hærra og dansa meira á næsta ári!“

gun@frettabladid.is

†



Þökkum kærlega vinarhug, stuðning og samúð vegna andláts okkar ástkæra

Árna Björns Jónassonar

verkfræðings,
Skjólbraut 18, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fá björgunarsveitir á Norðurlandi, Hjálparsveit skáta Reykjadal og Landhelgisgæsla Íslands.

Fjölskylda Árna Björns

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Svana Jörgensdóttir

er látin. Dánardægur var 23. ágúst og hefur fjölskyldan þegar kvatt hana með athöfn í kyrrþey.

Gunnar Torfason
Laufey Gunnarsdóttir **Jóhann Heiðar Jóhannsson**
Anna Úrsúla Gunnarsdóttir
Nanna Dís og Jóhanna



Bergþór sagði meðal annars við setningu Tónlistarskóla Ísafjarðar að eldmóður og bjartsýni Jónasar Tómassonar, stofnanda hans fyrir 72 árum, væri núverandi starfsfólki hvatning til góðra verka. MYND/ALBERT EIRÍKSSON

Finn kraft frá fjöllunum

Söngvarinn Bergþór Pálsson setti Tónlistarskóla Ísafjarðar nýverið, í fyrsta sinn sem skólastjóri. Hann segir hið tignarlega hús við Austurveg 11 nú óma af tónlist.

Starfið leggst mjög vel í mig, segir Bergþór Pálsson söngvari um hið nýja embætti sitt sem skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar. „Það er auðvitað heilmikið nám að byrja í svona starfi, ýmis kerfi sem maður þarf að læra á og til að byrja með fer mikill tími í skriffinnsku og útreikninga. Við skiptum því á milli okkar, ég og aðstoðarskólastjórinn, hún Sigrún Pálmadóttir söngkona, og svo gerum við margt saman. Stundum er ekki hægt að gera eitthvað einn. Eins er ég með frábæran ritara, Fanneyju Rakel Árnadóttur, sem er mín hægri hönd. Ég leita til þeirra beggja.“

Bergþór setti skólann í byrjun vikunnar. Hann segir nemendur eitthvað á þriðja hundrað. „Þetta er stór skóli, það eru útibú á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri, þangað mun ég fara að fylgjast með og hlusta á tónleika og klappa.“

Þó Bergþór reki ekki ættir sínar vestur á firði hefur honum alltaf liðið þar vel, að eigin sögn. „Mér finnst ég eiga heima hér og finn kraft frá fjöllunum sem ég held að sé ein ástæða þess að hér býr dugmikið fólk. Það er reisn yfir bæjarbragnum og menningarlegur andi yfir öllu. Fólkinu hér hefur alltaf þótt vænt

> **Fólkinu hér hefur alltaf þótt vænt um tónlistarskólann sinn, sem betur fer, því það sem gerir samfélög lífvænleg og eftirsóknarverð er andlegt fóður í háum gæðaflokki.**

um tónlistarskólann sinn, sem betur fer, því það sem gerir samfélög lífvænleg og eftirsóknarverð er andlegt fóður í háum gæðaflokki, til að öllum líði vel í hjartanu. Þess vegna er góður tónlistarskóli svo mikilvægur, því tónlistin er eitt af því sem færir okkur kraft og gleði og innihald í lífið. Þetta vita Vestfirðingar.“

Búið var að ráða flesta kennara við skólann áður en Bergþór kom. „Ég réði einn,“ segir hann. „Það er brilljant ungur maður, Pétur Ernir Svavarsson píanóleikari, sem kemur einu sinni í mánuði til að þjálfa söngnemendur. Hann er einn af þeim snillingum sem hafa vaxið hér upp og er fyrrverandi nemandi í skólanum, það finnst mér gaman. Vonandi fæ ég fleiri fyrrverandi nemendur til að hafa Master Class-námskeið.“

Býst Bergþór við að breyta línum sem fyrirrennarar hans lögðu? „Nei, ég vil nú ekki halda því fram, starfið hefur verið í mjög góðu horfi, en ég er með ýmsar hugmyndir sem ég sé til hvort ég kem í framkvæmd, hugsa að ég geri það þegar fer að hægjast á skriffinnskunni. Mig dreymir um margt skemmtilegt.“

Eiginmaðurinn, Albert Eiríksson matarbloggari, flytur líka vestur, að sögn Bergþórs.

„Við erum að komast í bráðabirgðahúsnæði niðri á Eyrinni, með yndislegu útsýni, en það er húsnæðisekla og fólk er svo vingjarnlegt að hafa áhyggjur af því, það heilsar okkur á götunum og spyr hvort við séum búnir að finna íbúð. Albert er náttúrlega í verkefnum hér og þar, eins og hann hefur alltaf verið, og flögrar á milli. Hann sér líka um húsið sem við keyptum í sumar rétt áður en ég réði mig. Það var alveg óvart! En ég grennist þegar Albert er fyrir sunnan, það er eini kosturinn við að hann sé í burtu!“ **gun@frettabladid.is**



Elskulegi sonur okkar,
bróðir, mágur og frændi,
Jón Einarsson,
(Nonni)
Laugarbraut 8, Akranesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 23. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 3. september kl. 13.00. Athöfninni verður streymt á www.akraneskirkja.is. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök HVE.

Einar Jónsson
Guðrún Kristín Guðmundsdóttir
Gyða Einarsdóttir
Guðjón Skúli Jónsson
Einar Karl Einarsson
Kristrún Bára Guðjónsdóttir
Elvar Logi Guðjónsson
Hugrún Helga Guðjónsdóttir



Ástkær eiginkona mín,
Þóra Hallgrímsson

lést á Landspítalanum 27. ágúst.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Björgólfur Guðmundsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Guðrún Marteinsdóttir
hárgreiðslumeistari,

lést laugardaginn 15. ágúst á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin fór fram í kyrrþey 24. ágúst með nánustu ættingjum. Sérstakar þakkir fær starfsfólk V-4 á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun.

Guðríður Guðjónsdóttir
Vilborg Linda Indriðadóttir
Jón Þór Stefánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku pabbi okkar, afi og bróðir,
Stefán Richter Gunnlaugsson

lést 10. mars sl. á hjartadeild Karlskrona í Svíþjóð.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, miðvikudaginn 2. september kl. 15.

Ástvinir.



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur
Kirkjuvegi 11, Keflavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar og D-deildar HSS.

Drífa Maríusdóttir
Guðni Jóhann Maríusson
Guðrún Guðmundsdóttir
Jón Þór Maríusson
Marta Sigurðardóttir
Alba Lucia Alvarez
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær dóttir okkar, unnusta og systir,
Ágústa Erla Þorvaldsdóttir
Hörgsholti 23a

lést á Landspítalanum þann 23. ágúst.
Hún verður jarðsungin 2. september frá Lindakirku. Vegna aðstæðna verða fjöldatakmarkanir í kirkjunni en athöfninni verður streymt https://www.facebook.com/groups/AgustaErla

Ingibjörg Þórarinsdóttir
Þorvaldur Kjartansson
John M. Doak
Reynir Þorvaldsson
Linda Þorvaldsdóttir
Leifur Þór Þorvaldsson



Elsku besta mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,
Aðalheiður Sigurjónsdóttir
Lalla

lést miðvikudaginn 19. ágúst á Landspítalanum Hringbraut.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 1. september kl. 15.
Vegna aðstæðna í samfélaginu verða einungis nánustu ættingar viðstaddir athöfnina en henni verður streymt á youtu.be/q46Y2cM0ej8

Guðrún Kristín Antonsdóttir
Margrét Gísladóttir Haukur Halldórsson
Grettir Gíslason Sigríður Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.




Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Einar Magnús Guðmundsson
fæddur 29. 08. 1930,
leikari, vélsmiður, kennari
og ljóðasjóður,

lést 4. ágúst á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Þökkum sýndan samhug.

Jóhann, Gunnlaugur Axel,
Heiða, Júlíana Rannveig,
tengdabörn, barnabörn og
barnabarnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

HLEÐSLUBATTERÍ

Á	L	F	T	A	V	E	R	S		S		O		Ó		D		H	
L		Ö		F		K		M	A	N	N	F	A	G	N	A	Đ	U	R
A	U	Đ	G	A	S	T		Y		A		A		L		G		M	
P		U		R		A		R	Á	R	E	N	D	A	N	S		A	
P	E	R	S	N	E	S	K	I		R		R		Đ		A	T	L	A
A		Ö		E		K		L		Á	R	Á	S	A	N	N	A		Đ
L		M	Ó	T	F	A	L	L	I	Đ		S		R	Á	N	L	Í	F
E		M		T	A	P	A		N	A	G	A	R	A	N	A			R
G	A	U	T	A	R		U		N		R		A		D	R	A	G	A
	G		A		S		F	U	G	L	A	F	L	Ó	A		L		M
H	E	Y	K	V	Í	S	L		R		M		L		R	Ú	R	I	K
	N		T		M		É		Ó	L	A	G	R	Æ	N		A		O
S	T	A	G	L	A	S	T		I		R		A		E	R	N	U	M
	A		Ó		N		T	Ú	N	F	I	S	K	U	M		G		I
F	R	Æ	Đ	I	N	G	U	R		Ó		K	A	P	A	L	I	N	N
R		V		L		E	M	B	Æ	T	T	I		P		Y		Í	
Ó	S	I	Đ	L	E	G		Ó		F		M		R	Í	F	A	S	T
M		N		V		N	E	T	B	Ú	N	A	Đ	I		T		T	
A	N	N	R	Í	K	I		U		N		Đ		S	K	U	T	U	M
R		I		G		R	Ú	M	T	A	K	I	N	U		M		Đ	

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist torfær en tignarleg slóð. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. ágúst“.





FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Blekkingaleikur** eftir **Kristinu Ohlsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðný H. Ragnarsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Svona vangaveltur laga aðeins hluta vandans (9)
8 Eyða stórborg og lýsa því í beinni (6)
11 Svona stór strolla þarf alveg tonn af vatni (7)
12 Taka hross á hestbak til töfratúra (9)
13 Tíst við ofsa eykur basl (6)
14 Fer úr kjallaranum með það sem ég skapa og greiði (7)
15 Ýmislegt var keyrt í gegn þótt oft væri gripið fram í (9)
16 Hávaðinn truflar veiðarnar (6)
18 Nú er heyskapur búinn, næst er það slátrun (9)
19 Ég átti helling en hann er búinn (8)
24 Mitt álit? Þetta þarf að rista upp á nýtt (6)
27 Gimbur leitar úrræðis fyrir frelsara sinn (11)
31 Samræður við stórmeistara (6)
32 Broddar eða börnin smá? (5)
33 Óvit sveif á býsna bjarta mey (7)
34 Fljót í gang fyrir virkjað vatn (8)
35 Er þeir rugluðu voru hvað óðastir varð ég slakari (7)
36 Væn sólhvarfahátíð kallar á holdug sláturdýr (7)
37 Meinarðu píuna karlrembutittsins eða togarann sem er ekki lengur gulur? (7)
38 Magnaðu þitt kapital (7)
42 Sterklega var gefið í skyn að skapað yrði traust (8)
45 Fitaður í flýti við kjarnakljúfinn (9)
49 Ætli radíómerki stýri því hvenær og hversu kröftuglega ég vældi? (6)
50 Er fjölskylda feimins með sjötta skilningarvitið? (7)
51 Sljóleiki hlýst af ládeyðu slettandi gesta Kringlu og Glerártorgs (9)
52 Fengum brot af báðum helmingum (6)
54 Ata fullkláruð býlin (9)
55 Þér er skylt að halda suður í norrænu (9)
56 Kveinkuðu sér fyrir ekki svo löngu (6)
57 Hættum við veislu þrátt fyrir mátt í matfiskum (7)

LÓÐRÉTT

1 Hvernig láta lítil dýr í frjóu beitilandi? (7)
2 Umbrotið fer gjarnan í mýrarsund með fyrsta orð í málsgrein (7)
3 Skrifar sig frá því sem hann skrifar á ný (7)
4 Heiftug hrund í hestaferð (8)
5 Leiðist tuð Ara um erfiða menn í uppnámi (6)
6 Minnast lítilsháttar óþæginda krakkakóða (8)
7 Arfberi mun vera fiskur eða foringi í hernum (8)
8 Komum því úr okkar húsi og hýsum hjá öðrum (8)
9 Tal um hakk krefst stíls sem fæstir finna (7)
10 Mæling á jörð og dýpt fyrir veitingamann (7)
17 Bar mauk á brogaðan bát (7)
20 Það er fljótfærni að ætla að eðli mannsins og framrás lífsins fari saman (9)
21 Um vel talandi börn er sagt að þau tali vel um börn (9)
22 Slæmt tól sker hár en orðljótur ekki (9)
23 Hneigist til puðs og þrasar mjög (9)
25 Deila þessara atvinnugreina snýst um vopn (7)
26 Horfin eru blöðin og uppskriftirnar sem í þeim voru (7)
28 Tel hor vera klístur hvers einstaklings (7)
29 Mæli korn í mauk fyrir mjúk brauð og holl (7)
30 Farin vegna upplags og afbrigða (7)
39 Heimilislaust fólk gistir á götunni (8)
40 Sættum okkur við eitt dráp en mótmælum hinum? (8)
41 Minn herra gleymdi Gvendi síst (8)
43 Féllstu eftir flan? Og fellurðu þá í valinn? (7)
44 Predikanir milli árbíts og hádegisverðar (7)
45 Halló, eru þau lösnu enn á spítalanum? (6)
46 Gargörn er verri en gargönd (6)
47 Finnur til með þeim sem sár eru og hjálpar þeim í bað (6)
48 Grimmdarleg áform og glæpsamleg (6)
53 Loks ráku þau augun í líf-himnu (4)

LÉTT

				6				
9	4		7	2			3	
7	5	1	9		4			
		9			6			2
4	7		2			1	9	
	8		1	7		3		5
				4		8		7
8		4				2		9
1								

MIÐLUNGS

	9		8	1		3		
		8	9					
3				7	5			1
5	7	4		8	2			
					4		1	
	2							8
6				2	9			
9	3	1	5				7	
				3		5	6	

ÞUNG

		5						
	4				3		1	
1		7	8					
9			1		4	8		6
		6		5				3
					8			
6	5	4		8			9	
2			5		9	4		
					1		8	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

6	1	3	9	2	7	8	4	5
5	7	8	6	4	3	1	9	2
9	4	2	1	5	8	3	7	6
1	3	5	4	6	9	2	8	7
2	6	9	7	8	1	5	3	4
7	8	4	5	3	2	6	1	9
4	9	6	3	1	5	7	2	8
8	5	1	2	7	4	9	6	3
3	2	7	8	9	6	4	5	1

9	1	6	4	3	7	2	5	8
2	8	7	5	6	1	9	3	4
5	3	4	8	9	2	1	6	7
6	2	1	9	7	4	3	8	5
7	9	3	1	5	8	6	4	2
4	5	8	6	2	3	7	9	1
1	6	5	2	4	9	8	7	3
3	4	2	7	8	6	5	1	9
8	7	9	3	1	5	4	2	6

2	5	7	3	6	1	4	9	8
8	6	3	4	9	2	1	5	7
9	1	4	5	7	8	6	2	3
4	7	8	1	5	9	3	6	2
1	2	5	7	3	6	9	8	4
3	9	6	8	2	4	5	7	1
5	3	2	9	1	7	8	4	6
6	8	9	2	4	3	7	1	5
7	4	1	6	8	5	2	3	9

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Margeir Pétursson (2475) átti leik gegn Hjörvari Steini Grétarssyni (2579), átti leik gegn Þresti Þórhallssyni (2430) á Íslandsmótinu í skák í Garðabæ.

27...Bxg4! 28. Hf1 De7! 29. Hce1 Hcc5 30. Rb3 Be2! 31. Rxc5 Hg5 og svartur vann nokkru síðar. Glæsileg skák að hálfu Margeirs. Mótinu lýkur á morgun.

www.skak.is: Íslandsmótið í skák.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Hringsvíning

Fresturinn til að ljúka leikjum í Bikarkeppni Bridgesambands Íslands rann út 23. ágúst. Þegar svo fáar sveitir voru eftir, voru sveitirnar mjög sterkar. Sveit Frímanns Stefánssonar og Sjóarans síkáta voru meðal þeirra sem mættust í fjórðungsúrslitum. Munurinn var mjög lítill í lokin, fór 106-103 impar fyrir Sjóarann síkáta. Þó vann sveit Frímanns þrjár lotur en tapaði einni stórt. Þegar svona litlu munar um lokaniðurstöðuna, skiptir hvert spil máli. Páll Þórsson, í sveit Frímanns, sýndi mjög góð tilþrif og var mjög „vakandi“ um vinningsleiðina. Í þessu spili varð lokasamningurinn fjögur hjörtu í NS á báðum borðum. Þegar meðlimir Sjóarans voru sagnhafar, var útspilið hagstætt og ekkert vandamál að vinna spilið. Þegar Páll, í sveit Frímanns, var sagnhafi, fékk hann erfiða vörn. Norður var gjafari og enginn á hættu:

Norður
♠ Á42
♥ 87543
♦ Á54
♣ 103

Vestur
♠ K9653
♥ D
♦ D63
♣ 7654

Austur
♠ G107
♥ G9
♦ 1087
♣ ÁKG98

Suður
♠ D8
♥ ÁK1062
♦ KG92
♣ D2

Í NS voru Frímann og Páll gegn Gunnlaugi Sævarssyni og Karli Grétari Karlssyni.
Eftir tvö pöss opnaði suður á einu hjarta og fékk svarið tvö lauf („Drury“) sem sýndi hámarkspass og hjartastuðning. Þá fékk austur færi á að dobla til útspils en lokasamningurinn varð fjögur hjörtu með laufi út. Eftir að austur tók ÁK í laufi, skipti hann í spaðagosa og braut þar þriðja slag varnarinnar. Sagnhafi tók trompin en varð nú að spila tíglinum án þess að gefa slag. Hann hafði „séð“ níu punkta hjá austri sem var passaður og átti því ósennilega tíguldrottninguna líka. Með því að leggja af stað með tígulgosann náði hann skemmtilegri hringsvíningu sem gekk upp, hvort sem vestur lagði drottninguna á eða ekki.

SEPTEMBERLEIKUR
DOMUSNOVA

Við á Domusnova fögnum komu haustsins! Af því tilefni bjóðum við öllum þeim sem setja eign í sölu hjá okkur í september 2020 og selja hana með okkar aðstoð, glæsilega Nespresso kaffivél til eignar.*



LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Við erum hér fyrir þig!

DOMUSNOVA
Fasteignasala

HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Lýkur um helgina

HÚSASM

Parket -25% • Sláttuvélar -30% • LADY málning -
Pallahreinsir -20% • Útimálning -20% • Allt í berj
Bað- og eldhúsplötur (Berry Alloc) **-20% • Hillurek**
Vinyl parket -25% • Ryksugur (Nilfisk) **-20% • LADY la**



enox: enjoy life

169.900kr

Enox V7 rafmagnsvespa
Nett og nútímaleg umhverfisvænt farartæki.Hámarkshraði 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km. **3903101**

enox: enjoy life

Verð án skráningarkostnaðar
199.900kr

Enox EM215 rafmagnsvespa
Einstaklega lipurt og umhverfisvænt farartæki. Hámarkshraði 45 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 60 km. **3903100**



Sjáðu verðið!

Electrolux

69.990kr
~~78.990 kr~~

Þvottavél 1400 sn. EW2F304R6.
Magn af þvotti mest 8 kg, 1400 snúninga, A+++ orkuflokkur. **1805698**



25%

damixa™

26.190kr
~~34.990 kr~~

Handlaugartæki
Damixa Silhouet, small og medium, svart.
8000056-8000057



blómaval

Haust
Erikurnar
eru komnar

3 stk. að eigin vali
1.299kr/3 stk.
~~1.797 kr/3 stk.~~



3.370kr/m² 25%
~~4.496 kr/m²~~

Flísar
Piave Pearl, 30x60 cm, Rectif, R9, frostþolin. **8611154**



22%

NEO TOOLS

13.995kr
~~17.995 kr~~

Verkfæravagn
NEO, 84-229, þrjár hillur á hjólum, stærð: 630x390x810 mm, hver hilla ber 120 kg, hjól 4x1", bremsa á tveimur. **5024490**



33%

LAUFEN

39.990kr
~~59.845 kr~~

Veggskál + seta
PRO-N, með setu. **7920021**



Sjáðu verðið!

TOPEX

5.995kr

Búkki 2 stk.
Hæð 78 cm, breidd 57 cm, Ber 227 kg. **5023988**

20%

af allri pallaolíu, viðarvörn og útimálningu



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Skoðaðu tilboðsblaðið á husa.is



MIÐJUDAGAR

20% • **Trjáplöntur -70%** • **Slönguhjól** (Claber) **-20%** • **Viðarvörn** (Jotun) **-20%** • **Pallaolía -20%**
jatínsluna -20% • **Vegg & loftamálning** (Jotun) **-25%** • **Flísar -25%** • **Handlaugar** (Laufen) **-20%**
kkar (Avasco) **-20%** • **Útipottar -30%** • **Blöndunartæki** (Grohe) **-20%** • **Salerni** (Laufen) **-20%**
akk -20% • **Reiðhjól -25%** • **Garðhúsgögn -30%** • **Ferðavörur -30%** • **Sumarleikföng -30%**





25%

Græn vara

7.796 kr
~~10.395 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
Hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel. **7119784**



2.810 kr/m²
~~3.750 kr/m²~~

25%

Harðparket 12 mm
Sardina, eik, 12 mm, 4V, Ac-619-522527. **147400**



20%

Græn vara

7.516 kr
~~9.395 kr~~

LADY vegg 10
Hágæða innanhúss veggmálning. 2,7 ltr.
7122220



20%

265 kg HVER HILLA


avasco

5.995 kr
~~7.495 kr~~

Hillurekki Strong 265 Galva
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 265 kg. **5803674**




KRAKKAR



Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi dýrin þrjú standa

Konráð 418 og félagar á ferð og flugi

„Hvað skyldi þetta nú vera,“ sagði Konráð og tók upp pappírsblað með tölustöfum og dýramyndum sem hann sá liggja á jörðinni. „Mér sýnist þetta vera stærðfræðiþraut,“ sagði Lísaloppa.
„En þessi þrjú dýr eru ekki tölustafir, svo það getur nú varla verið,“ sagði Konráð. „Það er nú einmitt þrautin,“ sagði Lísaloppa. „Að finna út fyrir hvaða tölustafi þessi þrjú dýr standa, svo þessi fjögur dæmi gangi upp,“ bætti hún við. Kata horfði hugsi á stærðfræðiþrautina og sagði, „þvottabjörn, plús mús, mínus fjórir, eru sex?“ Konráð horfði líka hugsi á þrautina. „Heyrðu mig nú,“ bætti Kata við önug. „Þvottabjörn, mínus ugla, plús ...“



Hún stoppaði í miðri setningu. „Þetta er ómögulegt að reikna, hvernig er hægt að draga uglu frá þvottabirni?“ Lísaloppa kímdi. Svona þraut var henni að skapi ólíkt Kötu.



Rama og Raman þykir gaman í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Finnst best að sofa í bílnum

Rama Mohamad, níu ára, og Raman Mohamad, sjö ára, eru að koma úr skólanum þegar ég hitti þau með mömmu sinni. Þau eru í Háteigsskóla í Reykjavík og eru að ljúka degi tvö á þessu hausti.

Finnst ykkur gaman í skólanum?
Rama: „Já, það er gaman,“ segir hún strax og þarf ekki að hugsa sig um. Bróðir hennar kinkar kolli til merkis um að hann sé sammála. „Ég er í öðrum bekk,“ upplýsir hann.

Hvað voruð þið að gera?
Rama: „Ég var að leika úti með vinum mínum og líka læra um náttúru og á morgun verður enska. Í gær vorum við úti að leika í skotbolta.

Frá hvaða landi komuð þið til Íslands?
Rama: Við komum frá Írak til Íslands árið 2016.

Munið þið eftir því þegar þið áttuð heima í Írak?
Rama: Já, ég man eftir því og ég er líka búin að fara þangað í heimsókn.

Eigið þið ömmur og afa úti í Írak?
Rama: Já, margar ömmur og marga afa.

Skrifa þau ykkur stundum kort eða bréf?
Rama: Nei, bara í símanum.

Þið eruð dugleg að læra íslensku, er ekki talað annað tungumál heima hjá ykkur?
Rama: Jú, við tölum ensku og arabísku heima og pínulítið íslensku.

Eigið þið íslenska vini?
Rama: Já, ég á nokkra vini, það eru Rósa og Tekla, Matthildur, Elísabet, Soffía og Thia. Þær eru allar í Háteigsskóla. Það er gaman að tala við þær og leika.

Hvað heitir besti vinur þinn, Raman?
Raman: Þeir eru tveir, Ísak og Máni.

Hvaða matur er í uppáhaldi hjá ykkur?
Rama: Spagettí.
Raman: Minn besti matur heitir dolma, það er arabískur matur, grænmeti með hrísgrjónum, kjöti og góðu kryddi.“

Hafið þið eitthvað ferðast um Ísland í sumar?
Rama: Já, ég sá Vík og ég sá Selfoss, líka Keflavík og svo Akureyri.
Raman: Mér finnst best að sofa í bílnum. (Hann er líka augljóslega orðinn þreyttur núna og langar að fara að hvíla sig eftir skóladaginn).

Lestrarhestur vikunnar Huginn Róbertsson Flóvenz

Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar, Huginn?
Mér finnast ofurhetjubækur skemmtilegastar en Spiderman er uppáhalds ofurhetjan mín.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?/Hvaða bók var síðast lesin fyrir þig? Skúli skelfir, í bókinni stalst hann til að horfa á hryllingsmynd. Það hef ég aldrei gert.

Hvaða bók ætlarðu að lesa næst? Ætli ég lesi ekki næst þessa bók sem ég var að vinna.

Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún? Kannski myndi ég skrifa sögu um skólann en ég er byrjaður í 2. bekk.

Ef þú mættir velja þér persónu úr bók til að ferðast um Ísland með, hver væri hún? Ég myndi velja að ferðast með ofurhetju, en veit ekki alveg hvaða ofurhetju samt.

Hvernig munduð þið ferðast?
Við mundum ferðast í bíl.



Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Það er bók um Skósveinana.

Ferðu oft á bókasafnið? Ég hef komið hingað pínu oft.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Við pabbi förum oft í hjólatúra, stundum mjög langt.

Í hvaða leikskóla/skóla ertu?
Laugarnesskóla.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Bókabeitan efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

Lausn á gátunni
Músin er 2. ugla er 5 og þvottabjörninn 8


30
ÁRA
2018
Flísabúðin
Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum
Finndu okkur
á facebook
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C | 2	8 °C | 7	11 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
12 °C | 3	13 °C | 6	7 °C | 2

Sunnan 3-8 síðdegis, skýjað að mestu og úrkomulítið, en dálítil rigning suðvestanlands í kvöld. Hiti 8 til 16 stig að deginum, hlýjast á Suðausturlandi.


	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	13 °C | 7	14 °C | 5	13 °C | 2	13 °C | 2	11 °C | 6
Ísafjörður	10 °C | 4	11 °C | 2	6 °C | 2	7 °C | 3	4 °C | 6
Akureyri	14 °C | 4	11 °C | 1	13 °C | 2	11 °C | 1	7 °C | 3
Egilsstaðir	13 °C | 2	12 °C | 5	14 °C | 3	11 °C | 2	8 °C | 5
Kirkjubæjarklaustur	11 °C | 5	11 °C | 5	10 °C | 3	10 °C | 3	13 °C | 3
Hveravellir	7 °C | 11	10 °C | 7	9 °C | 4	9 °C | 1	5 °C | 8

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



THE FA
COMMUNITY
SHIELD



Arsenal

SAMFÉLAGSSKJÖLDURINN

LAUGARDAG 15:15

YOU'LL NEVER WALK ALONE
LIVERPOOL
FOOTBALL CLUB
EST·1892

SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



Stephen Lárus, Fjölskylda og vinir, olía, 2018–2019.

Ekki allt sem sýnist

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar um sýninguna Allt sem sýnist – Raunveruleiki á striga á Kjarvalsstöðum.

Sennilega er það lýsandi fyrir svokallaða „myndlistarumræðu“ á Íslandi um þessar mundir, að vilji menn leggja eitthvað af mörkum til hennar, verða þeir sjálfir að panta sér pláss á síðum dagblaðanna með góðum fyrirvara, þar sem þeir keppa um athygli lesenda við þá sem vilja kvarta undan óstjórn fiskiveiða, samgöngumálum eða framgöngu embættismanna. Langt er liðið síðan íslensk dagblöð töldu sér skylt að halda úti reglulegri umræðu um myndlist á sérstökum menningarsíðum. Eins og þau raunar gera enn þegar bókmenntir, sígild tónlist og leikhús eiga í hlut. Enginn skilur hvers vegna myndlistin er svo kirfilega afskipt að jafnvel fréttatilkynningar um sýningar fást ekki birtar á síðum dagblaðanna nema með eftirgangsmunum.

Það verður líka að teljast sérkennilegt að þrír helstu hagsmunaaðilar á vettvangi myndlistar, listamennirnir, sem væntanlega þarfnast þeirrar athygli og aðhalds sem upplýst myndlistarumfjöllun tryggir þeim, gagnrýnendur/listfræðingar, sem hafa bæði atvinnu af umfjölluninni og skyldum að gegna við myndlistarsöguna, og söfnin, helsti vettvangur sýningarstarfseminnar, hafa ekki þrýst á um ábyrgari afstöðu bæði prent- og skjámiðla til myndlistarinnar í landinu. Einhverjir fjölmiðlanna fría sig væntanlega sök með tilvísan í strjál viðtöl þeirra við listamenn. Og ekki skal vanmetin viðleitni örfárra aðila á borð við Einar Fal Ingólfsson á Morgunblaðinu til að fylla upp í ofangreint ginnungagap með ítarlegum viðtölum. En viðtöl koma ekki í staðinn fyrir rýmið þar sem myndlist, gömul og ný, mætir vökulli og sundurgreinandi vitund myndlistargagnrýnandans, sem leitast við að svara því erindi sem myndlistarmaðurinn á við okkur. Að svara honum ekki er raunar lítilsvirðing við hann.

Ekki er heldur mikið að græða á upplýsingagjöf safnanna um þær sýningar sem þau standa fyrir. Aðeins í örfáum tilfellum fylgja þessum sýningum einhvers konar álitsgerðir eða heimildavinna í formi bóka eða bæklinga. Yfirleitt eru látin nægja örfá aðfaraorð í tvíblöðungi uppi á vegg, jafnvel þar sem um er að ræða stórar og og að því er virðist stefnumarkandi yfirlitssýningar. Að þeim loknum erum við litlu vísari um viðfangsefnið en við vorum fyrir. Og þeir sem vilja gaumgæfa það á nýjan leik í framtíð verða að byrja á núllpukti rannsókna. Leiðsagnir lærðra og leikmanna breyta þar engu um, eiga meira skylt við afþreyingu en upplýsingagjöf.



Louisa Matthíasdóttir, Uppstilling með aspas, 1973.

EINS OG Í LISTASÖGUNNI MIKLU FRÁ 2011, ÞÁ ERU ÞAÐ LISTAKONUR, LIFANDI OG LÁTNAR, SEM FARA VERST ÚT ÚR ÞESSARI VANRÆKSLU.

Framtíðin og sagan

Því eru það ekki síst íslensk söfn og stærri gallerí sem þarfnast þess aðhalds myndlistargagnrýnenda sem nefnt er hér að framan. Þegar meira máli skiptir að drífa upp sýningar með lágmarks undirbúningi en að gera grein fyrir þeim á faglegan hátt, og sinna þannig skyldum safnsins við myndlistarsöguna, þegar undirbúningur sýninga er klárlega ónógur eða óskilvirkur, þannig að fjöldi listamanna verður útundan að ósekju, og þegar vanræktur myndlistararfurinn víkur ítrekað fyrir nýjabrumi með lítt skilgreindu erindi við okkur, þá er vandséð hver á að benda á þessa annmarka nema sjálfstætt starfandi myndlistargagnrýnendur.

Sérstaklega ber að taka með fyrirvörum staðhæfingar safnamanna um að þau séu með einhverju móti að „skrifa söguna“ með sýningum sínum. Það gefur auga leið, að það er ekki nútíðin heldur framtíðin sem „skrifar söguna“.

Fjarvera listamanna

Tilefni þessa pistils er öðru fremur sýning Listasafns Reykjavíkur, „Allt sem sýnist“, en hún gefur sig út fyrir að vera sögulegt yfirlit yfir íslenska málaralist með raunsæju sniði frá síðustu fimmtíu árum. Hér er ekki ætlunin að benda á augljósa ágalla á framsetningu verkanna á sýningunni, fátæklega álitsgerð sem henni fylgir, ofhlæði í upphengi og umdeilanlegt val á verkum (teikningar Guðjóns Ketilsonar, eins ágætar og þær eru, virðast tæplega eiga heima á málverkasýningu), heldur fullkomlega óskiljanlega fjarveru nokkurra listamanna sem klárlega eiga heima á sýningunni út frá sömu, ef ekki augljósari, forsendum og flestir þeir sem fyrir eru. Þessir fjarstöddu listamenn gera meira en það, því þeir bregða upp fyllri og fjölbreyttari mynd af raunsæistilburðum íslenskra listamanna á því tímabili sem hér um ræðir. Yfirstandandi sýning gerir því minna úr hlutverki raunsærra listamanna í myndlistarsögu okkar en efni standa til. Ekki getur það verið tilgangurinn með henni.

